

Háskólinn á Akureyri
Félagsvísinda- og lagadeild
Vor 2008

Erfðaskrár og möguleikar þeirra

Júlí Ósk Antonsdóttir
Lokaverkefni í félagsvísinda- og lagadeild

Háskólinn á Akureyri
Félagsvísinda- og lagadeild
Harpa Ævarsdóttir

Erfðaskrár og möguleikar þeirra

Júlí Ósk Antonsdóttir
Lokaverkefni til 60 eininga M.L. prófs í félagsvísinda- og lagadeild

Yfirlýsingar:

a) Ég lýsi því hér með yfir að ég ein er höfundur þessa verkefnis og að það er ágóði eigin rannsókna.

Júlí Ósk Antonsdóttir

b) Það staðfestist hér með að lokaverkefni þetta fullnægir að mínum dómi kröfum til M.L.-prófs í félagsvísinda- og lagadeild.

Harpa Ævarsdóttir

Útdráttur

Ritgerð þessi fjallar um erfðaskrár í íslenskum erfðarétti. Farið verður lauslega í gegnum þær reglur sem almennt gilda um arfsskipti, hvað erfðaskrá er og hvað felst í slíkum gerningi, hver tilgangur þeirra er og hverjir geta gert erfðaskrá. Þá verður farið nokkuð ítarlega í gegnum formreglur erfðaskráa, en strangar formreglur gilda um gerð erfðaskráa til að tryggja gildi þeirra, þar sem þær koma ekki til framkvæmdar fyrr en að höfundu þeirra látnum.

Meginumfjöllunarefni ritgerðarinnar er þó þeir möguleikar sem erfðaskrár hafa upp á að bjóða, fjallað verður um helstu og eflaust algengustu möguleikana. Einnig verður fjallað um þær takmarkanir sem eru á heimild manna til að ráðstafa arfi eftir sig, eftir eigin höfði. Einnig verður farið í það hvernig hægt er að breyta eða bæta við áður gerðar erfðaskrár og einnig með hvaða hætti erfðaskrár eða einstök ákvæði þeirra verða afturkölluð.

Fjallað verður um niðurstöður smávægilegrar rannsóknar á erfðaskráum er höfundur gerði við undirbúning ritgerðarinnar. Rannsóknin sneri aðallega að því að kanna efni erfðaskráa og tiltekin atriði varðandi arfleifendur, sem og tíðni erfðaskráa. Svo verður gerð tillaga að breytingum á erfðalöggjöfni sem snúa að erfðaskráum og möguleikum þeirra.

Abstract

This essay is about wills in the Icelandic law of succession. The general rules of heirship will be vaguely discussed, what a will is will be explained and what such act includes, what its purpose is and who can make a will. Then the rules that apply to the form of wills will be thoroughly illuminated but strict rules apply to their making to secure their effect wherein it will not come in to effect until its author is deceased.

The main coverage of this essay is though the possibilities that the making of a will has to offer, the primary and perhaps the most common possibilities of wills will be covered. The restrictions of people's freedom to allocate their heritage, by their own will, will also be discussed. As will the possibilities to change or supplement to a previously made will and how a will or certain parts of it will be revoked.

Then findings of a small research, that the author did on wills, in the preparation of this essay, will also be set forth. The main object of the research was to examine the contents of wills and certain things about the testates, and also the frequency of wills. Then a proposition to change the part of the Icelandic law of succession that is about wills and the possibilities that they have to offer, will be set forth.

Efnisyfirlit

INNGANGUR	3
I. ERFÐIR ALMENNT	4
II. HVAÐ ER ERFÐASKRÁ?	5
III. ARFLEIÐSLUHÆFI - HVERJIR GETA GERT ERFÐASKRÁ?	7
IV. FORMREGLUR ERFÐASKRÁA	9
B. FORM ERFÐASKRÁA	9
1. <i>Bréfun erfðaskrár</i>	10
2. <i>Munnlegar erfðaskrár</i>	11
C. VOTTUN ERFÐASKRÁA.....	12
1. <i>Votthæfi</i>	13
a. Almennt votthæfi.....	13
b. Sérstakt votthæfi.....	13
i. Tengsl arfleiðsluvotta við arfleifanda	13
ii. Tengsl arfleiðsluvotta við bréferfingja	14
c. Hæfi notarius publicus	15
d. Mat á votthæfi	15
i. Réttaráhrif vanhæfis	15
2. <i>Arfleiðsluvottorð</i>	16
V. TILGANGUR ERFÐASKRÁA	22
VI. MÖGULEIKAR ERFÐASKRÁA	24
A. RÁÐSTÖFUN BRÉFARFS	24
1. <i>Staða hjúskaparmaka bætt</i>	25
2. <i>Staða sambýlismaka bætt</i>	29
3. <i>Staða föstur- eða stjúpbarna bætt</i>	31
4. <i>Ýmsir aðrir möguleikar</i>	32
5. <i>Ráðstöfun tilgreindra muna</i>	33
B. KVAÐIR Á ARF	34
1. <i>Kvaðir sem leggja má á skylduarfi</i>	36
a. Arfur lýtur reglum um fé ófjarráða	36
b. Erfingi fær arfinn í áföngum	37
c. Kvaðir á ráðstöfun arfs.....	37
2. <i>Arfur gerður að séreign erfingja</i>	37
3. <i>Arfur undanþeginn aðför skuldheimtumanna</i>	38
4. <i>Erfingi þarf að uppfylla ákveðin skilyrði til arftöku</i>	39
5. <i>Kvaðir varðandi ráðstöfun arfs</i>	39
C. ENDURVEITING ERFÐARÉTTAR	42
D. FYRIRMÆLI UM BÚSKIPTI	42
E. TILNEFNING RÉTTHAFA VÁTRYGGINGAR.....	43

F.	FYRIRMÆLI UM FRAMKVÆMD HÖFUNDARRÉTTAR	43
VII.	TAKMARKANIR ERFÐASKRÁA.....	44
A.	ÁKVÆÐI ANDSTÆÐ LÖGUM OG/EDA ALMENNU VELSÆMI	44
B.	SPILLING EDA EYÐILEGGING EIGNA	45
VIII.	BREYTING OG AFTURKÖLLUN ERFÐASKRÁA	48
A.	BREYTINGAR OG VIÐAUKAR VIÐ ERFÐASKRÁR.....	49
B.	AFTURKÖLLUN ERFÐASKRÁR.....	50
C.	HÖMLUR Á BREYTINGU EDA AFTURKÖLLUN ERFÐASKRÁR.....	52
1.	<i>Sameiginlegar og gagnkvæmar erfðaskrár</i>	53
2.	<i>Erfðasamningar</i>	53
IX.	ÓGILDING ERFÐASKRÁA.....	54
A.	FORMGALLI	54
B.	VANHÆFI ARFLEIFANDA	55
C.	EFNISÁGALLI ERFÐASKRÁA.....	56
1.	<i>Nauðung</i>	56
2.	<i>Svik</i>	57
3.	<i>Misneyting</i>	57
4.	<i>Mistök eða villa</i>	58
5.	<i>Forsendubrestur</i>	58
a.	Rangar forsendur	58
b.	Brostnar forsendur	59
6.	<i>Aðrar ástæður fyrir ógildi eða markleysu erfðaskrár</i>	60
7.	<i>Véfanging erfðaskráa</i>	60
X.	RANNSÓKN Á ERFÐASKRÁM.....	61
A.	TÍÐNI ERFÐASKRÁA.....	61
B.	ATRÍÐI VARÐANDI ARFLEIFENDUR	62
1.	<i>Aldur arfleifenda</i>	63
2.	<i>Kyn arfleifenda</i>	64
3.	<i>Staða arfleifenda</i>	64
C.	Efni erfðaskráa.....	65
D.	Niðurstaða	70
XI.	MÖGULEGAR BREYTINGAR Á ERFÐALÖGGJÖFINNI.....	72
A.	AUKIN RÁÐSTÖFUNARHEIMILD	73
B.	BETRI RÉTTUR SAMBÝLISMAKA.....	75
C.	ANNAÐ.....	76
	LOKAORÐ.....	79
	HEIMILDASKRÁ	80
	DÓMASKRÁ.....	82
	LAGASKRÁ.....	83

Inngangur

Í þessari ritgerð verður fjallað um erfðaskrár, þ.e. hvað erfðaskrá er og hvað felst í slíkum löggerningi. Farið verður í gegnum þær reglur sem gilda um erfðaskrár og það hvers þarf að gæta við gerð þeirra. Strangar reglur gilda um hæfi arfleifanda, form erfðaskráa, vottun þeirra, hæfi votta og þau atriði er fram skulu koma í arfleiðsluvottorði. Þessar reglur eru settar til að tryggja gildi erfðaskráa betur því ef þessum reglum er fylgt eftir eru minni líkur á því að erfðaskrá verði véfengd og síðan ógild með dómi.

Meginumfjöllunarefni þessarar ritgerðar eru þó þeir möguleikar, sem felast í gerð erfðaskrár, en þeir eru fjölmargir og eflaust mun fleiri en margir gera sér grein fyrir. Ekki verður þó gerð tæmandi talning á öllum þeim möguleikum sem í erfðaskrárgerð felast, heldur verður einungis fjallað um helstu og eflaust algengustu möguleikana. Marga af möguleikum erfðaskráa er að finna í hinum ýmsu lagaákvæðum, en aðrir fara í raun eftir hugmyndaflugi hvers og eins því menn hafa nokkuð frelsi við ráðstöfun eigna sinna með erfðaskrá.

Einnig verður fjallað um þann kost erfðaskráa að mögulegt er að breyta þeim eða afturkalla og er arfleifandi því að jafnaði ekki bundinn við efni þeirra ef vilji hans breytist eftir gerð erfðaskrár. Þá verður fjallað um ógildingu erfðaskrár og hvað ber að varast til að tryggja gildi erfðaskrár sem best.

Einnig verður tæpt á því til hvers fólk virðist gera erfðaskrá. Í þeirri umfjöllun verður byggt á rannsókn höfundar á erfðaskráum í vörslu Sýslumannsins á Akureyri frá árinu 1978 til og með árinu 2007. Að lokum verður fjallað um mögulegar breytingar á erfðalöggjöfinni, þar sem erfðalöggjöfin okkar er frá 1962 og hefur ekki sætt miklum breytingum síðan þá. Erfðalöggjöfin hefur reyndar staðist tímans tönn nokkuð vel en það er þó ýmislegt sem mætti bæta því lengi getur gott batnað.

I. Erfðir almennt

Um erfðir gilda erfðalög nr. 8/1962 (el.), ásamt síðari breytingum. Í fræðikerfi lögfræðinnar er erfðarétturinn staðsettur undir einkamálarétti sem er annar stofn ríkisbundinna réttarreglna. Erfðarétturinn greinist svo í tvo stofna: lögerfðir og bréferfðir sem eru jafngildar að íslenskum lögum, en þó með þeim takmörkunum sem lög kveða á um.¹ Lögerfingjar eru þeir sem taka arf samkvæmt lögum en ekki samkvæmt löggerningi. Lögerfðir eru byggðar á lögum og tengslum erfingja við hinn látna. Skylduerfingjar, þ.e. maki og niðjar hins látna, bæði skilgetnir og óskilgetnir eru innan hóps lögerfingja.² Bréfarfur byggist á löggerningi, þ.e. arfsheimild erfingja byggist á viljayfirlýsingu arfleifanda.³ Í íslenskum erfðarétti getur bréfarfur haft tvenns konar merkingu. Annars vegar ráðstöfun arfs með erfðaskrá og hins vegar ráðstöfun arfs eftir lát manns með viljayfirlýsingu, þ.e. einkum dánargjöf, auk erfðaskrár. Bréferfðir er þó ekki alltaf réttnefni, þar sem það nær einnig til munnlegrar arfleifðslu, sbr. 44. gr. el., sem er líkt og heitið ber með sér munnleg en ekki bréfleg.⁴

Þegar um bréfarf er að ræða, byggist arfurinn ekki á ættartengslum, líkt og þegar um lögarf er að ræða (að því undanskyldu þegar engir lögerfingjar eru til staðar og Erfðafjárjóður tekur arf í þeirra stað, sbr. 1. mgr. 55. gr. el.). Þá getur arfleifandi gert hvern sem er að erfingja sínum. Bréferfingi þarf ekki endilega að vera einstaklingur, heldur getur það verið tiltekin stofnun eða sjóður.⁵ Þess ber þó að geta að ef arfleifandi á skylduerfingja er honum einungis heimilt að ráðstafa þriðjungi eigna sinna með erfðaskrá, sbr. 35. gr. el, því skylduerfingjar eiga alltaf rétt á a.m.k. tveimur þriðju arfs eftir hinn látna jafnvel þó það stríði á móti erfðaskrá arfleifanda.⁶ Eigi arfleifandi enga skylduerfingja er honum aftur á móti heimilt að ráðstafa öllum eignum sínum með erfðaskrá. Jafnvel þó lögerfingjar séu til staðar, því það eru einungis skylduerfingjar sem ekki er hægt að gera arflausa.⁷

¹ Páll Sigurðsson, *Erfðaréttur*, 2007: bls. 24, 179-180

² Þórir Örn Árnason, *Samningar og skjöl*, 1995: bls. 207

³ Björn Þ. Guðmundsson, *Lögbókin þín*, 1989: bls. 59

⁴ Páll Sigurðsson, *Erfðaréttur*, 2007: bls. 179

⁵ Gunnar G. Schram, *Lögfræðihandbókin*, 1974: bls. 114

⁶ Björn Þ. Guðmundsson, *Formálabókin þín*, 1975: bls. 55

⁷ Þórir Örn Árnason, *Samningar og skjöl*, 1995: bls. 207

II. Hvað er erfðaskrá?

Hugtakið erfðaskrá má nota bæði í efnismerkingu og formmerkingu því erfðaskrá getur annars vegar átt við skjal sem hefur að geyma erfðaskrá og hins vegar efnisinntak þess. Hugtakið erfðaskrá er þó að jafnaði fremur notað yfir efnisinntak löggerningsins, þar sem það skiptir í raun ekki máli hvað löggerningurinn nefnist, heldur er það inntak hans, sem skiptir meginmáli. Þannig að engu skiptir hvort talað sé um að gefa, ánafna eða afsala í stað arfleiða. Því ef gerningur hefur að geyma efnislega ráðstöfun á eftirlátnum eigum geranda og er einhliða (nema um sé að ræða sameiginlega eða gagnkvæma erfðaskrá), þá er hann talinn fela í sér arfleifslu og flokkast því sem erfðaskrá.⁸

Um erfðaskrár er fjallað í VI. kafla erfðalaganna. Erfðaskrá er almennt einhliða, persónulegur, formbundinn og afturtækur löggerningur sem kveður á um ráðstöfun eigna manns sem ætlast er til að komi fyrst til framkvæmda að honum látnum.⁹

Erfðaskrá er löggerningur þar sem um er að ræða viljayfirlýsingu sem er ætlað að stofna rétt, breyta rétti eða fella niður rétt. Erfðaskrá stofnar erfðarétt fyrir þann sem hlýtur arf samkvæmt henni, sá réttur verður þó ekki virkur fyrr en eftir lát arfleifanda. Því fram að því getur arfleifandi breytt henni eða afturkallað hana hvenær sem er nema hann hafi skuldbundið sig til annars.

Erfðaskrá getur breytt erfðarétti lögerfingja þar sem arfshlutur lögerfingja skerðist að því sem nemur þeim arfi sem ráðstafað er sérstaklega með erfðaskrá. Það ber þó að athuga að ef skylduerfingjum er fyrir að fara er óheimilt skv. lögum að skerða hlut þeirra um meira en sem nemur þriðjungi af eignum búsins, sbr. 35. gr. el. Hlut annarra erfingja er hægt að skerða meir og jafnvel fella hann alveg niður með gerð erfðaskrár.¹⁰

Erfðaskrá er einhliða að því leyti að arfleifandi stendur einn að gerð hennar og ekki þarf samþykki annarra fyrir gerð hennar nema um sé að ræða sameiginlega eða gagnkvæma erfðaskrá en þar standa arfleifendur sameiginlega að gerð erfðaskrárinnar.¹¹ Erfðaskrá er frábrugðin öðrum löggerningum að því leyti að hún þarf ekki að vera komin til vitundar löggerningsmóttakanda til að öðlast gildi heldur verður hún almennt gild fyrir einhliða undirritun eða viðurkenningu arfleifanda eða arfleifenda sé um sameiginlega eða gagnkvæma erfðaskrá að ræða.

⁸ Ármann Snævarr, *Erfðaréttur*, 1991: bls. 218

⁹ Björn Þ Guðmundsson, *Lögbókin þín*, 1989: bls. 108

¹⁰ Páll Sigurðsson, *Erfðaréttur*, 2007: bls. 180

¹¹ Björn Þ Guðmundsson, *Lögbókin þín*, 1989: bls. 108

Erfðaskrá er persónuleg því að arfleifandi verður að standa persónulega að gerð hennar. Það er því ekki hægt að gera erfðaskrá í skjóli umboðs frá arfleifanda, arfleifandi getur þó handsalað öðrum aðila undirritun erfðaskrárinnar, sbr. **H 1935:230**.

H 1935:230 K, sem var öldruð kona, kvaddi forsætisráðherra og skrifstofustjóra í stjórnarráðinu til að vera votta að erfðaskrá er hún gerði árið 1925. Hún lýsti arfleiðsluvilja sínum fyrir þeim, sem forsætisráðherrann ritaði á skjal, síðan var efni erfðaskrárinnar lesið fyrir hana og síðan rituðu báðir mennirnir á skjalið sem vottar. K, sem var ekki skrifandi handsalaði svo forsætisráðherranum að rita nafn hennar undir gerninginn og var skrifstofustjórinn vitni að því. Gildi erfðaskrárinnar var svo staðfest fyrir dómi, en arfleiðsluhæfi K hafði verið véfengt.

Erfðaskrá er formbundinn löggerningur, þar sem ströng formskilyrði eru fyrir gildi erfðaskráa en þau skilyrði er að finna í 40.- 44. gr. el., en nánar verður vikið að þeim í kafla IV.

Þrátt fyrir að erfðaskrár skuli bera með sér endanlegan vilja arfleifanda um ráðstöfun eigna sinna eftir sinn dag þá eru þær almennt afturtækar. Ólíkt gjafagerningum sem verða bindandi þegar gjafaloforð er komið til vitundar gjafþega. Erfðaskrá verður aftur á móti ekki bindandi fyrr en við andlát arfleifanda, þar sem hann getur hvenær sem er afturkallað hana, jafnvel þó hann hafi greint væntanlegum bréferfingja frá henni.¹²

Erfðaskrár geta þó verið óafturtækar ef arfleifandi hefur skuldbundið sig til að taka ekki aftur erfðaskrá sína, með þar tilgerðri yfirlýsingu um að hann hlíti gerðri erfðaskrá og taki hana ekki aftur, slíkt er þó fremur sjaldgæft hér á landi.¹³ Afturköllun þarf ekki að vera í sérstöku formi, líkt og erfðaskráin sjálf, heldur nægir að arfleifandi láti ótvírætt í ljós vilja sinn til afturköllunar, sbr. 2. mgr. 48. gr. el.¹⁴ Afturköllun á sameiginlegum eða gagnkvæmum erfðaskráum er þó aðeins gild, ef hún er gerð hinum aðilanum eða aðilunum kunn, nema slíkt sé ekki mögulegt vegna sérstakra ástæðna.¹⁵

Til að skjal geti með réttu kallast erfðaskrá í lögfræðilegri merkingu verða allir þættir áðurgreindrar skilgreiningar að vera fyrir hendi.¹⁶

¹² Páll Sigurðsson, *Erfðaréttur*, 2007: bls. 180-181

¹³ Ármann Snævarr, *Erfðaréttur*, 1991: bls. 220

¹⁴ Nánar verður vikið að afturköllun erfðaskráa í VIII. kafla.

¹⁵ Björn Þ Guðmundsson, *Lögbókin þín*, 1989: bls. 108

¹⁶ Páll Sigurðsson, *Erfðaréttur*, 2007: bls. 181

III. Arfleiðsluhæfi - Hverjir geta gert erfðaskrá?

Arfleiðsluhæfi er gerhæfi á sviði erfðaréttar og lýtur að því hvaða persónulegu kostum menn verða að vera búnir til að geta gert erfðaskrá svo gilt sé að lögum.¹⁷ Samkvæmt 1. mgr. 34. gr. el. getur hver sá sem er orðinn fullra 18 ára eða hefur stofnað til hjúskapar ráðstafað eignum sínum með erfðaskrá. Í 2. mgr. 34. gr. segir svo að erfðaskrá verði aðeins gild ef sá sem gerir hana er svo heill heilsu andlega að hann sé fær um að gera slíka ráðstöfun á skynsamlegan hátt. Þetta er þó ekki svona einfalt í framkvæmd því þó svo að arfleifanda skorti mögulega arfleiðsluhæfi þá veldur það ekki tvímælalaus úgildi hennar heldur þarf að höfða véfengingarmál og fá erfðaskrána ógilta með dómi. Því með vottun erfðaskrár, er í raun verið að votta það að arfleifandi sé svo andlega heill að hann sé fær um slíka ráðstöfun, sbr. það sem fram kemur í arfleiðsluvottorði. Því þarf að bera álitafni um hæfi arfleifanda undir dómstóla. Þannig að erfðaskrá verður í raun ekki ógild vegna vanhæfis arfleifanda heldur einungis véfengjanleg. Í slíkum tilfellum er gildi erfðaskrár undir erfingjum komið því þeir geta annaðhvort samþykkt hana, þrátt fyrir annmarka, eða véfengt hana og farið fram á að hún verði ógilt með dómi.¹⁸

Lögræði eða fjárræði er ekki skilyrði fyrir arfleiðsluhæfi, ófjárráða menn eru því almennt taldir hæfir til að ráðstafa eignum sínum með erfðaskrá ef þeir hafa á annað borð aldur og andlega heilsu til að gera erfðaráðstöfun með skynsamlegum hætti.¹⁹

Við mat á arfleiðsluhæfi aðila er miðað við það tímamark er arfleifandi gerir erfðaskrá. Þannig að ef arfleifandi er svo andlega heilbrigður að hann geti tekið skynsamlega ákvörðun um ráðstöfun eigna sinna er hann gerir erfðaskrá þá verður hún talin gild. Jafnvel þó andleg heilsa arfleifanda hafi verið svo slæm, fyrir eða eftir gerð erfðaskrár, að hann hefði verið talinn skorta arfleiðsluhæfi, þá hefur það ekki áhrif svo lengi sem andleg heilsa hans er í góðu lagi á þeirri stundu er hann gerir erfðaskrána.

Ef arfleifanda skortir arfleiðsluhæfi er hann gerir erfðaskrá þá getur erfðaskráin þó öðlast gildi síðar, t.d. ef arfleifandi öðlast arfleiðsluhæfi síðar og „staðfestir“ þá erfðaskrána. Slík staðfesting verður þó að fara að formskilyrðum erfðaskráa. Einnig getur erfðaskrá öðlast gildi ef lögum um arfleiðsluhæfi er breytt á þann veg að arfleifandi hefði uppfyllt skilyrði arfleiðsluhæfis á þeim tíma er hann gerði erfðaskrána ef lögin hefðu verið í gildi er hann gerði hana, sbr. 2. mgr. 60. gr. el. Þetta telst til undantekninga því

¹⁷ Ármann Snævarr, *Erfðaréttur*, 1991: bls. 234

¹⁸ Páll Sigurðsson, *Erfðaréttur*, 2007: bls. 276-279

¹⁹ Ólafur Jóhannesson, *Lög og réttur*, 1975: bls. 136

meginstefna er að dæma arfleiðsluhæfi eftir þeim lögum sem í gildi eru þegar erfðaskrá er gerð, sbr. 1. mgr. 60. gr. el., þ.e. þegar erfðaskrá er undirrituð eða við hana kennst. Þannig að gildar erfðaskrár verða almennt ekki ógildar við breytingar á lögum. Til dæmis ef arfleiðslualdur yrði hækkaður, eða fellt yrði niður að menn yngri en 18 ára öðlist arfleiðsluhæfi er þeir stofna til hjúskapar, þá yrðu gildar erfðaskrár sem gerðar voru í tíð eldri laga ekki ógiltar af þessum sökum.²⁰

Þrátt fyrir að arfleifandi sé andlega vanheill þá getur hann talist hæfur til að gera erfðaskrá ef andlega heilsan er ekki svo slæm að hann sé fær um að gera erfðaskrá með skynsamlegum hætti. Því er oft litið til þess hvort arfleiðsluákvörðun arfleifanda sé skynsamleg þegar metið er hvort ógilda eigi erfðaskrá vegna vanhæfi arfleifanda, sbr. **H 1989:239**.

H 1989:239 E ráðstafaði öllum hlutabréfum sínum með erfðaskrá til bróður síns, B. Systir E og bróðurdóttir drógu arfleiðsluhæfi E í efa og véfengdu erfðaskrána. Ítarleg læknaögn lágu fyrir um heilsu E og sjúkrasögu. E hafði farið í heilaskurð-aðgerð þegar hún var 18 ára, en sú aðgerð og aðrar aðgerðir ásamt geislameðferð höfðu mikil áhrif á hana og þ.á.m. andlega getu hennar. Tveir sérfræðingar í geðlækningum gáfu álit sitt, en þeim bar ekki saman um hæfi E. Ráðstöfun E var talin eðlileg eða skynsamleg, þegar litið var til tengsla E við fyrirtæki fjölskyldunnar og var erfðaskráin því dæmd gild. Einn dómari dró hæfi E í efa og skilaði sératkvæði.

Þess ber þó að geta að aðeins er fjallað um andlega vanheilsu arfleifanda en ekki t.d. möguleg áhrif líkamlegrar vanheilsu á andlegt hæfi til gerðar erfðaskrár, sbr. **H 1969:469**.

H 1969:469 A ráðstafaði eigum sínum til fóstursystkina sinna, auk tiltekinna fjárhæðar til Málleysingjaskólans með erfðaskrá. Erfðaskráin var svo véfengd af lögerfingjum hans, vegna skorts á arfleiðsluhæfi. Arfleifandi var verulega heyrnar-skertur og stefnendur töldu hann hvorki læsan, né skrifandi, og því ekki hæfan til að gera erfðaskrá. Hæstiréttur mat erfðaskrána gilda þar sem sannað þótti af skýrslum málsins að arfleifandi hefði verið sæmilega viti borinn, athugull og ráðdeildarsamur og að þrátt fyrir að vera mjög heyrnardaufur þá hafi hann verið lítið eitt talandi og getað gert sig skiljanlegan þeim er umgengust hann, auk þess sem hann hafði töluverða æfingu í varalestri og kunni nokkuð í lestri og skrift. Einnig var litið til náins sambands arfleifanda við fóstursystkini sín og þess að arfleiðslugeringurinn yrði að teljast eðlilegur.

²⁰ Ármann Snævarr, *Erfðaréttur*, 1991: bls. 259-260

IV. Formreglur erfðaskráa

Samkvæmt íslenskum lögum eru löggerningar að jafnaði óformbundnir, þ.e. réttaráhrif þeirra og gildi er ekki bundið við ákveðið form. Því er þó öðruvísi farið með erfðaskrár þar sem erfðaskrá er þýðingarmikill löggerningur sem kemur ekki til framkvæmdar fyrr en höfundur hennar er látinn. Ólíkt öðrum löggerningum sem verða virkir eða koma til framkvæmda á meðan báðir eða allir aðilar eru á lífi. Því er mikilvægt að erfðaskrá sé formbundin þar sem ekki er hægt að leita til höfundar til að fá útskýringar á vafaatriðum.²¹

Hinar ströngu formreglur gætu þó fælt menn frá því að gera erfðaskrá vegna óhagræðis eða tafa við löggerningsgerðina sem óneitanlega geta fylgt þessum ströngu formaskilyrðum. Hins vegar þegar litið er til þess að menn gera almennt ekki erfðaskrá nema einu sinni á ævinni þá getur fyrirhöfnin verið réttlætunleg, sérstaklega í ljósi þess að hin ströngu formaskilyrði stuðla að því að menn vandi vel til verks og veita þau því ákveðið öryggi og tryggingu fyrir því að efni löggerningsins sé rétt og í samræmi við vilja arfleifanda, þar sem hann staðfestir hana með undirritun sinni og gengst þar með formlega við erfðaskránni. Hin ströngu formaskilyrði erfðaskráa gera véfengingu slíkra löggerninga einnig örðugri en ella því ef formaskilyrðunum er fylgt tryggja þau vissa sönnun fyrir því að rétt hafi verið staðið að gerð hennar.²²

B. Form erfðaskráa

Erfðaskrár eru formbundnir löggerningar líkt og fram hefur komið en um form þeirra gildir 40.–44. gr. el. Formreglur erfðaskráa eiga við um stofnerfðaskrá og einnig viðbætur og breytingar á erfðaskrá, sbr. 1. mgr. 48. gr. el., en ekki afturköllun á erfðaskrá, sbr. 2. mgr. 48. gr.²³

Ef ekki er farið að formreglum við gerð erfðaskrár getur það orðið til þess að hún verði dæmd ógild ef einhver hagsmunaaðila véfengir hana, sbr. **H 1976:197**.

H 1976:197 Hjónin M og K gerðu með sér sameiginlega og gagnkvæma erfðaskrá þar sem þau kváðu á um að hið langlífara skyldi erfa allar eignir hins skammlífara. Þau

²¹ Ólafur Jóhannesson, *Lög og réttur*, 1975: bls. 138

²² Páll Sigurðsson, *Erfðaréttur*, 2007: bls. 233-234

²³ Ármann Snævarr, *Erfðaréttur*, 1991: bls. 281

mæltu svo fyrir um að eftir lát beggja skyldi fóstursonurinn F erfa allar eigur þeirra, eftir því sem lög frekast leyfðu. Fram kom að við gerð erfðaskrárinnar hefðu þau rætt um að G skyldi einnig fá eitthvað í sinn hlut, en kváðu þó eigi um það í erfðaskránni. K verður svo skammlífari og M gerir nýja erfðaskrá þar sem hann arfleiðir F að 150.000 kr. og G að öllu öðru. Við lát M véfengdi F gildi erfðaskrár M þar sem hann taldi að M hefði verið óheimilt að ráðstafa eignum búsins gegn vilja K, sem var látin. G véfengdi aftur á móti hina sameiginlegu og gagnkvæmu erfðaskrá þar sem ekki hefði verið formlega frá henni gengið, þar sem annar votturinn að henni hefði ekki verið viðstaddur arfleiðsluna og þar að auki verið bróðir arfleifanda. Niðurstaða Hæstaréttar var sú að staðfesta bæri úrskurð skiptaréttar um að hin sameiginlega og gagnkvæma erfðaskrá væri ógild sökum formgalla.

Grunnregluna um form erfðaskráa er að finna í 1. mgr. 40. gr. el. en samkvæmt henni skal erfðaskrá vera skrifleg og arfleifandi undirrita hana eða kannast við undirritun sína fyrir *notarius publicus* eða tveimur vottum. Hinar greinarnar kveða svo nánar á um vottun, hæfi votta, efni arfleiðsluvottorð og undantekninguna frá því að erfðaskrá sé skrifleg.

1. Bréfun erfðaskrár

Helsta formskilyrði erfðaskráa er að þær séu skriflegar, sbr. 1. mgr. 40. gr. el., en hvergi er kveðið á um tiltekið form eða ytri mynd erfðaskráa. Ekki er t.d. gert að skilyrði að erfðaskrá sé á ákveðnum pappír, s.s. löggiltum skjalapappír. Í raun er ekki einu sinni skilyrði að erfðaskrá sé rituð á pappír þó svo að það sé langalgengast. Erfðaskrá getur verið í mörgum eintökum en frumritið skal þó vera fyrir hendi við skipti eigi hún að hafa áhrif. Þess má þó geta að endurrit af erfðaskrá úr *notarial* bók getur haft sama gildi og frumrit hennar.

Erfðaskrá skal vera auðkennd arfleifanda og bera með sér að hann hafi sjálfur gert hana og hún beri með sér persónulegan vilja hans.²⁴ Það er þó ekki skilyrði að arfleifandi hafi ritað hana sjálfur, sbr. **H 1969:469**.

H 1969:469 A fékk B, sem hann kannaðist við og treysti til að gera erfðaskrá fyrir sig. A sagði B hvernig hann vildi ráðstafa arfinum og B setti það upp í erfðaskrá. Erfðaskráin var svo véfengd, það var þó aðallega vegna meints vanhæfis arfleifanda til að gera erfðaskrá. Erfðaskráin var samt sem áður metin gild í Hæstarétti.

²⁴ Páll Sigurðsson, *Erfðaréttur*, 2007: bls. 234-235

Arfleifandi verður sjálfur að undirrita erfðaskrána eða kannast við undirritun sína fyrir *notarius publicus* eða tveimur vottum, sbr. 1. mgr. 40. gr. el.²⁵ Í 2. mgr. sömu greinar kemur svo fram að sé arfleifandi blindur eða ólæs þá megi lesa erfðaskrána skilmerkilega fyrir hann. Sé erfðaskrá lesin fyrir arfleifanda skal geta þess í vottorði með erfðaskrá að svo hafi verið gert og er þá meira lagt á vottana í slíkum tilvikum. Því þeir vottfesta ekki einungis að aðili sé andlega heill heldur einnig að erfðaskráin hafi verið rétt lesin fyrir aðila.

2. Munnlegar erfðaskrár

Erfðaskrá er að jafnaði skrifleg og vottfest yfirlýsing um það hvernig maður vill ráðstafa eignum sínum eftir sinn dag.²⁶ Erfðaskrár geta þó einnig verið munnlegar að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Samkvæmt 44. gr. el. má arfleiðsla fara fram munnlega ef maður verður skyndilega og hættulega sjúkur eða lendir í bráðri hættu og vill gera erfðaskrá. Arfleiðsla skal þá fara fram munnlega af hendi arfleifanda fyrir tveimur tilkvöddum vottum eða fyrir *notarius publicus* (lögþólkanda), skal efni hennar skrásett svo fljótt sem kostur er og staðfest með undirritun. Þetta skilyrði er eflaust sett þar sem hætta er á að vottar gleymi atriðum hinnar munnlegu erfðaskrár ef langur tími líður frá arfleiðslu til skrásetningar, auk þess getur ástæðulaus dráttur á skrásetningu valdið ógildingu munnlegrar erfðaskrár.

Þess er ekki getið sérstaklega hversu lengi vottar mega draga að skrásetja efni munnlegrar erfðaskrár en rétt mun vera að gera það innan sólarhrings ef engin sérstök atvik hindra það.²⁷ Þar sem atvik geta verið með ýmsum hætti er það í raun háð mati hverju sinni hvort skilyrðið hafi verið uppfyllt eða ekki.²⁸ Sjá t.d. **H 1987:1400**.

H 1987:1400 B var haldinn ólæknandi sjúkdómi í nokkurn tíma, hann versnaði svo skyndilega og gerði þá munnlega erfðaskrá. Viðstödd arfleiðsluna voru læknir og tveir hjúkrunarfræðingar. B féll frá stuttu síðar og upp risu deilur um gildi hinnar munnlegu erfðaskrár. Lögerfingjar B rengdu erfðaskrána vegna forms hennar, auk þess sem þeir véfengdu arfleiðsluhæfi arfleifanda og efni erfðaskrárinnar. Hæstiréttur staðfesti úrskurð skiptaréttar um að erfðaskráin væri gild. Því skilyrði 44. gr. el. voru talin hafa verið fyrir hendi, þar sem að heilsu B hrakaði svo snögglega. Þrír lækningar komu fyrir

²⁵ Ármann Snævarr, *Erfðaréttur*, 1991: bls. 285

²⁶ Gunnar G. Schram, *Lögfræðihandbókin*, 1974: bls. 122

²⁷ Ólafur Jóhannesson, *Lög og réttur*, 1975: bls. 139-140

²⁸ Páll Sigurðsson, *Erfðaréttur*, 2007: bls. 242

dóminn, sem sammæltust um að arfleiðsluhæfi B, hefði í engu verið ábótavant. Auk þess taldi dómurinn arfleiðsluna eðlilega og skynsamlega, miðað við allar aðstæður og taldi það ekki hafa komið að sök, þó arfleiðsluvottorðið hefði ekki verið skráð fyrir en 16 dögum eftir að arfleiðslan fór fram. Tekið var tillit til þess að annar hjúkrunarfræðingurinn skráði í vaktabók sína stuttu eftir að arfleiðslan fór fram að B hefði gert munnlega erfðaskrá og lækurinn skráði arfleiðsluna orðrétt í minnisbók sína daginn eftir.

Við gerð munnlegrar erfðaskrár skal einnig gæta að ákvæðum 40-43. gr. erfðalaganna um votthæfi og gerð arfleiðsluvottorðs eftir því sem við getur átt.²⁹ Munnleg erfðaskrá verður ógild, sbr. 44. gr. el., ef hún er ekki endurnýjuð af arfleifanda áður en 4 vikur eru liðnar frá því að arfleifanda var unnt að gera erfðaskrá með venjulegum hætti. Þannig að það gilda mjög strangar formreglur og skilyrði fyrir gerð munnlegrar erfðaskrár og þó skilyrði 44. gr. el. séu uppfyllt, þá getur erfðaskráin samt sem áður orðið ógild ef hún er véfengd.

C. Vottun erfðaskráa

Um vottun erfðaskráa gilda ákvæði 40-43. gr. el. Í 40. gr. kemur fram að erfðaskrá skuli vera vottuð en mögulegt er að láta votta erfðaskrá á tvo vegu, annars vegar af tveimur vottum og hins vegar af *notarius publicus* (lögþóki). 41. gr. fjallar um það hverjir eru hæfir til að votta erfðaskrá og 42. og 43. gr. fjalla um hvað skal koma fram í arfleiðsluvottorði.

Vottun er mikilvægur þáttur í formreglum erfðaskráa, en ef erfðaskrá er ekki vottuð, er gildi hennar háð samþykki eða viðurkenningu erfingja, sbr. **H 1959:681**.

H 1959:681 A hafði ritað arfleiðslu sína á skjal, er hann kallaði uppkast, það bar þó ekki með sér að það hefði verið undirritað í viðurvist votta, líkt og lög kveða á um. Tvö vitni komu þó fyrir dóm og báru að þau hefði séð A rita erfðaskrána og vottuðu um það að hann hefði verið heill heilsu og með fullu ráði og rænu. Skjalið var þó ekki metið gild erfðaskrá gegn andmælum lögerfingja, þar sem það uppfyllti ekki formreglur erfðaskráa.

²⁹ Ólafur Jóhannesson, *Lög og réttur*, 1975: bls. 140

1. Votthæfi

Vottar að erfðaskrár verða að uppfylla ákveðin skilyrði til að vottun þeirra sé metin gild það getur því ekki hver sem er vottað erfðaskrá samkvæmt 41. gr. el. Skilyrðin eru bæði almenn og sérstök og ef arfleiðsluvottar uppfylla ekki skilyrðin þá getur það varðað ógildingu erfðaskrár. Því er mikilvægt að þessi skilyrði séu uppfyllt til að tryggja gildi erfðaskrár sem best.

a. Almennt votthæfi

Almennu skilyrðin fyrir hæfi arfleiðsluvotta er að finna í 1. og 2. msl. 1. mgr. 41. gr. el. Þau eru að vottar skuli ekki vera yngri en 18 ára, og að þeir skuli jafnframt vera áreiðanlegir og hvorki geðveikir né andlega sljór.

Í greinargerð með frumvarpi að erfðalögunum kemur fram að þetta aldurstakmark hafi orðið fyrir valinu þar sem nauðsynlegt sé að vottar séu skilríkir og hafi öðlast nokkra lífsreynslu. Vottur verður einnig að vera áreiðanlegur og almennt trúverðugur og hæfur til að staðfesta vottorð sitt, ef til kemur. Ef vottur er geðveikur eða andlega sljór þá getur það dregið úr trúverðugleika hans og þar með dregið úr gildi erfðaskrár.³⁰

Ástæðan fyrir þessum ströngu reglum um votthæfi, er að yfirlýsing votta í arfleiðsluvottorði hefur ríkt sönnunargildi, sbr. 2. mgr. 46. gr. el.

b. Sérstakt votthæfi

Þó svo að vottur uppfylli hin almennu skilyrði um votthæfi, þá getur hann samt sem áður verið vanhæfur til að votta erfðaskrá ef hann uppfyllir ekki hin sérstöku skilyrði votthæfis. Vottur getur verið vanhæfur til að votta erfðaskrá vegna vissra sífjatengsla eða annarra hagsmunatengsla við arfleifanda, sbr. 1. og 2. mgr. 41. gr. el.³¹

i. Tengsl arfleiðsluvotta við arfleifanda

Tengsl arfleiðsluvotta við arfleifanda geta valdið vanhæfi þeirra, þrátt fyrir að vottarnir uppfylli að öðru leyti hæfisskilyrði arfleiðsluvotta. Því samkvæmt 1. mgr. 41. gr. el. skal hvorki kveða maka arfleifanda til að votta arfleiðslu hans né þá sem eru honum skyldir

³⁰ Ármann Snævarr, *Erfðaréttur*, 1991: bls. 288

³¹ Björn Þ Guðmundsson, *Lögbókin þín*, 1989: bls. 108

eða mægðir, að feðgatali eða niðja (faðir, móðir, afi, amma, börn, barnabörn) eða eru systkin hans, sbr. **H 1976:197**.³²

H 1976:197 Hjónin M og K gerðu með sér sameiginlega og gagnkvæma erfðaskrá. Erfðaskrá þessi var svo véfengd og ógilt með dómi, þar sem annar arfleiðsluvotturinn var ekki viðstaddur, þegar þau skrifuðu undir erfðaskrána og auk þess bróðir K.

Það má þó nefna að systkini maka arfleifanda, þ.e. mággar og mágkonur, yrðu hæfir vottar. Það er þó ekki æskilegt að kveða þau til sem votta vegna mögulegra hagsmunarárekstra þar sem maki þeirra, þ.e. systkin arfleifanda, getur verið erfingi arfleifanda og gætu því makar þeirra haft hagsmuna að gæta við erfðaskrá, t.d. ef verið er að auka eða draga úr erfðahluta systkinis og getur þetta því dregið úr gildi vottunarinnar. Jafnframt má geta þess að í 41. gr. el. er ekki nefnt að sambýlismaki, unnusti eða unnusta séu óhæfir vottar, en telja verður óráðlegt að kveða aðila, sem tengjast arfleifanda með þessum hætti, til vottaumsýslu.³³ Líklegt er að aðilar sem tengjast arfleifanda með þessum hætti, séu ekki nefndir sérstaklega í 41. gr. el. sem óhæfir vottar vegna þess að almennt standa þeir ekki til arfs eftir arfleifanda. Þessir aðilar eiga ekki lögerfðarétt eftir arfleifanda og verður erfðaréttur þeirra að byggjast á erfðaskrá og sé svo verða þeir vanhæfir til að votta arfleiðslu arfleifanda, sbr. 2. mgr. 41. gr. el.

ii. Tengsl arfleiðsluvotta við bréferfingja

Arfleiðsluvottar eru vanhæfir til að votta arfleiðslu ef þeir hafa persónulega hagsmuni af erfðaskrá. Það sama gildir ef vottur er í sifjatengslum, samkvæmt 1. mgr. 41. gr., við bréferfingja, eða ef aðili eða stofnun er hann vinnur fyrir hefur hagsmuna að gæta við erfðaskrá. Það er þó undantekning þar á því ef hagsmunir eru lítilvægir þá valda þeir ekki vanhæfi arfleiðsluvotts þrátt fyrir að vottur tengist bréferfingja með einhverjum áðurgreindum hætti. Það veldur heldur ekki vanhæfi votts að arfleifandi hafi skipað hann skiptastjóra yfir búi sínu, sbr. 2. mgr. 41. gr. el.

Þess má þó geta að menn geta ekki alltaf vitað hvort þeir séu óhæfir þar sem vottar vita oft ekki hvert efni erfðaskrár er og getur því verið ókunnugt um að þeim sé ætlaður arfur samkvæmt henni, eða þeim sé ókunnugt um sifjatengsl sín við bréferfingja. Þannig að reglurnar um votthæfi eru mjög strangar og mikil ábyrgð lögð á arfleifanda að gæta vel

³² Ólafur Jóhannesson, *Lög og réttur*, 1975: bls. 139

³³ Ármann Snævarr, *Erfðaréttur*, 1991: bls. 290

að hæfi votta. Hann er í raun sá eini sem veit hvert efni erfðaskrár er og er því í betri aðstöðu til að meta hvort vottarnir uppfylli hin sérstöku hæfisskilyrði.³⁴

c. Hæfi notarius publicus

Þegar *notarius publicus* vottar arfleiðslu, verður hann að gæta þess að hann sé hæfur til að votta arfleiðsluna. Um hæfi *notarius publicus* gilda reglur um hæfi dómara til meðferðar einkamáls í héraði, sbr. 3. mgr. 1. gr. laga nr. 86/1989 um lögbókandagerðir, en þar er vísað í almennar reglur um hæfi dómara til að fara með einkamál í héraði, eftir því sem við á.

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála þá er *notarius publicus*, t.d. vanhæfur ef hann er eða hefur verið maki aðila, skyldur eða mægður aðila í beinan legg eða að öðrum lið til hliðar eða tengdur aðila með sama hætti vegna ættleiðingar eða tengist einhverjum hagsmunaaðila með áðurgreindum hætti, einnig ef fyrir hendi eru aðrar aðstæður eða atvik sem eru fallin til þess að draga óhlutdrægni hans með réttu í efa.

d. Mat á votthæfi

Þegar vanhæfi arfleiðsluvotts er metið er miðað við það tímamark er arfleifandi undirritar eða kennist við erfðaskrá. Það hefur því ekki áhrif á gildi hennar þó vottur verði síðar geðveikur eða gangi í hjúskap með arfleifanda eða öðrum manni sem hefur hagsmuna að gæta við erfðaskrá. Það sama á við ef vottur gerist síðar starfsmaður aðila eða stofnunar sem arfleidd er í erfðaskrá. Það að vottur skilji við erfingja eða sitji ekki lengur í stjórn félags, sem hefur hagsmuna að gæta við erfðaskrá, eyðir þó ekki vanhæfi votts þar sem votturinn var vanhæfur er erfðaskráin var undirrituð.³⁵

i. Réttaráhrif vanhæfis

Ef erfðaskrárvottur er vanhæfur getur það valdið ógildingu erfðaskrár, ógilding er þó háð rengingu af hálfu erfingja sem dómstólar skera svo um. Komist dómstólar að þeirri niðurstöðu að vottur hafi verið vanhæfur þá veldur það ógildingu erfðaskrárinnar í heild en ekki eingöngu þess ákvæðis er olli vanhæfi vottsins. Það hefur heldur engin áhrif þó

³⁴ Ármann Snævarr, *Erfðaréttur*, 1991: bls. 293

³⁵ Ármann Snævarr, *Erfðaréttur*, 1991: bls. 292-293

votturinn afsali sér eða hafni þeim arfi sem honum bar samkvæmt erfðaskránni þar sem hvorki er uppfyllt það skilyrði að hæfur vottur hafi vottað arfleiðsluna né það tryggt að vottur hafi gengið hlutdrægnislaust úr skugga um þau atriði er honum ber að kanna samkvæmt erfðalögunum. Þannig að reglurnar um votthæfi eru mjög strangar.³⁶

2. Arfleiðsluvottorð

Arfleiðsluvottar skulu gefa út vottorð um arfleiðsluna, vottorðið er að jafnaði ritað á erfðaskrána sjálfa í beinu framhaldi af efni erfðaskrárinnar og undirritun arfleifanda. Ekki er þó formreglum fyrir að fara um þessa staðsetningu vottorðs þó svo að hún sé algengust. Arfleiðsluvottorðið getur raunar verið utan við erfðaskrána, eins og þegar erfðaskrár eru innsiglaðar þá er arfleiðsluvottorðið jafnan ritað utan á hið innsiglaða umslag sem inniheldur erfðaskrána.³⁷

Hafa skal í huga að ef erfðaskrá er á fleiri en einu blaði skal tiltaka hve margar blaðsíður erfðaskráin er. Skulu vottarnir setja stafi sína eða undirskrift á öll blöðin til að tryggja gildi erfðaskrárinnar svo óvægjanlegt sé að arfleifandi hafi undirritað eða kennt við erfðaskrána í heild í votta viðurvist. Ef svo er ekki gert geta erfingjar véfengt það að óundirrituð eða óvottfest blöð erfðaskrár hafi í raun tilheyrt erfðaskránni er hún var gerð og vottfest, sbr. **H 1999:30**.

H 1999:30 Hjón gerðu erfðaskrá, sem var rituð á tvö blöð, en einungis seinni síða hennar var undirrituð og vottuð og hvergi kom fram að erfðaskráin væri rituð á tvö blöð. Þessari málsástæðu var fyrst hreyft fyrir Hæstarétti og þá talin of seint fram komin og ekki tekin til greina. En af orðalagi Hæstaréttar má telja að ef þessi málsástæða hefði komið fram fyrr, þá hefði hún verið tekin til greina og jafnvel orðið til þess að erfðaskráin hefði verið ógilt með dómi.

Þessu til staðfestingar má benda á **H 1960:420**, hann var reyndar kveðinn upp fyrir gildistöku erfðalaganna nr. 8/1962 en telja má að hann haldi gildi sínu sem fordæmi þrátt fyrir það.

H 1960:420 S hafði gert erfðaskrá og var erfðaskrá þessi á þremur lausum blöðum, sem voru tölusett 1-3. Meginefni erfðaskrárinnar var á blöðum 1-2, en á blaði nr. 3 var undirritun S og tveggja votta. Erfðaskráin var því metin ógild, þar sem meginefni

³⁶ Ármann Snævarr, *Erfðaréttur*, 1991: bls. 293

³⁷ Ármann Snævarr, *Erfðaréttur*, 1991: bls. 301

hennar var ritað á tvö óundirritað og óvottfest laus blöð, auk þess sem vottun á þriðja blaðinu er eigi í samræmi við lög.

Um efni arfleiðsluvottorðs gilda ákvæði 42. gr. el. en samkvæmt þeirri grein þurfa ýmis atriði að koma fram í arfleiðsluvottorði. Arfleiðsluvottar skulu skv. 1. mgr. 42. gr. el. geta þess í vottorði sínu að arfleifandi hafi kvatt þá til til að votta arfleiðslu sína og að hann hafi undirritað erfðaskrá eða kannast við undirritun sína að þeim báðum viðstöddum. Einnig skal koma fram í vottorðinu að vottum sé kunnugt um að hinn vottfesti gerningur sé erfðaskrá, þeir þurfa þó ekkert að vita um innihald hennar. Skv. 2. mgr. 42. gr. el. skulu vottarnir einnig geta á um andlega heilsu arfleifanda, þ.e. hvort hann hafi verið svo heill heilsu andlega að hann hafi verið hæfur til þess að gera erfðaskrá og þar með uppfyllt hæfisskilyrði 2. mgr. 34. gr. el. Vottarnir skulu svo einnig geta annarra atriða er áhrif geta haft á mat á gildi erfðaskrár, eða þeir telja nauðsynlegt að komi fram. Vottarnir skulu svo undirrita vottorð sitt svo fljótt sem föng eru á, eftir að arfleifandi hefur kennt við erfðaskrána. Þeir skulu svo staðsetja og dagsetja vottorð sitt og greina þar nákvæmlega hvenær arfleifandi hafi undirritað erfðaskrána eða kennt við efni hennar. Þeir skulu svo tilgreina heimilisföng sín svo ekki verði um villst, sbr. 3. mgr. 42. gr. el.

Það er því margt sem vottarnir þurfa að tiltaka í arfleiðsluvottorðinu og mikilvægt að vottorðið sé vel unnið. Ef eitthvað vantar upp á eru líkur á að erfðaskráin verði véfengd sem getur í sumum tilfellum leitt til ógildingar hennar, sbr. **H 1996:1912**

H 1996:1912 K gerði erfðaskrá þar sem hún arfleiðir sonardóttur sína að risibúð, sem var innan þriðjungsheimildar 35. gr. el. Sonur K véfengdi erfðaskrána, þar sem arfleiðsluvottorð vantaði og formskilyrði 42. gr. því ekki uppfyllt. Erfðaskráin var ógilt í Hæstarétti, þar sem dómurinn taldi sönnun á arfleiðsluhæfi K ekki hafa tekist. Þrátt fyrir að arfleiðsluvottar hafi komið fyrir dóminn og vottað þar um andlega heilsu arfleifanda er erfðaskráin var gerð.

Ef eitthvað vantar upp á efni arfleiðsluvottorðs eða ef eitthvað er óljóst þá eru vottarnir oft kallaðir fyrir dóminn sem vitni og hafa þeir þá möguleika á að bæta úr annmörkum á arfleiðsluvottorði með vitnisburði fyrir dómi, líkt og gert var í **H 1996:1912**, sem er reifaður hér að ofan. Þar náðu vottarnir þó ekki að bæta úr annmörkum, þar sem arfleiðsluvottorð vantaði, en það hefur þó tekist betur í öðrum málum, t.d. **H 1969:469**.

H 1969:469 Arfleiðsluhæfi arfleifanda var dregið í efa og töldu aðilar að ekki hefði verið minnst á um andlega heilsu arfleifanda í arfleiðsluvottorði. Í vottorðinu kom þó fram að arfleifandi hafi gert skrána af „frjálsum og fúsum vilja og með fullu ráði“. Arfleiðsluvottarnir komu fyrir dóminn og báru á um samskipti þeirra við arfleifanda við vottunina, önnur vitni komu einnig fyrir dóminn og vottuðu að arfleifandi hefði verið andlega heill. Hæstiréttur féllst á að arfleifandi hefði verið hæfur til að gera erfðaskrá og mat hana gilda.

Sé erfðaskrá vottuð af *notarius publicus* skal, skv. 43. gr. el., geta sömu meginatriða og áður eru nefnd. Afrit af erfðaskránni er svo í vörslum lögbókanda og hefur það sama gildi og frumrit hennar, jafnvel þótt þess sé ekki sérstaklega getið í erfðaskránni.³⁸

Þau atriði sem ber að geta í arfleiðsluvottorði skv. 42. gr. el. geta þó verið mikilvæg því ef sum atriðin skortir getur það valdið því að erfðaskráin verður dæmd ógild, sbr. **H 1996:1912**. Á hinn bóginn teljast önnur ekki til ófrávíkjanlegra formskilyrða þannig að erfðaskrá heldur gildi sínu þrátt fyrir véfengingu þar sem þessi atriði skortir, sbr. **H 1989:1372**, **H 1993:1836**, **H 1999:30** og **H 542/2007** sem verða reifaðir síðar í kaflanum.

Undirritun arfleiðsluvotta er mikilvæg því vottarnir staðfesta að arfleifandi hafi undirritað eða kennt við undirritun sína í viðurvist þeirra og eru vottarnir í raun að staðfesta að erfðaskráin stafi frá réttum aðila, eða aðilum ef um sameiginlega eða gagnkvæma erfðaskrá er að ræða. Þeir staðsetja og dagsetja einnig hvenær arfleifandi kennist við erfðaskrána fyrir þeim. Dagsetning erfðaskrár getur verið mjög mikilvæg, t.d. ef arfleifandi skilur eftir sig fleiri en eina erfðaskrá þá skiptir máli að mögulegt sé að ganga úr skugga um hver þeirra sé yngst. Ef arfleifandi gerir margar erfðaskrár þá er það almennt sú yngsta sem er lögð til grundvallar skiptum. Dagsetning erfðaskrár getur einnig verið mjög mikilvæg þegar meta þarf hvort arfleifandi hafi verið svo heill heilsu andlega að hann hafi verið fær til að gera slíka ráðstöfun. Vanhæfi arfleifanda miðast við þann dag er erfðaskrá er undirrituð og er því mikilvægt að vita hvenær undirritun átti sér stað til að geta sýnt fram á að á þeirri stundu hafi arfleifandi verið svo heill heilsu andlega að hann hafi verið fær um slíkan gerning. Dagsetning erfðaskrár er þó ekki alltaf mikilvæg, sbr. **H 1993:1836**.

H 1993:1836 Erfðaskrá var véfengd af lögerfingja sökum formgalla, þar sem ekki kom fram í arfleiðsluvottorði, að arfleifandi hefði undirritað eða kannast við undirritun sína að báðum arfleiðsluvottum viðstöddum og vottorðið bar ekki með sér að vottarnir

³⁸ Björn Þ Guðmundsson, *Lögbókin þín*, 1989: bls. 109

hefðu verið kvaddir til af arfleifanda sjálfum. Auk þess sem erfðaskráin bar ekki með sér rétta dagsetningu á undirritun hennar og vottun. Erfðaskráin var dæmd ógild í Skiptarétti Reykjavíkur, en Hæstiréttur taldi að þrátt fyrir að formi erfðaskrárinnar væri ábótavant, þá yrði að telja að hún bæri með sér hinsta vilja arfleifanda og óvissa um dagsetningu erfðaskrárinnar myndi ekki haggja þeirri niðurstöðu. Erfðaskráin var því metin gild.

Af þessum dómi má einnig sjá að það er ekki ófrávíkjanlegt formskilyrði að arfleiðsluvottar séu tilkvaddir af arfleifanda sjálfum, enda má telja að arfleifendur samþykki vottana í verki með undirritun á erfðaskránni þó svo að þess sé ekki getið í arfleiðsluvottorðinu, sbr. **H 1999:30**.

H 1999:30 Staðfest niðurstaða héraðsdóms um að erfðaskrá skyldi metin gild og lögð til grundvallar við skipti á dánarbúi arfleifanda. Þrátt fyrir að arfleiðsluvottorð hafi ekki verið gert skv. 42. gr. el., heldur látið við það sitja að undirskriftir arfleifenda væru staðfestar af tveimur vitundarvottum. Til að fullnægja áskilnaði 1. mgr. 42. gr. el. var þótalið nægilegt að arfleifendur samþykktu það í verki að tilteknir menn gerðust vottar að erfðaskránni, án þess að þess væri getið í vottorðinu að um erfðaskrá væri að ræða eða að arfleifendur hefðu kvatt þá til að votta slíkan gerning.

Einnig má telja að það valdi ekki ógildi erfðaskrár þó arfleiðsluvottar geti þess ekki sérstaklega í vottorði sínu að þeim sé kunnugt um að gerningurinn, sem um ræðir, sé erfðaskrá. Í 3. mgr. 42. gr. el. segir að vottar skuli greina á um heimilisföng sín svo ekki verði um villst, en skv. **H 1989:1372** má telja að það sé frávíkjanlegt formskilyrði.

H 1989:1372 Mál til ógildingar á erfðaskrá, vegna formgalla, þar sem vottar tilgreindu ekki heimilisföng sín í arfleiðsluvottorði. Erfðaskráin var samt sem áður gild, þar sem þessi ágalli hefði ekki valdið sönnunarerfiðleikum í málinu, auk þess sem ekki væru um að ræða ófrávíkjanlegt formsskilyrði.

Telja má að þessu formskilyrði sé ætlað að tryggja að ekki fari á milli mála hver það er sem vottar arfleiðslu til að hægt sé að finna þann aðila ef á þarf að halda, svo sem ef erfðaskrá er véfengd og vitnisburðar hans óskað til að skera úr um ágreiningsatriði, sbr. það sem fram kom í **H 1969:469**.

H 1969:469 Erfðaskrá var véfengd, þar sem arfleiðsluhæfi arfleifanda var dregið í efa og erfðaskráin talin haldin formgöllum, m.a. vegna þess að heimilisföng votta vantaði. Bréferfingjar bentu þó á að ákvæði laganna, um að heimilisföng votta skuli koma fram, sé til að tryggja að ekki fari á milli mála hverjir það eru sem votta arfleiðsluna.

En það skilyrði væri í raun uppfyllt, þar sem annar vottanna setti hdl. á eftir nafni sínu og hinn setti stud.jur. þannig að ekki var um villst hverjir þeir voru.

Fallast verður á þetta sjónarhorn bréferfingjanna því í dag tíðkast varla að vottar tilgreini heimilisföng sín í arfleiðsluvottorði, þess í stað er aðallega notast við kennitölur, a.m.k. ef tekið er mið af þeim erfðaskrá sem höfundur kynnti sér. Því má telja að tilgangur ákvæðisins hafi verið sá að tryggja sem best auðkenni arfleiðsluvotta og því sé notast við kennitölur í dag því þannig sé auðkenni votta betur tryggt. Þegar litið er til þess að erfðaskrá er ekki beitt fyrr en eftir andlát arfleifanda þá getur liðið langur tími á milli þess sem hún er gerð og þar til arfleifandi fellur frá og á þeim tíma getur arfleiðsluvottur flust búferlum, en hann mun ætíð bera sömu kennitölu.

Samkvæmt áðurgreindu er því ljóst að smávægilegir ágallar á arfleiðsluvottorði valda að jafnaði ekki ógildingu erfðaskrár þrátt fyrir véfengingu af hálfu erfingja. Það eru þó önnur atriði, er geta þarf á um í arfleiðsluvottorði, sem eru nánast ófrávikjanleg. Þar ber helst að nefna ákvæði 2. mgr. 42. gr. el. um að arfleiðsluvottar skuli geta þess hvort arfleifandi hafi verið svo heill heilsu andlega að hann hafi verið hæfur til að gera erfðaskrá. Þarna er mikil ábyrgð lögð á vottana því ætlast er til þess að þeir meti hvernig andlegu heilbrigði arfleifanda er háttað. Það getur reynst erfitt þar sem vottar þekkja ekki alltaf svo vel til arfleifanda að þeim sé kunnugt um andlegt heilbrigði eða vanheilsu viðkomandi. Arfleifandi getur því komið vottunum eðlilega fyrir sjónir og virst andlega heill þrátt fyrir að vera í raun svo andlega vanheill að hann sé vanhæfur skv. 2. mgr. 34. gr. el. til að gera erfðaskrá.

Þrátt fyrir að þess sé getið í arfleiðsluvottorði að arfleifandi sé svo andlega heill að hann sé fær um að gera erfðaskrá þá er það þó ekki fullkomin trygging fyrir því að erfðaskrá verði metin gild af þeim sökum. Erfingjar geta engu að síður dregið arfleiðsluhæfi arfleifanda í efa og véfengt erfðaskrána á þeim grundvelli. Lögmæt vottun arfleiðsluvotta um andlegt heilbrigði arfleifanda, er því ekki fullkomin trygging fyrir því að arfleifandi sé arfleiðsluhæfur, en með slíkri staðfestingu, er sönnunarbyrðin um hið gagnstæða í höndum þess sem véfengir erfðaskrána, sbr. **H 1994:991** og **H 2002:2351**.

H 1994:991 – A gerði erfðaskrá þar sem hún arfleiddi B að öllum eigum sínum. Lögerfingjar kröfðust þess að erfðaskráin yrði ógilt, sökum þess að A hefði verið andlega vanheil og ekki hæf til að gera slíka ráðstöfun. Þeir báru sönnunarbyrðina fyrir andlegri vanheilsu A, en sú sönnun tókst ekki og var erfðaskráin því dæmd gild.

H 2002:2351 Í málinu er deilt um gildi erfðaskrár. Sóknaraðilar fóru fram á ógildingunni hennar vegna meints skorts arfleifanda á arfleiðsluhæfi, og einnig vegna formgalla. Sönnun um vanhæfi arfleifanda tókst ekki, þvert á móti þótti sannað að arfleifandi hefði verið andlega hress og vel fær um slíkan gerning.

Vanti aftur á móti staðfestingu arfleiðsluvotta á arfleiðsluhæfi arfleifanda í arfleiðsluvottorð þá veldur það ekki endilega ógildingunni erfðaskrár, en í því tilfelli færast sönnunarbyrðin um arfleiðsluhæfi yfir til bréferfingja ef erfðaskráin er véfengd, sbr. **H 1996:1912** og **H 542/2007**.

H 1996:1912 K gerði erfðaskrá þar sem hún arfleiðir sonardóttur sína L að risibúð sinni og tók fram að hún væri innan heimildar 35. gr. el. Sonur K véfengir arfleiðsluhæfi K. Sönnunarbyrðin um arfleiðsluhæfi K var þá á L, þar sem arfleiðsluvottorð vantaði og formskilyrði 42. gr. el. því ekki uppfyllt. Héraðsdómur taldi að erfðaskrá K skyldi metin gild, en Hæstiréttur var á öndverðum meiði og taldi L ekki hafa náð að sýna fram á arfleiðsluhæfi K og þar af leiðandi yrði að ógilda erfðaskrána.

H 542/2007 Systurnar A og B höfðu gert gagnkvæma erfðaskrá þar sem þær kveða á um að langlífari skuli erfa allt eftir þá skammlífari, en eftir lát beggja skuli C erfa allar eigur þeirra. Eftir lát B sem varð langlífari, véfengdu erfingjar arfleiðsluhæfi hennar sbr. 2. mgr. 34. gr. el. Erfðaskráin var vottuð af lögbókanda, en arfleiðsluvottorð lögbókandans uppfyllti ekki formkröfur 2. mgr. 42. gr. og 1. mgr. 43. gr. el. Sönnunarbyrðin hvíldi því á C, sbr. 2. mgr. 45. gr. el. Hæstiréttur taldi þá sönnun hafa tekist, þar sem vitni báru að þær systur hefðu talað um C sem fósturson sinn og oft rætt um það að hann skyldi erfa þær, auk þess sem framburður læknisins D benti til þess að B hefði gert sér grein fyrir því hvað hún var að gera er hún gerði hina umdeildu erfðaskrá. Erfðaskráin var því talin vera í samræmi við vilja, sem systurnar lýstu meðan þær voru báðar enn heilar heilsu.

V. Tilgangur erfðaskráa

Skýrar reglur er að finna í erfðalögunum um það hvernig eignir manna skulu skiptast eftir þeirra dag. Ef engin erfðaskrá er gerð taka skylduerfingjar arfleifanda allan arf, en skylduerfingjar eru maki og börn eða aðrir niðjar arfleifanda. Ef arfleifandi á bæði maka og börn eða aðra niðja skiptist arfurinn þannig að maki erfir 1/3 og börn og aðrir niðjar arfleifanda 2/3, sbr. 2. gr. el. Ef skylduerfingjar eru engir taka aðrir lögerfingjar arf samkvæmt lögum, en þeir eru, samkvæmt annarri erfð, foreldrar arfleifanda og niðjar þeirra, sbr. 3. gr. el. Eigi arfleifandi enga erfingja á lífi, skv. annarri erfð, þá taka erfingjar samkvæmt þriðju erfð arf, en það eru foreldrar hvors foreldris arfleifanda um sig en börn þeirra ef þau eru látin, sbr. 4. gr. el. Aðrir geta ekki verið lögerfingjar, nema tengsl þeirra við arfleifanda séu með áðurgreindum hætti fyrir ættleiðingu, sbr. 5. gr. el. Ef engir lögerfingjar eru rennur arfurinn til Erfðafjárjós, sbr. 55. gr. el.

Skipting samkvæmt lögunum er því almennt mjög sanngjörn en hún getur þó orðið ósanngjörn, t.d. ef arfleifandi á ekki skylduerfingja þá gæti arfur runnið til venslamanna, sem hafa kannski haft lítil eða engin tengsl við arfláta, í stað þess að renna til aðila, sem eru nánari arfleifanda en njóta ekki lögerfðaréttar eftir hann, s.s. sambýlismaka eða fösturbarns. Með erfðaskrá getur arfleifandi aftur á móti leiðrétt slíka niðurstöðu fyrirfram með því að ráðstafa arfi eftir sig til manna eða málefna sem eru honum kær, eða til manna sem hefðu meiri þörf fyrir fjármuni arfleifandans en fjarskyldir og kannski vel stæðir lögerfingjar.³⁹ Mönnum er því heimilt að ákveða sjálfir hvernig þeir vilja ráðstafa eignum sínum, eða a.m.k. hluta þeirra, eftir sinn dag og víkja þar með frá ákvæðum erfðalaganna, sem ella myndu gilda.

Tilgangur erfðaskráa er að gefa arfleifanda tækifæri á að ráðstafa hluta af eignum sínum, eða öllum, eftir eigin höfði og hafa þannig áhrif á það hvernig eignum hans verður skipt eftir hans dag, í stað þess að lúta reglum laga í einu og öllu, um það hverjir skulu taka arf eftir hann.⁴⁰ Þessi heimild manna er ákveðnum takmörkum háð, þar sem hin lögvarða heimild til bréflegrar arfleifðslu skarast óhjákvæmilega við réttarreglurnar um skylduerfðir, sem einnig eru lögfestar.⁴¹ Bréferfð er réttærri en lögerfð að undanskilinni fyrstu erfð, sem er skylduerfð. Því aðeins ef arfleifandi á enga skylduerfingja á lífi þá er honum heimilt að ráðstafa öllum eignum sínum með erfðaskrá. Ef arfleifandi á aftur á

³⁹ Páll Sigurðsson, *Erfðaréttur*, 2007: bls. 184

⁴⁰ Gunnar G. Schram, *Lögfræðihandbókin*, 1974: bls. 112 og 121

⁴¹ Páll Sigurðsson, *Erfðaréttur*, 2007: bls. 179

móti skylduerfingja, er honum óheimilt að ráðstafa meiru en þriðjungi eigna sinna með erfðaskrá, sbr. 35. gr. el. Sú regla er eflaust sett til að fyrirbyggja að aðili ráðstafi öllum eignum sínum til óskyldra aðila og svo sitji maki og börn eftir í efna- og umkomuleysi eftir lát hans.⁴² Maki og börnum og öðrum niðjum er því með lögum tryggður tiltekinn erfðaréttur sem ekki er hægt að skerða nema að 1/3.⁴³

Með gerð erfðaskrár geta menn einnig haft önnur áhrif á skipti en það hver skuli hljóta hvað. Því erfðaskrárheimildin veitir mönnum ekki aðeins möguleika á að ráðstafa eignum sínum eftir sinn dag, á þann hátt er þeir sjálfir vilja, heldur einnig möguleika á að hafa önnur áhrif á búskipti. T.d. er mögulegt að heimila langlífari hjúskaparmaka setu í óskiptu búi svo hann geti notið allra eigna hins skammlífari eftir lát hans. Einnig getur arfleifandi sett fyrirmæli um að bú hans skuli tekið til opinberra skipta, hann getur jafnvel skipað ákveðinn aðila til að sjá um skiptin. Nánar verður fjallað um þessa möguleika í VI. kafla hér á eftir sem fjallar um möguleika erfðaskráa.

Ef arfleifandi vill að skipti eftir sinn dag séu á einhvern hátt frábrugðin því sem kveðið er á um í lögum, þá ætti hann að gera erfðaskrá eða mögulega annars konar erfðagerning til að tryggja að skipti eftir hann verði í samræmi við vilja hans sjálfs, en ekki samkvæmt lögerfðareglum. Vel samdar erfðaskrár eru til þess fallnar að skapa festu og öryggi um fjármál manna að þeim látnum og með því að minnka að vissu leyti líkur á togstreitu meðal erfingja við arfsskipti.⁴⁴ Erfðaskrár eru til margra hluta nytsamlegar en hér hafa einungis verið nefnd fá dæmi um gagnsemi þeirra. Nánar verður farið í alla þá möguleika sem erfðaskrár hafa upp á að bjóða hér á eftir í kafla VI.

⁴² Gunnar G. Schram, *Lögfræðihandbókin*, 1974: bls. 122

⁴³ Gunnar Eydal og Þorgerður Benediktsdóttir, *hagnýt lögfræði*, 1984: bls. 100

⁴⁴ Páll Sigurðsson, *Erfðaréttur*, 2007: bls. 184

VI. Möguleikar erfðaskráa

Arfleifandi hefur nokkuð frjálssar hendur um efni erfðaskrár því að hér á landi ríkir sammingsfrelsi og á það einnig við um erfðaskrár.⁴⁵ Menn hafa því mikið svigrúm við gerð erfðaskrár með áður nefndum takmörkunum þó, sbr. 35. gr. el. um að ekki megi ráðstafa nema þriðjungi eigna arfleifanda með erfðaskrá, ef hann á skylduerfingja. Að öðru leyti er mönnum frjálst að gera það sem þeir vilja með erfðaskrá svo lengi sem efni þeirra brýtur ekki í bága við sett lög eða almennt velsæmi.

Möguleikar erfðaskráa eru margir lögfestir og þá aðallega í erfðalögunum, en ákvæði um möguleika erfðaskráa er einnig að finna í öðrum lögum. Aðrir möguleikar eru ólögfestir og margir þeirra fara í raun eftir hugmyndaflugi hvers og eins. Þar af leiðandi er ógerlegt að gera tæmandi lista yfir fjölbreytni erfðaskráa. Hér á eftir verða nefndir helstu möguleikar erfðaskráa og án efa þeir algengustu.

A. Ráðstöfun Bréfarfs

Samkvæmt erfðalögunum er mönnum heimilt að ráðstafa a.m.k. hluta eigna sinna með erfðaskrá skv. 35. gr. el. sem gerir mönnum einungis kleift að ráðstafa þriðjungi eigna sinna með erfðaskrá eigi þeir skylduerfingja, þ.e. maka eða börn. Eigi menn aftur á móti enga skylduerfingja þá er þeim heimilt að ráðstafa öllum eignum sínum með erfðaskrá.

Mönnum er í raun frjálst að veita hverjum þeim bréfarf er þeir vilja, en mögulegt er að bæta arfshluta ákveðins eða ákveðinna erfingja, hvort sem það er skylduerfingi eða lögerfingi, eða bæta hlut aðila sem ekki á lögerfðarétt, svo sem sambýlismaka, fóstur- eða stjúpbarna, eða annarra nákominna sem ekki eiga lögerfðarétt eftir arfleifanda, eins og vini eða kunningja. Menn geta einnig arfleitt alls ótengda aðila að bréfarfi, svo sem ýmsar stofnanir, félag eða aðrar lögpersónur. Menn hafa því frjálssar hendur með það hverjum þeir veita bréfarf eftir sig. Hér á eftir verða nefnd nokkur dæmi.

⁴⁵ Páll Sigurðsson, *Samningaréttur*, 2004: bls. 25

1. Staða hjúskaparmaka bætt

Mörgum er það kært að tryggja hag eftirlifandi maka sem best, svo hann verði fyrir sem minnstu raski við fráfall hins skammlífari. Lögin ein og sér tryggja stöðu hjúskaparmaka mjög vel en lengi má þó gott bæta og nýta þá margir sér þann möguleika að gera erfðaskrá til að tryggja maka sínum betri stöðu við andlát hins skammlífari, en verið hefði að öllu óbreyttu.

Langlífari maki er, skv. lögum, einkaerfingi hins skammlífari, nema hið skammlífara hafi átt niðja eða hafi ráðstafað hluta af eignum sínum með erfðaskrá. Hafi hið skammlífara átt niðja á lífi þá eiga þeir rétt á tveimur þriðju af búshluta hins skammlífari á móti einum þriðja sem eftirlifandi maka ber. Búskiptin eru þá í raun tvíþætt, fyrst verður að ákveða búshluta hvors um sig og síðan er búshluta hins látna skipt á milli erfingja hans. Eftirlifandi maki fær þá sinn hluta búsins auk arfs úr búshluta hins látna.⁴⁶ Ef hinn látni lætur eftir sig erfðaskrá þá er honum einungis heimilt að ráðstafa þriðjungu síns búshluta og við það skerðist arfur langlífari að hámarki um þriðjung.

Langlífari maki hefur mun ríkari rétt en aðrir erfingjar þess skammlífari því langlífari hjúskaparmaki er sá eini sem getur fengið heimild til setu í óskiptu búi og þar með setið áfram að öllum eignum hins látna. Komi til skipta þá hefur hið langlífara forgangsrétt til útlagningar ákveðinna muna umfram aðra erfingja.⁴⁷

Eftirlifandi maki getur, skv. 33. gr. skiptalaga nr. 20/1991 (skl.), fengið ákveðin verðmæti og hluti til eignar, utan skipta, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. En þau eru að hlutirnir séu honum nauðsynlegir til að leggja áfram stund á atvinnu sína eða menntun, þeirra hafi eingöngu verið aflað til afnota hans og verðgildi munanna sé ekki slíkt að afhending þeirra verði talin ósanngjörn gagnvart öðrum erfingjum eða skuldheimtumönnum hins látna. Á hinn bóginn getur hinn látni hafa ráðstafað mununum sérstaklega á annan veg með erfðaskrá. Fá eftirlifandi maki ákveðin verðmæti eða hluti til eignar tekur þá tekur hann að sér þær skuldbindingar sem hvíla á mununum eða hafa orðið til við öflun þeirra.

Eigi þetta ekki við um ákveðnar eignir þá hefur eftirlifandi maki þó rétt til að leysa þær til sín gegn greiðslu til búsins, sem nemur því sem hann á ekki tilkall til af matsverði þeirra. Breytir þá engu hvort um er að ræða séreign hins látna eða hjúskaparæign, enda hafi sá látni ekki ráðstafað eignunum á annan veg með erfðaskrá, sbr. 1. mgr. 35. gr. skl.

⁴⁶ Guðrún erlendsdóttir, *Óvígð sambúð*, 1988: bls. 91

⁴⁷ Ármann Snævarr, *Erfðaréttur*, 1991: bls. 273-274

Eftirlifandi maki getur jafnvel fengið greiðslufrest á arfsgreiðslu til ófjárráða niðja hins látna þar til hver um sig verður fjárráða, sbr. 2. mgr. 35. gr. skl.⁴⁸

Eftirlifandi hjúskaparmaki nýtur mikilla forréttinda umfram aðra erfingja og er staða hans stöðugt að batna þar sem þróunin á erfðalöggjöfnni er í þá átt að bæta stöðu langlífari maka, samanber breytingar á erfðalögunum frá 1985 og 1989 er snéru að tryggja betur möguleika langlífari maka til setu í óskiptu búi eftir lát þess skammlífari. Því með breytingarlögum nr. 29/1985 var langlífara maka heimilt að sitja í óskiptu búi þrátt fyrir mótmæli sameiginlegra niðja ef heimildin studdist við erfðaskrárákvæði þess skammlífari. Stjúpniðjar gátu þó farið fram á skipti sér til handa. Því var þó breytt með breytingarlögum nr. 48/1989. Þá varð langlífari hjúskaparmaka heimilt að sitja í óskiptu búi þrátt fyrir mótmæli stjúpniðja ef heimildin studdist við erfðaskrárákvæði hins skammlífari. Með þessum breytingum var staða langlífari maka bætt, þar sem seta í óskiptu búi er mikil réttarbót fyrir langlífari maka sökum þess að arfsskipti eftir lát hins skammlífari geta leitt til mikillar röskunar á högum hins þrátt fyrir að skylduerfðareglur tryggi réttarstöðu hans að vissu leyti. Því arfsskipti og greiðsla erfðahluta getur orðið til þess að eftirlifandi maki, þarf jafnvel að selja ofan af sér og þar með rífa sig upp með rötum til að greiða út arf til niðja og/eða bréferfingja hins látna.

Með því að veita hinu langlífara heimild til setu í óskiptu búi, er hægt að koma í veg fyrir að meiri röskun verði á högum þess við makamissinn en þörf er á. Með leyfi til setu í óskiptu búi er langlífari maka heimilað að sitja að hjúskapareignum beggja án þess að til skipta komi sem getur verið mikið hagsmunafni fyrir langlífari maka. Séreignir hins látna koma þó alltaf til skipta eftir lát hans og falla ekki inn í hið óskipta bú, nema sérstaklega sé kveðið á um að séreignir skuli fara sem hjúskapareignir við andlát í kaupmála eða erfðaskrá.⁴⁹

Heimild langlífara til setu í óskiptu búi er ekki einungis bundin við erfðaskrárákvæði þess skammlífari, því hið langlífara getur sótt um leyfi sýslumanns til setu í óskiptu búi hvort sem hið skammlífara gat á um þennan rétt í erfðaskrá sinni eða ekki. Nema hið skammlífara hafi lagt bann við því í erfðaskrá sinni að hið langlífara fengi leyfi til setu í óskiptu búi.

Það hefur ekki áhrif á réttarstöðu þess langlífara hvor leiðin er farin, þ.e. hvort sem leitað er eftir leyfi sýslumanns á grundvelli ákvæðis í erfðaskrá eða ekki ef hið látna hefur

⁴⁸ Guðrún Erlendsdóttir, *Réttarreglur um stöðu langlífari maka eða sambýlismanns við búskipti*, 1986: bls. 228-9

⁴⁹ Ármann Snævarr, *Erfðaréttur*, 1991: bls. 135-136, 139

ekki átt sérneiða heldur eingöngu sameiginlega niðja með hinu langlífara. Þá á það rétt á að sitja í óskiptu búí með niðjum beggja, sbr. 7. gr. el. það sama gildir ef hið langlífara fer með forsjá eða lögráð stjúpniðja.

Réttarstaða hins langlífara varðandi leyfi til setu í óskiptu búí er þó mismunandi eftir því hvort heimildin til setu í óskiptu búí byggist á erfðaskrá eða beiðni þess langlífari, ef hið skammlífara átti sérneiða sem sá langlífari er ekki með forsjá eða lögráð yfir. Því þá þarf samþykki þeirra, ef þeir eru fjárráða, sbr. 2. mgr. 8. gr. el., en annars samþykki þeirra sem fara með forsjá eða lögráð hinna ófjárráða stjúpniðja, sbr. 1. mgr. 8. gr. el., auk samþykkis sýslumanns. Ef heimildin byggist á ákvæði í erfðaskrá hins skammlífari þarf ekki að afla samþykkis fjárráða stjúpniðja, né samþykkis forráða- eða lögráðamanna þeirra sem ófjárráða eru, heldur einungis samþykkis sýslumanns.

Ef leyfi til setu í óskiptu búí er byggt á 1. mgr. 8. gr. el. þá getur stjúpniðji krafist skipta sér til handa innan þriggja mánaða frá því að hann öðlast fjárræði, sbr. 1. mgr. 14. gr. el. Ef fjárráða stjúpniðji hefur aftur á móti samþykkt setu í óskiptu búí, þá getur hann samt sem áður krafist skipta sér til handa með eins árs fyrirvara, skv. 2. mgr. sömu greinar. Þannig að ef heimildin er byggð á ákvæði í erfðaskrá hins skammlífari þá nýtur sá langlífari betri réttarstöðu þar sem hann þarf ekki að leita leyfis stjúpniðja fyrir setu í óskiptu búí og þeir geta að sama skapi ekki farið fram á skipti sér til handa.

Samkvæmt áðurgreindu er staða hins langlífari maka vel tryggð með lögum en þó er mögulegt að gera betur. Þrátt fyrir að hið langlífara fái heimild til setu í óskiptu búí þá getur komið til skipta á búinu á meðan það lifir. Heimild til setu í óskiptu búí fellur niður, sbr. 2. mgr. 13. gr. el., ef eftirlifandi maki gengur í hjúskap að nýju. Erfingi getur einnig krafist skipta sér til handa ef hann sannar að eftirlifandi maki vanræki framfærsluskyldu sína gagnvart sér, eða rýri efni búsinns með óhæfilegri fjárstjórn sinni eða veiti tilefni til að óttast megi slíka rýrnun, sbr. 1. mgr. 15. gr. el. Auk þess getur langlífari maki sjálfur, skv. 1. mgr. 13. gr. el., krafist skipta hvenær sem er. Jafnframt getur stjúpniðji, eins og áður sagði, krafist skipta sér til handa ef heimildin til setu í óskiptu búí er ekki byggð á erfðaskrárákvæði hins skammlífari. Einnig getur sú staða komið upp að hið langlífara fái ekki heimild til setu í óskiptu búí, sbr. 9. gr. erfðalaganna, en þá ber að skipta búinu.

Þrátt fyrir að staða langlífari hjúskaparmaka sé vel tryggð í lögum þá getur farið svo að hann fái ekki notið þeirra hlunninda sem lögin hafa upp á að bjóða eins og nefnt hefur verið. Í slíkum tilvikum er staða hins langlífari maka ekki jafn góð og hún gæti verið, en hana er hægt að tryggja betur með ákvæðum í erfðaskrá. Hægt er að kveða á um í erfðaskrá að séreignir hins skammlífari skuli teljast hjúskapareignir eftir andlát hans það

er þó að jafnaði gert í kaupmála sbr. 1. mgr. 11. gr. el. Einnig er hægt að auka erfðahluta maka um allt að þriðjung eigna dánarbúsins, þannig að maki taki þá skylduvarf og bréfarf að auki.⁵⁰ Það er þó rétt að benda á að þegar maki er arfleiddur að bréfarfi getur það bitnað illa á niðjum hins skammlífari, sem ekki eru niðjar langlífari, þar sem arfur þeirra rýrist um þriðjung, sem fellur í hlut erfingja hins langlífari.⁵¹

Það má einnig nefna að arfleifandi getur ekki aðeins heimilað langlífari maka setu í óskiptu búi heldur getur hann tekið fyrir það að langlífari maki fái leyfi til setu í óskiptu búi, sbr. 7. gr. og 1. mgr. 8. gr. el. Leggi arfleifandi bann við setu í óskiptu búi ber að skipta búinu eftir andlát hans og getur þá eftirlifandi maki ekki leitað til sýslumanns í því umdæmi er skipti fara fram og farið fram á leyfi til setu í óskiptu búi þar sem arfleifandi hefur þá þegar tekið fyrir það að slíkt leyfi skuli veitt.

Arfleifandi getur einnig farið nokkurs konar milliveg í þessum málum og bundið heimildina fyrir setu langlífari maka í óskiptu búi ákveðnum skilyrðum með erfðaskrá, s.s. að hið langlífara fái að sitja í óskiptu búi, en að skipta skuli búinu ef það hefur sambúð að nýju, en skv. lögum þá fellur heimild til setu í óskiptu búi ekki niður þó hið langlífara taki upp sambúð.

Þess ber að geta að þó arfleifandi setji eftirlifandi maka skilyrði fyrir setu í óskiptu búi þá er ekki þar með sagt að það muni ganga eftir, þ.e. að heimildin til setu í óskiptu búi muni falla niður ef eftirlifandi makinn uppfyllir ekki skilyrðin. Því til þess þyrfti að vera ákveðið eftirlit með makanum, en slíkt eftirlit er ekki til staðar, varðandi skilyrði arfleifanda til setu í óskiptu búi. Ólíkt því sem gildir ef hið langlífara hyggst ganga aftur í hjúskap, því þá fellur heimild þess til setu í óskiptu búi niður, sbr. 2. mgr. 13. gr. el. og jafnframt má benda á 12. gr. hjskl., sem verður að telja að eigi við, þó svo að fyrri maki hjónaefnis sé látinn, en skv. henni þá má ekki vígja hjónaefni í hjúskap, nema opinber skipti séu hafin eða einkaskiptum lokið vegna fjárskipta hjónaefnis og fyrri maka, nema fullkomin séreignaskipan hafi verið á fjármálum þeirra. Ef arfleifandi vill aftur á móti binda setu í óskiptu búi ákveðnum skilyrðum, þá gæti slíkt ákvæði verið háð eftirliti erfingja að vissu leyti, þ.e. þeir gætu krafist skipta á grundvelli erfðaskrárákvæðis, ef eftirlifandi makinn ryfi þau skilyrði sem honum voru sett fyrir setunni, s.s. ef hann tæki upp sambúð á meðan hann sæti í óskiptu búi.

⁵⁰ Guðrún Erlendsdóttir, *Réttarreglur um stöðu langlífari maka eða sambýlismanns við búskipti*, 1986: bls. 228-9

⁵¹ Ármann Snævarr, *Fyrirlestrar í íslenskum erfðarétti*, 1979: bls. 229-230

2. Staða sambýlismaka bætt

Þó svo að staða eftirlifandi hjúskaparmaka sé vel tryggð í lögum, þá er ekki hægt að segja það sama um stöðu sambýlismaka. Því þó svo að í lifandi lífi búi fólk saman sem hjón, þá er mikill munur á réttarstöðu hjóna og sambýlisfólks við andlát annars. Því erfðalög og skiptalög eru hliðholl eftirlifandi hjúskaparmaka, eins og áður sagði er eftirlifandi hjúskaparmaki skylduerfingi hins skammlífari, hann hefur rétt til setu í óskiptu búi og hefur víðtækan úrlausnar- og forgangsrétt til muna úr búinu. Þessar reglur eiga ekki við um sambýlisfólk, það nýtur ekki lögbundins erfðaréttar eftir hvort annað og er ekki unnt með lögjöfnun að beita reglum erfðalaganna um rétt hjúskaparmaka um óvígða sambúð. Erfðaréttur á milli sambýlisfólks verður því að byggjast á ákvæði erfðaskrár.⁵²

Sú staðreynd að enginn lögerfðaréttur er á milli sambýlisfólks, sama hve lengi sambúð hefur varað, hefur í mörgum tilvikum ekki orðið sambúðarmaka ljós fyrr en eftir andlát þess skammlífari og þá oft með dapurlegum afleiðingum. Hægt er að tryggja sambúðarmaka erfðahluta með ákvæði í erfðaskrá en einungis upp að því marki sem skylduerfðareglur heimila.⁵³ Því þegar til skipta kemur eftir andlát sambúðaraðila þá fara fjárskiptin eftir sömu reglum og farið væri eftir við slit sambúðar þegar báðir aðilar eru á lífi, þ.e. búinu er skipt eftir almennum reglum fjármunaréttarins þar sem hvor aðili fær einungis það sem hann á, helmingaskiptareglunni er ekki beitt eins og gert er þegar um hjón er að ræða.⁵⁴

Mikilvægt er að sambýlisfólk átti sig á réttarstöðu sinni og mikilvægi þess að skrifa erfðaskrá ef það vill tryggja réttarstöðu maka síns við fráfall sitt. Að öðrum kosti gæti farið illa fyrir þeim sem eftir lifir, t.d. ef flestar eða allar eignirnar hafa verið skráðar á hinn látna. Þá gæti sá eftirlifandi staðið uppi allslaus þar sem hann á ekki rétt á arfi, eftir hinn látna skv. lögum og fær því ekkert í sinn hlut úr búinu. Í því tilfelli fellur allt til lögerfingja hins látna, sambýlismaki er ekki þar á meðal. Sá sem eftir lifir gæti misst húsið sem parið átti ef það hefur verið skráð á hinn látna.

Þessa stöðu er mögulegt að rétta að hluta með gerð erfðaskrár en sambýlismaka verður aldrei veitt sama réttarstaða og hjúskaparmaki nýtur þar sem hjúskaparmaki á

⁵² Guðrún erlendsdóttir, *Óvígð sambúð*, 1988: bls. 93

⁵³ Páll sigurðsson, *Skæðadrífa*: bls. 196

⁵⁴ Guðrún erlendsdóttir, *Óvígð sambúð*, 1988: bls. 92

lögum samkvæmt rétt á búshluta og arfshluta en sambýlismaki á einungis rétt á að halda þeim eignum sem eru á hans nafni en á ekkert tilkall til eigna sem eru á nafni hins látna.⁵⁵

Ef hvorugur sambýlisaðila á börn er hægt að tryggja þeim gagnkvæman erfðarétt með erfðaskrá. Við þær aðstæður er hægt að veita sambýlismaka sama rétt og hjúskaparmaka og gera hann að einkaerfingja, líkt og hjúskaparmaki er samkvæmt skylduerfðareglum þegar sá skammlífari á enga niðja.⁵⁶ Ef sambýlisfólk á aftur á móti börn er ekki hægt að gera sambýlismaka jafnsettan hjúskaparmaka við arfsskipti vegna skylduerfðareglna. Eigi aðili börn þá má hann einungis ráðstafa þriðjungi eigna sinna með erfðaskrá, sbr. 35. gr. el. Þó svo að þriðjungur sé sama hlutfall af eignum bú og hjúskaparmaka ber, samkvæmt skylduerfðareglum, þá verður staða sambýlismaka aldrei lögð að jöfnu við stöðu hjúskaparmaka ef hinn látni skilur eftir sig börn. Ómögulegt er að veita sambýlismaka heimild til setu í óskiptu búi en það er ein mikilvægasta réttarheimildin til tryggingar réttarstöðu langlífari maka.

Eftirlifandi sambýlismaki hefur hvorki lögbundinn forgang til ákveðinna eigna úr búinu, sem geta fallið utan skipta, né hefur hann lögbundinn forgangsrétt til eigna úr búinu jafnvel þó hann sé bréferfingi hins látna. Eigi eftirlifandi sambýlismaki að njóta forgangsréttar að ákveðnum munum þá verður sá skammlífari að hafa tilgreint þá muni sérstaklega í erfðaskrá.⁵⁷

Þrátt fyrir að ýmsar heimildir séu til að bæta stöðu sambýlismaka við arfsskipti þá eru þær ekki svo rúmar að mögulegt sé að gera sambýlismaka jafnréttháan hjúskaparmaka við lát skammlífari maka. Með gerð erfðaskrár er þó hægt að bæta stöðu sambýlismaka lítillega, en töluvert ef engum skylduerfingjum er fyrir að fara. Sé ekki hægt að gera sambýlismaka jafnréttháan hjúskaparmaka þá er gerð erfðaskrár að minnsta kosti bót í máli og getur verið mikil réttarbót fyrir langlífari sambýlismaka. Við arfsskipti nýtur hann að minnsta kosti einhverra réttinda, ólíkt því sem orðið hefði ef engin erfðaskrá hefði verið fyrir hendi og skipti einungis farið að lögum.

⁵⁵ Guðrún Erlendsdóttir, *Réttarreglur um stöðu langlífari maka eða sambýlismanns við búskipti*, 1986: bls. 236

⁵⁶ Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, *Réttaröryggi meira í vígðri sambúð en óvígðri*, 1988: bls. 17

⁵⁷ Guðrún Erlendsdóttir, *Óvígð sambúð*, 1988: bls. 94

3. Staða föstur- eða stjúpbarna bætt

Margir vilja bæta stöðu föstur- eða stjúpbarna en föstur- og stjúpbörn arfleifanda njóta hvorki skylduerfðaréttar né lögerfðaréttar, ólíkt öðrum börnum arfleifanda, hvort sem um er að ræða eigin börn arfleifanda eða kjörbörn hans. Varðandi stöðu föstur- og stjúpbarna þá gildir einu hversu lengi þau hafa búið á heimili arfleifanda eða hversu kær þau eru honum því þau njóta ekki erfðaréttar eftir hann, nema hann mæli fyrir um erfðarétt þeirra í erfðaskrá. Þannig að svipað gildir um stöðu þeirra og stöðu sambýlismaka, þ.e. þau njóta ekki lögerfðaréttar. Hlut þeirra er þó hægt að rétta að vissu leyti, með þar til gerðu ákvæði í erfðaskrá.⁵⁸

Þess má þó geta að þrátt fyrir að föstur- og stjúpbörn njóti ekki lögerfðaréttar eftir arfleifanda þá njóta föstur- eða stjúpbörn, sem áttu heimili hjá arfleifanda og voru á framfæri hans er hann lést, forgangsréttar, skv. 1. mgr. 33. gr. skl., að maka hans frágengnum, sbr. 3. mgr. 33. gr. skl. Að þessu leyti er staða föstur- eða stjúpbarna betri en staða sambýlismaka.

Ef arfleifandi á enga skylduerfingja getur hann gert föstur- eða stjúpbörn sín að einkaerfingjum sínum og þar með gert þau jafn rétthá og ef um hans eigin börn væri að ræða, að því undanskyldu að arfleifandi eigi maka. Arfleifandi getur einnig gert föstur- eða stjúpbörn sín jafn rétthá eigin börnum eða kjörbörnum, með ákvæði í erfðaskrá ef arfshluti þeirra rúmast innan þriðjungsheimildar 35. gr. el. Ef arfleifandi á mörg börn, gæti hann jafnvel gert föstur- eða stjúpbarn sitt hærra sett en sín eigin börn eða kjörbörn þar sem hann hefur alltaf heimild til að ráðstafa þriðjungi eigna sinna sama hve skylduerfingjar hans eru margir. Niðjar hans hafa einungis skylduerfðarétt að tveimur þriðju þó svo að þau séu einu skylduerfingjar arfleifanda. Sé maki einnig til staðar þá hafa niðjar arfleifanda einungis skylduerfðarétt að tveimur þriðju af þeim tveimur þriðju sem arfleifanda er óheimilt að ráðstafa með erfðaskrá. Þannig að það fer í raun eftir fjölda eigin barna arfleifanda hvort hann getur gert stöðu föstur- og stjúpbarna þá sömu eða jafnvel betri en stöðu eigin barna.

⁵⁸ Páll sigurðsson, *Skæðadrífa*: bls. 196

4. Ýmsir aðrir möguleikar

Mögulegt er að bæta stöðu ákveðins eða ákveðinna niðja með því að veita þeim bréfarf til viðbótar við skylduarfi þeirra. Einnig er hægt að bæta rétt barnabarns eða barnabarna og veita þeim bréfarf en það gæti t.d. verið gert ef barnabarn eða börn eru arfleifanda sérstaklega nákomin. Einnig getur það komið til að barnabörnum sé að einhverju leiti veittur arfur í stað foreldra þeirra, þar sem barnabörnin eru iðulega á þeim aldri, að þau eru að koma undir sig fótunum og byrja að búa, er arfleifandi fellur frá, þegar börn arfleifanda eru hins vegar að jafnaði uppkomin og vel stæð við fráfall hans, a.m.k. ef miðað er við meðallífaldur fólks.⁵⁹

Arfleifandi getur einnig mælt svo fyrir um í erfðaskrá að beita skuli höfðatölu fremur en arfstofnareglunni við skipti á búi hans þannig að erfingjar hans fái jafnari hlut heldur en ef skipti færu að lögum, þ.e. eftir arfstofnareglunni. Skv. arfstofnareglunni þá deila erfingjar hvers niðja fyrir sig þeim hlut er honum bar að fá. Ef arfleifandi átti til dæmis tvö fráfallin börn, er hann féll frá og annað þeirra lét eftir sig tvö börn en hitt fimm þá myndu tvö barnabarnanna deila með sér helmingi arfsins og hljóta fjórðung þess arfs er arfleifandi lætur eftir sig en hin myndu hvert fá fimmtung af helmingi arfsins, eða 1/10 af þeim heildararfi er arfleifandi lét eftir sig, ef farið væri eftir arfstofnareglunni. Búskipti með þessum hætti geta reynst ósanngjörn þar sem þessir erfingjar eru allir jafn skyldir arfleifanda en hljóta þó mismikinn arf eftir hann. Sé höfðatölureglunni aftur á móti beitt fengju öll barnabörnin jafnan hlut, þ.e. hvert barnabarn fengi 1/7 af arfinum. Þessi heimild verður þó að rúmast innan þriðjungsheimildar 35. gr. el., nema erfingjar samþykki að fara að ákvæðum erfðaskrárinnar þrátt fyrir að arfleifslan fari út fyrir mörk 35. gr. el., en þess má geta að áður nefnt dæmi rúmast innan hennar.

Einnig er mögulegt að veita tilteknum lögerfingja eða óskyldum aðila bréfarf, svo sem fjölskylduvini eða kunningja, en það er eflaust algengara þegar arfleifandi á ekki skylduerfingja. Fólk getur einnig arfleitt stofnanir, félög eða aðrar lögpersónur að bréfarfi eða í raun hvern sem er. Fólk er alveg frjálst hvernig það ráðstafar bréfarfi, svo lengi sem það fer ekki út fyrir mörk 35. gr. el. eða brýtur gegn lögum eða almennu velsæmi með arfleifslu sinni. Arfleifandi getur til dæmis mælt svo fyrir um að af bréfarfi hans verði stofnaður sjóður, sem skuli þjóna ákveðnum tilgangi, eða ákveðnir aðilar styrktir eða málefni. Arfleifandi gæti til að mynda kveðið á um í erfðaskrá að árlega skuli veita ákveðnum aðilum eða stofnunum arð eða hluta úr sjóðnum til styrktar bágstöddum

⁵⁹ Ármann Snævarr, *fyrirlestrar úr erfðarétti*, 1979: bls. 41

börnum eða jafnvel til bókaútgáfu í þágu fræðslu á sviði mannréttindamála eða annað sem arfleifandi vill stuðla að eða styrkja. Arfleifandi getur einnig veitt tilteknum aðila forráð sjóðsins og veitt honum heimildir til að ráðstafa fjármunum sjóðsins eða sett frekari fyrirmæli um meðferð sjóðsins.

H 1994:2182 A, sem átti enga skylduerfingja, gerði erfðaskrá þar sem hann mælti fyrir um að af öllum eignum hans skyldi stofna sjóð í hans nafni. A mælti fyrir um það hverjir skyldu sitja í stjórn hans, hver tilgangur hans skyldi vera, hvernig hann skyldi ávaxtaður, hvernig honum skyldi varið og hvenær og hvaða skilyrði þyrfti að uppfylla til að fá greitt úr sjóðnum. A mælti einnig fyrir um að óheimilt væri að selja fasteignir hans og hlutabréf, en lausafé hans skyldi selt ásamt hlutdeild hans í fasteign sem A átti í sameign við erfingja foreldra sinna.

5. Ráðstöfun tilgreindra muna

Arfleifandi getur skv. 2. mgr. 36. gr. el. ráðstafað einstökum munum, úr séreign sinni eða hjúskapareign, til tiltekins eða tiltekinna erfingja. Þessi heimild er þó þeirri takmörkun háð að verðmæti munanna sé ekki umfram skylduerfðahluta erfingja að viðbættum þeim hluta, sem arfleifanda er heimilt að ráðstafa með erfðaskrá. Skylduerfingjar geta orðið fyrir hagsmunaskerðingu vegna þessa, líkt og þegar bréfarfi er útdelt sérstaklega.⁶⁰ Ef arfleifandi á til dæmis fasteign og meginhluta hlutabréfa í hlutafélagi og hann vill arfleiða syni sína að þessum verðmætum en telur annan þeirra betur fallinn til að fara með hlutabréfin þá getur hann ákveðið í erfðaskrá að sá sonur hljóti hlutabréfin en hinn sonurinn fasteignina svo lengi sem verðmunurinn á þessum eignum nemur ekki meiru en þriðjungu eigna hans. Því ef verðmunurinn er meiri þá er arfleifandi kominn út fyrir heimild sína skv. 35. gr. el. og þá er þessi skipting eignanna háð samþykki erfingja hans.⁶¹ Mismunurinn á arfi til skylduerfingja verður því að vera innan marka þriðjungsheimildar 35. gr. el., sbr. 2. mgr. 36. gr. sbr. **H 2004:1453** en í því máli var deilt um hvort arfleifendur hefðu farið út fyrir arfleifsluheimild sína í tveimur erfðaskráum sínum.

H 2004:1453 Hjónin M og K arfleiddu dóttur sína, A, að öllum hlutabréfum sínum með erfðaskrá. Þau arfleiddu svo með nýrri erfðaskrá, dóttur sína, B, að sumarhúsi og íbúð, og syni látins sonar þeirra, þá C, D og E að 50% af 4. hæð húseignar, sem þau áttu í óskiptri sameign með Q. Þau tóku fram að þau teldu arfinum jafnskipt með

⁶⁰ Páll Sigurðsson, *Erfðaréttur*, 2007: bls. 224

⁶¹ Björn Þ Guðmundsson, *Lögbókin þín*, 1989: bls. 59

Þessum hætti, en að því marki sem hann væri það ekki skyldi það falla undir heimild þeirra til að ráðstafa eignum sínum með erfðaskrá skv. 2. mgr. 36. gr. el., sbr. 35. gr. Deilt var um hvort farið hefði verið út fyrir heimild 35. gr. el. Niðurstaða Hæstaréttar var sú að svo hefði ekki verið og mismunur á verðmæti þeirra eigna er A, B, C, D og E hlutu í arf, skyldi teljast bréfarfur A og B til viðbótar skylduerfðahlutum þeirra.

Með ákvæði í erfðaskrá um ráðstöfun einstakra muna veitir arfleifandi tilteknum erfingja raunverulegan forgangsrétt að ákveðnu verðmæti en hann getur ekki skyldað erfingjann til að taka við því. Erfingi hefur alltaf rétt til að hafna arfi eða neita að taka við þeim hlut er arfleifandi ánafnar honum.⁶²

Ef arfleifandi á aftur á móti enga skylduerfingja er honum auðvitað frjálst að útdeila arfinum eftir sig eins og honum þóknast og getur hann þá tilgreint það í erfðaskrá hver skuli hljóta hvað. Hann hefur mjög frjálsar hendur með það hvernig hann ber sig að við útdeilingu verðmætanna, hann getur gert tæmandi lista í erfðaskrá yfir allar eigur sínar og hver skuli hljóta hvaða eign. Einnig getur hann ákveðið að tilteknar eignir renni til tilgreindra aðila en aðrar eignir skuli falla til erfingja samkvæmt lögum, eða þær skuli renna til góðgerðarmála, eða deilast eftir ákveðnum hlutföllum, á milli áðurgreindra aðila eða einhverra þeirra. Arfleifandi gæti til dæmis kveðið á um að A skyldi erfa sumarbústað, B málverk eftir Kjarval, C bifreið arfleifanda og innbú og lausafé skuli svo deilast á milli A, C og E eftir ákveðnum hlutföllum.

B. Kvaðir á arf

Arfleifandi getur með erfðaskrá lagt vissar kvaðir á arf og er þá arfurinn bundinn vissum höftum sem erfingjar og aðrir, eftir því sem við á og skuldheimtumenn hlutaðeigandi erfingja verða að virða. Arfleifanda er almennt frjálst og heimilt að binda erfingja sína með því að leggja kvaðir á arf. Þessari heimild hans eru þó viss takmörk sett, sérstaklega hvað varðar kvaðir á skylduarf, því skv. 1. mgr. 36. gr. el. er arfleifanda óheimilt að setja erfingja fyrirmæli um meðferð á skylduarfi, sbr. **H 1979:531**, nema lög mæli á annan veg. Arf sem ekki er skylduarfur, svo sem lögarf eða bréfarf, má aftur á móti binda kvöðum, sbr. 52. gr. el.

H 1979:531 K gerði eiginmann sinn, M að einkaerfingja sínum í erfðaskrá, en batt arfinn þó þeirri kvöð að eftir lát M, skyldi sá arfur er hann hlaut eftir hana, falla skv.

⁶² Ármann Snævarr, *Erfðaréttur*, 1991: bls. 273-274

erfðaskrá hennar, en ekki renna til erfingja hans, eða samerfingja þeirra. Skv. erfðaskránni átti helmingur arfsins að deilast að jöfnu á milli þriggja tilgreindra kvenna, en restin til Björgunarskútusjóðs Breiðafjarðar. M gerði svo erfðaskrá þar sem hann ráðstafar bréfarfi að jöfnu til KFUM í Reykjavík og Krabbameinsfélagsins í Reykjavík. Deilt var um heimild K til að leggja slíkar kvaðir á arf M, þar sem hann var skylduerfingi hennar. Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu að K hefði verið óheimilt að ráðstafa eða leggja kvaðir á meira en þriðjung arfsins. Þannig að þriðjungur þess arfs er M fékk eftir hana var ráðstafað skv. erfðaskrá hennar eftir hans dag, en annar arfur eftir hana, þ.e. sá hluti er M fékk í skylduarf féll til erfingja M.

Kvaðir sem lagðar eru á arf verða almennt að vera framkvæmanlegar og innan skynsemismarka, jafnframt því sem almenn og lögbundin gildisskilyrði erfðaskráa verða að vera uppfyllt.⁶³ Kvaðir á arfi geta svo fallið niður hvenær sem er á meðan erfingi lifir en dómsmálaráðuneytið hefur heimild til að fella niður kvaðir á arfi nema erfðaskrá kveði á um annað. Kvaðir á arfi falla í síðasta lagi niður við andlát erfingjans og verða erfingjar hans þá almennt ekki bundnir af þeim, sbr. 3. mgr. 50. gr. el. Fyrirmæli um kvaðir á arfi geta verið háð þinglýsingu eða opinberri birtingu með hliðstæðum hætti og úrskurðir um sviptingu lögræðis, hvað sumar eignir varðar.⁶⁴

Kvaðir á arfi geta verið með ýmsu móti og ekki verður gerð tæmandi upptalning á öllum þeim kvöðum sem mögulegt er að leggja á arf heldur verður einungis fjallað um þær helstu hér. Þess má svo geta að heimildir fyrir því að leggja kvaðir á arf með erfðaskrá er að finna víðar en í erfðalögunum, svo sem í hjúskaparlögum nr. 31/1993 og lögum um aðför nr. 90/1989.

Sé arfur bundinn kvöðum þá getur erfingi ekki ráðstafað höfuðstólnum heldur ræður hann einungis yfir eindöguðum greiðslum, skv. almennum reglum, nema erfðaskrá mæli fyrir um annað. Kvaðaarfur er einnig undanþeginn aðför skuldheimtumanna á meðan erfingi er á lífi nema ef vera skyldi skaðabætur sem hann hefur verið dæmdur til að greiða vegna refsiverðs verknaðar eða öðrum verknaði frömdum af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi, sbr. 51. gr. el.

⁶³ Páll Sigurðsson, *Erfðaréttur*, 2007: bls. 224-225

⁶⁴ Ólafur Jóhannesson, *Lög og réttur*, 1975: bls. 137-138

1. Kvaðir sem leggja má á skylduarfi

Arfleifandi getur ekki gefið skylduerfingjum sínum fyrirmæli um meðferð þeirra á arfinum. Erfingi þarf því almennt ekki að hlíta því ef arfleifandi kveður svo á um að stofna skuli sjóð af öllum eignum hans og erfingjar skuli svo hljóta árlegan arð úr sjóðnum eftir erfðahlutdeild, sbr. hins vegar kvaðaarf.⁶⁵ Skylduerfingjum er almennt frjálst hvernig þeir fara með og verja arfi sínum lög geta þó heimilað ákveðnar undantekningar þar á.⁶⁶

Arfleifandi getur kveðið á um í erfðaskrá hvernig farið skuli með skylduarf til einstakra niðja eða maka að ákveðnum skilyrðum uppfylltum, sbr. 1. mgr. 50. gr. el. Þrír möguleikar eru til að setja kvaðir á skylduarf og verður nánar fjallað um þá hér á eftir. Þessar kvaðir eru allar bundnar þeim forsendum að sérstök hætta sé á að erfingi, eða erfingjar, sói erfðahlut sínum af ráðaleysi. Þetta verður arfleifandi að meta í fyrstu og fá síðan samþykki dómsmálaráðherra fyrir þeirri kvöð sem hann hyggst leggja á arf þess erfingja. Engar nánari skýringar eru á því hvort eða hvernig sýna skuli fram á að hætta sé á að erfingi fari illa með erfðahlut sinn eða hvaða skilyrði verði að uppfylla til að heimilt sé að leggja mat á hvort þörf sé á slíkum kvöðum á skylduarf. Telja má að þetta sé háð mati hverju sinni. Þessar forsendur eru þó aðeins bundnar við kvaðir á skylduarfi.⁶⁷

Dómsmálaráðherra getur, skv. 2. mgr. 50. gr. el., að beiðni erfingja felld niður kvaðir á arfi að nokkru leyti eða öllu þegar erfingi hefur náð 21 árs aldri og sýnir fram á að þær ástæður, sem lágu til grundvallar því að kvaðir á arfi voru samþykktar, séu ekki lengur fyrir hendi. Kvöðfellur niður í síðasta lagi við andlát, sbr. 3. mgr. 50. gr. el., líkt og áður var nefnt.⁶⁸

a. Arfur lýtur reglum um fé ófjarráða

Arfleifandi getur mælt svo fyrir um í erfðaskrá að erfðahluti tiltekins eða tiltekinna erfingja, skuli lúta reglum um fé ófjarráða. Reglur um meðferð slíks fjár er að finna í VI. kafla lögræðis laga nr. 71/1997.

⁶⁵ Ármann Snævarr, *Erfðaréttur*, 1991: bls. 269

⁶⁶ Gunnar G. Schram, *Lögfræðihandbókin*, 1974: bls. 126

⁶⁷ Páll Sigurðsson, *Erfðaréttur*, 2007: bls. 227

⁶⁸ Björn Þ. Guðmundsson, *Formálabókin þín*, 1975: bls. 59

b. Erfingi fær arfinn í áföngum

Arfleifandi getur kveðið svo á um í erfðaskrá að tilteknum erfingja eða erfingjum skuli, með vissu millibili, greidd út tiltekin fjárhæð af höfuðstóli arfs. Dómsmálaráðherra getur þó, sbr. 2. mgr. 50. gr. el., vikið frá þessu og greitt erfingja hærri fjárhæðir af arfi en erfðaskrá mælir fyrir um. Þessi heimild dómsmálaráðherra er þó háð því skilyrði að brýn nauðsyn erfingja eða fjölskyldu hans krefjist þess.

c. Kvaðir á ráðstöfun arfs

Arfleifandi getur sett kvaðir á ráðstöfun eigna, svo sem að óheimilt sé að ráðstafa eign eða leita fullnustu í henni, nema með tilteknum hætti. Mögulegt er að binda þessa kvöð ákveðnum tíma í erfðaskrá, eða hafa hana ótímabundna, sbr. **H 1986:958**.⁶⁹

2. Arfur gerður að séreign erfingja

Arfleifandi getur í erfðaskrá kveðið á um að arfur eftir hann skuli vera séreign erfingja í hjúskap hans. Þessa heimild arfleifanda er að finna í 1. mgr. 77. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993 (hjskl). Arfleifandi getur mælt fyrir um að allur arfur eftir hann skuli vera séreign þess er hann hlýtur, eða einungis mælt svo fyrir að arfshluti tiltekins eða tiltekinna erfingja verði séreign þeirra í hjúskap. Þessa kvöð er hægt að leggja á arf skylduerfingja enda ekki um að ræða fyrirmæli um meðferð arfs, líkt og bann er lagt við í 2. mgr. 36. gr. el. Ákvæði í erfðaskrá, um að arfur skuli vera séreign, tekur því jafnt til skylduerfingja og annarra erfingja. Slíkt ákvæði á þó ekki einungis við um arfinn sjálfan, heldur einnig þau verðmæti sem koma í hans stað, auk þess arðs er af arfinum hlýst, sbr. 75. gr. hjskl., nema annað hafi verið ákveðið af arfleifanda.

Ákvörðun arfleifanda um að arfur skuli vera séreign erfingja er ekki hægt að breyta og stendur ákvæðið því, þó svo að hjón geri með sér samning um annað, nema sérstaka heimild til slíks sé að finna í erfðaskrá, sbr. 2. mgr. 77. gr. hjskl.

Þessari kvöð getur verið gott að beita til að tryggja að ákveðin verðmæti haldist í eigu vissra aðila, t.d. til að tryggja að ákveðin verðmæti haldist innan fjölskyldunnar eða til að tryggja að maki erfingja njóti ekki góðs af arfshluta hans við skilnað heldur falli arfurinn utan skipta og haldist áfram í eigu erfingja.

⁶⁹ Sjá reifun á bls. 38

3. Arfur undanþeginn aðför skuldheimtumanna

Arfleifandi getur einnig í erfðaskrá bundið arf þeirri kvöð að hann verði undanþeginn aðför skuldheimtumanna. Samkvæmt 1. mgr. 50. gr. laga nr. 90/1989 um aðför verður fjárnám ekki gert í eign sem gefin hefur verið gerðarþola með þeim fyrirmælum að hún skuli vera undanþegin aðför. Kvöð sem þessi er í ákveðnum tilvikum háð þinglýsingu, t.d. ef fasteign skal vera undanþegin aðför þá verður að þinglýsa þessari kvöð á eignina, sbr. **H 1986:958**.

H 1986:958 L arfleiddi dótturdóttur sína, Þ, að fasteign, en batt arfinn þeirri kvöð að hana mætti ekki selja, né veðsetja fyrr en í fyrsta lagi árið 1998. Árið 1982 veitti dómsmálaráðuneytið Þ heimild til sölu eignarinnar og voru tvær eignir keyptar í hennar stað og kvöðinni þinglýst á þær í stað hinnar eldri eignar. Árið 1984 stóð Þ ekki skil á opinberum gjöldum og var þá gert lögtak í annarri fasteigninni, þrátt fyrir að eignin væri í raun undanþegin aðför skuldheimtumanna. Þ kærði málið því til Hæstaréttar sem felldi lögtaksgerðina úr gildi á þeim grundvelli að í lögum væru engin sérákvæði um persónulegar skattkröfur og yrði því að skipa þeim með kröfum annarra skuldheimtumanna.

Ákvæði varðandi þetta er einnig að finna í 1. mgr. 73. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Samkvæmt þeirri málsgrein rennur arfur, dánargjöf, dánarbedsgjöf eða lífsgjöf, sem fellur eða kemur til framkvæmdar meðan á skiptunum stendur, ekki til þrotabúsins, líkt og önnur fjárhagsleg réttindi þrotamanns, ef arfleifandi eða gefandi hefur gert þá undanþágu á lögumætán hátt, sbr. **H 1992:2293**.

H 1992:2293 B hafði í erfðaskrá kveðið á um að allur arfur eftir hann skyldi vera séreign erfingja og vera undanþeginn aðför skuldheimtumanna. Er B deyr hefur bú A, sonar B, verið tekið til gjaldþrotaskipta. Í kjölfar fráfalls B rísa upp deilur um það hvort arfur eftir hann skuli renna til A eða til þrotabús A. Þrotabúið taldi erfðaskrá B vera ógilda þar sem ólögmaett hlyti að vera að koma fjármunum undan með þessum hætti, þar sem erfðaskráin var ekki gerð fyrr en eftir að bú A hafði verið tekið til gjaldþrotaskipta. Auk þess sem óheimilt væri að binda skylduaf kvöðum, nema með samþykki dómsmálaráðuneytisins, en þess hafði ekki verið aflað. Héraðsdómur úrskurðaði kvöðina lögmaeta, en Hæstiréttur samþykkti ekki að slíka kvöð mætti leggja á skylduaf og mat hana því einungis lögmaeta að því sem nam bréfarfi. Þannig að 2/3 arfsins, þ.e. skylduafur A fór til þrotabús A, en 1/3 arfsins, þ.e. bréfarfur, kom í hlut A og var undanþegin aðför skuldheimtumanna.

4. Erfingi þarf að uppfylla ákveðin skilyrði til arftöku

Arfleifandi getur sett í erfðaskrá ákvæði um að erfingi skuli uppfylla ákveðin skilyrði fyrir arftöku, t.d. að erfingi skuli ekki hljóta arf fyrr en hann verði fjárráða, eða að erfingi fái arf er hann hefur náð ákveðnum aldri eða lokið háskólanámi o.s.frv. Þessi heimild fer raunar eftir hugmyndaflugi arfleifanda. Um er að ræða ólögbundna heimild sem er þó notuð í einhverju mæli, sbr. X. kafli. Slíka kvöð er þó ekki hægt að setja skylduerfingjum, nema að því sem gæti numið bréfarfi til þeirra.

Ef arfleifandi vill setja erfingja sínum ákveðin skilyrði fyrir arftöku, þá er margt sem þarf að huga að því hér á landi er engin stofnun sem tekur að sér vörslu kvaðaarfs og því ætti arfleifandi að skipa vörslumann til að sjá um vörslur arfsins þar til erfingi uppfyllir þau skilyrði er honum voru sett fyrir arftöku. Arfleifandi ætti einnig að hugsa fyrir því hvað skuli verða um arfinn ef erfingi uppfyllir ekki skilyrði til arftöku, t.d. ef skilyrðið er að erfinginn klári háskólanám en fyrirséð er að ekki muni verða að því. Þá þyrfti arfleifandi að gera ráðstafanir um það hvernig skuli fara með þann arfshluta, t.d. gæti hann kveðið á um að hann skuli þá renna til lögerfingja, góðgerðarsamtaka, Erfðafjárjóðs eða annað. Hann gæti jafnvel eftirlátið vörslumanni arfsins ákvörðunarvald um það hvernig skuli ráðstafa arfinum í slíku tilfalli.

Ljóst er að þessi heimild er mjög rúm en óljóst er hversu rúm hún er í raun þar sem að jafnaði skal ljúka skiptum á dánarbúi innan tilskilins tíma. Ætli menn að setja erfingjum sínum slík skilyrði fyrir arftöku er því að mörgu að huga.

5. Kvaðir varðandi ráðstöfun arfs

Arfleifandi getur sett erfingja ákveðin fyrirmæli um ráðstöfun arfs með þar til gerðu ákvæði í erfðaskrá, t.d. að arfinum skuli ráðstafað til viðhalds eða uppbyggingu eigna. Slíka kvöð er þó ekki hægt að leggja á skylduarf, sbr. 1. mgr. 36. gr. el., en hana má leggja á bréfarf. Algengast er að kvaðir séu settar á ráðstöfun arfs til stofnana og félaga, t.d. er arfur til heilbrigðisstofnana oft bundinn því að honum skuli varið til tækjakaupa fyrir ákveðna deild arfur til félagasamtaka er oft ætlaður til kaupa á húsnæði eða uppbyggingu á húsnæði samtaka, arfur getur jafnvel verið hugsaður til styrktar fræðiskrifa og svo má lengi telja, möguleikarnir eru endalausir. Sjá t.d. **H 1986:1626**.

H 1986:1626 Barnlaus hjón gerðu sameiginlega og gagnkvæma erfðaskrá um ráðstöfun arfs eftir lát beggja. Í 4. gr. erfðaskrárinnar, kveða þau á um að ákveðinn hluti lands í þeirra eigu, ásamt sumarbústaði og öllu innbúi skuli falla til Hjartaverndar og að vilji þeirra sé að Hjartavernd muni nýta svæðið sem hvíldar- og hressingarstað. Þau kváðu svo á um að hinn hluti landsins skyldi renna til Skógræktar ríkisins og að vilji þeirra væri að þar risi sumardvalarheimili fyrir drengi á aldrinum 6-14 ára, sem ætlað væri að hlú að gróðri með trjárækt og ræktun landsins. Þegar til skipta kom neytti Grímsneshreppur forkaupsréttar síns og keypti jörðina. Hjartavernd og skógrækt gátu því ekki fengið jörðina í arf og fóru því fram á að fá andvirði hennar þess í stað. Niðurstaða Hæstaréttar var sú sama og niðurstaða skiptaréttar, þ.e. að þar sem jörðin væri nú í eigu Grímsneshrepps, þá væri Hjartavernd og Skógrækt ríkisins ómögulegt að uppfylla skilyrði erfðaskrárinnar fyrir ráðstöfun arfsins og skyldi því kaupverð jarðarinnar renna til lögerfingja hjónanna samkvæmt lögum.

Af ofangreindum dómi má sjá að skilyrði fyrir ráðstöfun arfs geta verið mjög ströng og orðið til þess að erfingi getur ekki fengið arfinn í sinn hlut ef hann getur ekki ráðstafað honum í samræmi við fyrirmæli arfleifanda. Fyrirmæli arfleifanda voru að landið yrði notað undir hressingarhæli Hjartaverndar annars vegar og skógrækt hins vegar, en þau gerðu enga fyrirvara um það hvernig fara skyldi ef ekki yrði hægt að nýta landið til þessa. Þess vegna var ekki fallist á varakröfur aðila um að þeim yrði úthlutað hluta kaupverðsins annars vegar til uppbyggingar hressingarhælis og hins vegar til skógræktar annars staðar.

Arfleifandi getur einnig mælt svo fyrir um í erfðaskrá að tiltekinn hlutur verði keyptur af fé búsins og að hann falli svo í hlut tiltekins erfingja. Einnig er mögulegt fyrir arfleifanda að gefa, í erfðaskrá, fyrirmæli um ráðstöfun arfs að erfingja látnum en þá erfir tiltekinn maður ákveðnar eignir skv. erfðaskrá og hefur yfírráð þeirra í lifanda lífi, en eftir lát erfingjans skulu eignirnar ganga til þeirra aðila er arfleifandi kvað á um að skyldu hljóta þær þegar erfingjans nyti ekki lengur við, sbr. **H 1983:381**.

H 1983:381 A og B gerðu með sér sameiginlega og gagnkvæma erfðaskrá, þar sem þau kváðu á um að hið langlífara skyldi erfa allar eigur hins skammlífari, en eftir lát beggja skuli eignir þeirra deilast jafnt á milli lögerfingja beggja. A verður langlífari og gerir þá nýja erfðaskrá, þar sem hún ráðstafar öllum eignum búsins, í bága við rétt lögerfingja B. Erfðaskrá hennar var því dæmd ógild að hluta, þar sem hún hafði einungis heimild til að ráðstafa helmingi eigna búsins, vegna ákvæðis hinnar sameiginlegu og gagnkvæmu erfðaskrár þeirra hjóna. Þannig að A varð að sæta því að hún gæti ekki ráðstafað þeim arfi er hún hafði fengið eftir manninn sinn, þar sem hann hefði sjálfur verið búinn að mæla fyrir um ráðstöfun þeirra eftir hennar dag.

Þessari kvöð verður erfingi og erfingjar hans að sæta, nema þegar slík kvöð beinist að skylduarfi, þá sætir hún verulegum takmörkunum, nema skylduerfinginn hafi samþykkt kvöðina formlega, sbr. **H 1979:531**.⁷⁰

H 1979:531 Málavextir voru þeir að K hafði gert erfðaskrá, þar sem hún arfleiddi eiginmann sinn, M, að öllum eigum sínum, en setur þó þau fyrirmæli að, að honum látnum skuli sá arfur er hann fékk eftir hana falla samkvæmt erfðaskrá hennar, en ekki renna til erfingja hans eða samerfingja þeirra, heldur skuli helmingur arfsins deilast að jöfnu á milli þriggja tilgreindra kvenna og hinn helmingurinn til Björgunarskútusjóðs Breiðafjarðar. M gerði svo erfðaskrá þar sem hann ráðstafar bréfarfi að jöfnu til KFUM í Reykjavík og til Krabbameinsfélagsins í Reykjavík. Deilt var um heimild K til að leggja slíkar kvaðir á arf M, þar sem hann var skylduerfingi hennar. Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu að K hefði farið út fyrir arfleðsluheimild 35. gr. el. þar sem M var skylduerfingi hennar og henni því óheimilt að ráðstafa eða leggja kvaðir á meira en þriðjung arfsins. Þannig að þriðjungur þess arfs er M fékk eftir hana, var ráðstafað samkvæmt erfðaskrá hennar, eftir hans dag.

Erfingi sem tekur við arfi með slíkri kvöð hefur því að vissu leyti bundnar hendur varðandi ráðstöfun hans en skv. **H 1992:1926** þá getur hann, í lifanda lífi, ráðstafað eignunum sem hann fær í arf, þrátt fyrir að þær séu bundnar slíkri kvöð.

H 1992:1926 A og B gerðu með sér sameiginlega og gagnkvæma erfðaskrá þar sem langlífara er arfleitt að öllum eignum. Eftir lát beggja átti móðir B að taka arf eftir þau, að undanskyldum móðurarfi A, sem var í óskiptu búi hjá föður hans, en hann átti að renna til þriggja tilgreindra aðila. Móðir B féll frá á undan A og B. Eftir lát A gerði B nýja erfðaskrá, þar sem hún arfleiddi C að öllu. Lögerfingjar og bréferfingjar skv. hinni sameiginlegu og gagnkvæmu erfðaskrá véfengdu erfðaskrá B og fóru fram á ógildingu hennar og að hin sameiginlega og gagnkvæma erfðaskrá skyldi lögð til grundvallar skiptum. Hæstiréttur staðfesti gildi erfðaskrárinnar, og taldi að B hefði, sem einkaerfingja búsins, verið heimilt að ráðstafa eignum þess að vild og þar sem B hafði neyðst til að selja fasteign þá, er A erfði eftir foreldra sína, þá væri hún ekki lengur til staðar og því ekki hægt að ráðstafa henni til bréferfingja A. Einn dómari skilaði þó sératkvæði og taldi að meta skyldi verðgildi húseignarinnar, sem A fékk í arf eftir foreldra sína og bréferfingjum hans skyldi greitt út helming af verðgildi hennar, þ.e. verðgildi þess hluta er hann fékk í móðurarf, þar sem einungis var getið á um móðurarf hans í erfðaskránni.

⁷⁰ Páll Sigurðsson, *Erfðaréttur*, 2007: bls. 228-231

C. Endurveiting erfðaréttar

Ef maður fremur af ásetningi brot gegn almennum hegningarlögum sem hefur í för með sér dauða annars manns þá má ákveða með dómi að hann hafi fyrirgert erfðarétti sínum eftir hinn látna, sbr. **H 1983:582**.

H 1983:582 B var dæmd til að hafa fyrirgert erfðarétti sínum eftir eiginmann sinn, sbr. 1. mgr. 23. gr. el. þar sem hún hafði ráðið honum bana, með því að kveikja í honum, þar sem hann lá sofandi ofurölvi.

Aðili getur einnig fyrirgert erfðarétti sínum með því að beita, foreldri sitt eða annan ættingja í beinan legg upp á við ofbeldi, hótunum, ærumeiðingum eða öðrum stórfelldum misgjörðum, sbr. 2. mgr. 23. gr. el. Menn verða þó ekki dæmdir til að hafa fyrirgert erfðarétti sínum eftir þann mann er fyrir misgjörðinni varð nema hann krefjist þess.

Þrátt fyrir að aðili hafi fyrirgert erfðarétti sínum með þessum hætti er þó mögulegt að endurveita honum hann með erfðaskrá að öllu leyti eða að hluta. Þessi heimild er til staðar þó svo að aðstæður hafi verið með þeim hætti semsegir í 2. mgr. 23. gr. el. Þá er sá möguleiki fyrir hendi að með aðilum náist sættir síðar meir sem geti orðið til þess að arfleifandi muni fyrirgefa misgjörðarmanninum og vilja veita honum erfðarétt eftir sig að nýju.⁷¹ Það ber þó vart að nefna að ómögulegt er að endurveita aðila erfðarétt, sem hefur verið sviptur honum, skv. 1. mgr. 23. gr. el., þar sem arfleifandi er þá látinn og getur því ekki endurveitt aðila erfðarétt.

D. Fyrirmæli um búskipti

Arfleifandi getur, skv. 1. tl. 1. mgr. 37. gr. laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o.fl. (skl.), haft áhrif á skipti á búi sínu eftir sinn dag með því að tilnefna í erfðaskrá ákveðinn mann sem skiptastjóra eða mæla svo fyrir um í erfðaskrá að búinu skuli skipt opinberum skiptum. Slík ákvörðun arfleifanda er bindandi fyrir erfingja hans og geta þeir ekki kvatt annan aðila til að vera skiptastjóri en þann sem arfleifandi tilnefndi, erfingjarnir verða einnig að sæta því að skipti verði opinber og geta ekki fengið leyfi til einkaskipta á búinu.

⁷¹ Gunnar G. Schram, *Lögfræðihandbókin*, 1974: bls. 129

E. Tilnefning réttthafa váttryggingar

Tilnefning réttthafa fer að jafnaði fram er arfleifandi tekur líftryggingu, en tilnefning réttthafa getur einnig farið fram með formlegri tilkynningu til tryggingarfélags þess er tryggingin er hjá. Einnig er, skv. 2. mgr. 102. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga, hægt að tilgreina réttthafa tryggingar í erfðaskrá. Með erfðaskrá er jafnframt mögulegt að afturkalla áðurgerða tilnefningu réttthafa eða jafnvel tilnefna annan réttthafa í hans stað. Þannig að arfleifandi getur í erfðaskrá tilnefnt réttthafa, hafi hann ekki gert svo áður, breytt um réttthafa eða fellt niður réttthafa.

Tilnefningu réttthafa tryggingar fylgja mikil réttindi, því hafi réttthafi tryggingar verið tilnefndur þá renna tryggingabætur ekki inn í dánarbúið heldur beint til réttthafa, utan skipta. Tilnefning réttthafa tryggingar getur því haft mikil áhrif á skipti eftir hinn látna, því hún hefur áhrif á það hvort tryggingin fellur inn í dánarbúið eður ei.⁷² Þannig að með tilnefningu réttthafa tryggingar getur arfleifandi bætt stöðu ákveðins aðila, þ.e. réttthafa, svo um munar. Tryggingarféð fellur, beint til réttthafa, utan skipta, sama hversu há tryggingin er eða hversu verðmæt hún er miðað við efni búsinns. Þannig að tilgreining réttthafa getur bætt stöðu aðila svo um munar.

Þess má þó geta að ef réttthafi er látinn, þá rennur tryggingarféð inn í búið en ekki til lögerfingja réttthafa. Honum er persónulega veittur þessi réttur og því væri óeðlilegt ef tryggingarféð rynni til erfingjar hans en ekki lögerfingjar hins líftryggða.

F. Fyrmæli um framkvæmd höfundarréttar

Höfundur getur gert ráðstafanir um framkvæmd höfundarréttar að honum látnum með ákvæði í erfðaskrá. Slíkt ákvæði hefur gildi gagnvart öllum erfingjum hins látna, að skylduerfingjum meðtöldum, sbr. 2. mgr. 31. gr. höfundarlaga nr. 73/1972.

H 1983:381 A og B gerðu sameiginlega og gagnkvæma erfðaskrá, og kváðu á um að þau skyldu erfa hvort annað, en eftir lát beggja skyldu eiga þeirra deilast jafnt á milli lögerfingja beggja. A, sem varð langlífari gerði nýja erfðaskrá, þar sem hún ráðstafaði höfundarrétti B, til Rithöfundasambands Íslands. Sú erfðaskrá var þó ógild, þar sem A var einungis heimilt að ráðstafa sínum hluta búsinns, en ekki vegna þess að óheimilt væri að ráðstafa höfundarrétti með þessum hætti.

⁷² Páll Sigurðsson, *Erfðaréttur*, 2007: bls. 59

VII. Takmarkanir erfðaskráa

Nokkur dæmi hafa verið nefnd um möguleika arfleifanda við erfðaskrárgerð, en margt fleira hefði þó verið hægt að tína til, þar sem menn hafa nokkuð frjálssar hendur um það hvað þeir gera með erfðaskrá. Þetta frelsi manna er þó ekki algerlega án takmarkana en hér á eftir verður farið í gegnum þær takmarkanir sem eru á frelsi manna varðandi ákvæði erfðaskráa. Erfðaskrárákvæði mega ekki brjóta gegn lögum eða almennu velsæmi, svo ákvæði erfðaskrár verður að rúmast innan ramma laganna til að vera gilt.

A. Ákvæði andstæð lögum og/eða almennu velsæmi

Ákvæði erfðaskráa verða að vera í samræmi við lög því erfðaskrárákvæði sem eru andstæð lögum eru ógild og koma því ekki til álita við skipti. Ákvæði í erfðaskrá þar sem arfleifandi veitir eftirlifandi sambýlismaka sínum leyfi til setu í óskiptu búi yrði t.d. ógilt þar sem lögin heimila einungis eftirlifandi hjúskaparmaka að sitja í óskiptu búi. Einnig er óheimilt að svipta skylduerfingja arfi eða leggja kvaðir á skylduarf, nema að því sem nemur bréfarfi. Ef kvaðir eru lagðar á skylduarf, þá er kvöðin að jafnaði einungis látin ná til þess sem nemur bréfarfi, sbr. **H 1979:531** og **H 1992:2293**.

H 1992:2293 Faðir P hafði í erfðaskrá sinni bundið allan arf eftir sig þeirri kvöð að hann skyldi vera undanþeginn aðför skuldheimtumanna. P verður svo gjaldþrota, fer þá þrotabúi hans fram á að föðurarfur hans skuli renna inn í þrotabúið og bendir á, að um sé að ræða skylduarf, sem óheimilt sé að binda kvöðum. Hæstiréttur féllst á þetta og því skyldi 2/3 (skylduarfur) arfsins falla til þrotabúsins, en 1/3 (bréfarfur) til P.

Ef arfleifandi fer út fyrir ráðstöfunarheimild 35. gr. el., þá getur það orðið til þess að erfðaskrá verður rengjanleg, að nokkru leyti eða öllu. Ef arfleifandi, sem á skylduerfingja, ráðstafar fjárhæð sem nemur meiru en þriðjungi eigna sinna við andlát þá gefur renging tilefni til að fjárhæðin verði lækkuð svo hún rúmist innan 35. gr. el., sbr. **H 1979:531**. Hafi arfleifandi ánafnað fleiri en einum aðila fjárhæðir sem samanlagt eru hærri en nemur þriðjungi eigna búsins þá skulu þeir sæta lækkun að tiltölu, nema annað megi ráða af gögnum um vilja arfleifanda.⁷³

⁷³ Ármann Snævarr, *Erfðaskrá*, 1991: bls. 275

H 1979:531 K arfleiddi eiginmann sinn, M, að öllum eigum sínum, en bindur arfinn þeirri kvöð að hann skuli falla skv. erfðaskrá hennar eftir lát M, en ekki renna til erfingja hans eða samerfingja þeirra. Deilt var um heimild K til að leggja slíkar kvaðir á arf M, þar sem hann var skylduerfingi hennar. Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu að K hefði farið út fyrir arfleidsluheimild 35. gr. el., þar sem M var skylduerfingi hennar og K því óheimilt að ráðstafa eða leggja kvaðir á meira en þriðjung arfsins. Þannig að þriðjungur þess arfs er M fékk eftir hana var ráðstafað skv. erfðaskrá hennar, eftir hans dag, en restin féll til erfingja M skv. lögum.

Ákvarðanir arfleifanda um að arfi skuli varið til einhvers sem er ólögmeitt eða andstætt almennu velsæmi teljast vafalaust ógildar.⁷⁴ Ákvæði í erfðaskrá sem styrkja refsiverða starfssemi af einhverju tagi eða efla andfélagslegt eða siðlaust atferli yrðu því metin ógild. Auðvelt getur verið að sjá hvort ákvæði er ætlað að styrkja refsiverða starfssemi en örðugra getur verið að meta hvort það eflir andfélagslegt eða siðlaust atferli. Þar sem almennar siðgæðiskröfur geta verið breytilegar á milli tíma og jafnvel manna á milli og eru því háðar mati á hverjum tíma fyrir sig. Við slíkt mat skal taka mið af því sem ætla má að falli að siðgæðiskröfum flestra fremur en sérstökum og e.t.v. afbrigðilegum viðhorfum fámennra hópa eða einstakra manna.⁷⁵

Fyrirmæli arfleifanda um stofnun skóla fyrir innbrotspjófa, skjalafalsara eða bruggara o.s.frv. yrðu því virt að vettugi án rengingar þar sem um ólögmeita starfssemi væri að ræða. Það sama myndi eiga við um arfleidslu arfleifanda á innbrotsverkfærum sínum eða öðrum slíkum munum.⁷⁶ Aftur á móti gæti ákvæði um að arfi skuli ráðstafað til útgáfu klámtímarits talist gott og gilt að margra mati, en andstætt almennu velsæmi, að mati annarra. Slíkt ákvæði hefði eflaust talist ósiðlegt og þar með ógilt fyrir nokkrum árum, en gæti talist gott og gilt í dag, þannig að gildi slíkra ákvæða getur í raun farið eftir tíðaranda hverju sinni.

B. Spilling eða eyðilegging eigna

Arfleifanda er einnig, skv. 39. gr. el., óheimilt að mæla fyrir um spillingu eða eyðileggingu eigna nema eðlileg og skynsamleg ástæða liggja að baki. Ef arfleifandi mælir fyrir um spillingu eða eyðileggingu eigna þá er gildi þess ákvæðis háð því að eðlileg eða

⁷⁴ Ólafur Jóhannesson, *Lög og réttur*, 1975: bls. 140

⁷⁵ Páll Sigurðsson, *Erfðaréttur*, 2007: bls. 196

⁷⁶ Ármann Snævarr, *Erfðaréttur*, 1991: bls. 344

skynsamleg ástæða sé fyrir hendi. Ákvæði 39. gr. el., um að erfðaskrárákvæði verði að vera eðlilegt og skynsamlegt, á þó einungis við um erfðaskrárákvæði er mæla fyrir um spillingu eða eyðileggingu eigna. Gildi erfðaskrárákvæða er því ekki almennt háð því að þau teljist skynsamleg eða eðlileg.⁷⁷ Þess má þó geta að við mat dómstóla á arfleiðsluhæfi arfleifanda er oft litið til þess hvort ákvæði erfðaskrár séu eðlileg og skynsamleg miðað við aðstæður og sé svo eru auknar líkur á að dómstólar, telji arfleifanda hafa verið hæfan til að ráðstafa eignum sínum með erfðaskrá.

Höfundar ýmissa rita er fjalla um erfðarétt hafa velt því upp hvers kyns spilling eða eyðilegging eigna gæti talist eðlileg eða skynsamleg. Gunnar G. Schram telur að farið yrði að beiðni arfleifanda um að fágætt eintak hans af Guðbrandsbiblíu yrði grafið með honum.⁷⁸ Ólafur Jóhannesson taldi að ákvæði um að reiðhestur skyldi lagður af velli og heygður yrði eflaust tekið til greina þrátt fyrir að almennt yrði erfitt að benda á skynsamlegar ástæður til eyðingar verðmæta.⁷⁹ Ármann Snævarr telur að fyrirmæli arfleifanda um að bréf hans eða önnur persónubundin verðmæti eða jafnvel handrit hans að skáldverkum eða fræðiritum verði eyðilögð, gætu talist eðlileg og skynsamleg og jafnvel einnig lögum ákveðinna húsdýra, s.s. hunds, kattar eða jafnvel reiðhests.⁸⁰ Páll Sigurðsson nefnir að eflaust yrði ákvæði um aflifun hunds arfleifanda eftir lát hans virt, a.m.k. ef enginn byðist til að taka við honum og veita honum góða aðhlyningu. Hann nefnir einnig að ákvæði um að eftirlætisreiðhestur arfleifanda, sem bersýnilega yrði kominn til ára sinna við fráfall eigandans ef hann tórði þá enn, skuli lagður að velli og heygður í túnjaðri bújarðar arfleifanda eftir andlát hans muni líklega fá staðist og myndi koma til framkvæmda, jafnvel þótt skiptar skoðanir geti verið um það hvort eðlileg eða skynsamleg ástæða liggi að baki þeim fyrirmælum.⁸¹

Þessar vangaveltur verða að teljast eiga við rök að styðjast, a.m.k. hvað varðar förgun húsdýra, sbr. **H 1989:1372**.

H 1989:1372 Mál til ógildingar á erfðaskrá, vegna formgalla og til vara að ákveðin ákvæði verði túlkuð erfingjum í hag og að ekki verði fallist á að skepnur arfleifanda, að undanskyldum hestum, skuli fargað. Þrátt fyrir þetta var erfðaskráin dæmd gild.

⁷⁷ Ármann Snævarr, *Erfðaréttur*, 1991: bls. 344

⁷⁸ Gunnar G. Schram, *Lögfræðihandbókin*, 1974: bls. 124

⁷⁹ Ólafur Jóhannesson, *Lög og réttur*, 1975: bls. 140

⁸⁰ Ármann Snævarr, *Erfðaréttur*, 1991: bls. 344

⁸¹ Páll Sigurðsson, *Erfðaréttur*, 2007: bls. 196-197, 275

Fyrirgreindir höfundar eru svo allir sammála um að fyrirmæli arfleifanda um að vandað íbúðarhús hans skuli rífið eða brennt yrðu virt að vettugi og dæmd ómerk, skv. 39. gr. el. Jafnvel þó svo að ástæðan væri sú að arfleifandi gæti ekki unnt neinum að búa þar eftir sinn dag. Ármann Snævarr nefnir jafnframt að ákvæði um spillingu eigna eigi síður við ef um veruleg fjárverðmæti er að ræða.⁸² Það verður að teljast eiga við rök að styðjast enda má ætla að enn betri ástæðu þurfi til að eyðilegging verulega verðmætra muna verði samþykkt heldur en ef um er að ræða fremur verðlitla eða persónulega muni sem arfleifandi vill ekki að aðrir njóti að honum látnum.

Ákvæði þurfa ekki að vera ósiðleg eftir almennum skilningi eða refsiverð til að vera ógild skv. 39. gr. laganna. Nægilegt er að ekki teljist vera eðlileg eða skynsamleg ástæða til þeirra. Þarna eru vissar takmarkanir á heimild arfleifanda til að ráðstafa eignum sínum að vild og vill Páll Sigurðsson meina að um sé að ræða forsjarhyggju af hálfu löggjafans.⁸³

⁸² Ármann Snævarr, *Erfðaréttur*, 1991: bls. 344

⁸³ Páll Sigurðsson, *Erfðaréttur*, 2007: bls. 196

VIII. Breyting og afturköllun erfðaskráa

Þrátt fyrir að erfðaskrár skuli bera með sér endanlegan vilja arfleifenda er almennt hægt að breyta þeim eða afturkalla, líkt og áður hefur verið nefnt. Þetta verður að teljast vera góður kostur þar sem oft líður langur tími frá gerð erfðaskrár og þar til henni er beitt og á þeim tíma getur ýmislegt breyst sem fær arfleifanda til að endurskoða afstöðu sína í heild eða að hluta í ljósi breyttra aðstæðna.⁸⁴ T.d. ef arfleifandi hefur eftir gerð erfðaskrár gifst eða stofnað til sambúðar, eða sambúð eða hjúskap er lokið, hann hefur eignast eða ættleitt barn eða hagir hans hafa breyst að öðru leyti.⁸⁵ Arfleifandi getur einnig viljað breyta erfðaskrá ef hann þarfnast mikillar aðstoðar á efri árum og vill þá bæta erfðahlut þess aðila sem veitir honum hvað mesta aðstoð. Einnig getur arfleifandi orðið ósáttur við erfingja og því viljað afturkalla ákvæði í erfðaskrá sem var þeim aðila til hagsbóta eða svipta hann bréfarfi.

Það er því margt sem getur breyst varðandi aðstæður og vilja arfleifanda og því verður að teljast mikilvægt að arfleifandi geti breytt eða afturkallað erfðaskrá sína ef svo ber undir. Óeðlilegt væri ef menn væru bundnir við gerða erfðaskrá og gætu hvorki breytt henni né afturkallað þrátt fyrir verulega breyttar aðstæður eða andstæðan vilja.

Menn ættu því að vera óhræddir við að gera erfðaskrá í tíma því allur er varinn góður og ómögulegt að vita hvenær maður fellur frá og því gott að vera búinn að koma sínum málum á hreint og tryggja sem best stöðu sinna nánustu. Þrátt fyrir þetta þá draga margir það lengi að skrifa erfðaskrá og margir jafnvel of lengi og ná því ekki að gera erfðaskrá fyrir andlátíð þrátt fyrir fyrirætlanir í þá áttina. Aðrir ná að gera erfðaskrá en gera hana svo seint að hún sætir véfengingu af hálfu erfingjar vegna meints vanhæfis til að gera slíkan gerning, s.s. vegna elliglapa, alzheimers eða annarrar andlegrar vanheilsu, sbr. **H 1996:1912**.⁸⁶

H 1996:1912 K hafði lengi talað um að hún ætlaði að arfleiða sonardóttur sína, er hafði alist upp hjá henni, að risibúð sinni. K dró þetta þó lengi vel, en lét þó verða að því að gera erfðaskrá, þar sem hún arfleiddi sonardóttur sína að íbúðinni, líkt og hún hafði lengi talað um. Eftir lát K sætti erfðaskráin véfengingu af hálfu sonar K, vegna meints vanhæfis K. Erfðaskráin var svo ógilt fyrir dómi, þar sem sönnun um hæfi K til arfleiddslu þótti ekki hafa tekist.

⁸⁴ Páll Sigurðsson, *Erfðaréttur*, 2007: bls. 281

⁸⁵ Ármann Snævarr, *Erfðaréttur*, 1991: bls. 381

⁸⁶ Páll Sigurðsson, *Erfðaréttur*, 2007: bls. 186

Ef ekki væri mögulegt að breyta eða afturkalla erfðaskrár eru yfirgnæfandi líkur á því að enn fleiri myndu draga það of lengi að gera erfðaskrá til að erfðaskráin yrði sem næst því sem fólk vildi er það félli frá. Erfðaskrár myndi því eflaust fækka verulega og skipti eftir aðila yrðu síður samkvæmt vilja arfleifenda, sökum þessa.

A. Breytingar og viðaukar við erfðaskrár

Ef arfleifandi vill breyta eða bæta við erfðaskrá, líkt og hann getur gert allt til hinsta dags, þá skal hann gæta að því, að þær breytingar eða viðaukar, sem hann gerir við erfðaskrá, uppfylli sömu formskilyrði og gilda um stofnerfðaskrá, sbr. 1. mgr. 48. gr. el.

Breyting á erfðaskrá getur falist í endurskoðun og breytingu á ákveðnu ákvæði eða ákvæðum erfðaskrárinnar, eða nýju ákvæði eða ákvæðum er bætt við hana. Mögulegt er að breyta erfðaskrá með því að rita viðbótartexta á hana sjálfa eða sérstakt skjal, yfirleitt er þó vísað til frumerfðaskrárinnar svo að breytingarnar eða viðaukinn verði ekki metið sem ný og sjálfstæð erfðaskrá sem dragi úr gildi hinnar fyrri. Sama hvorri aðferðinni er beitt þá ber alltaf að gæta að formskilyrðum erfðaskrár og láta votta breytingar, líkt og erfðaskrána sjálfa, til að tryggja gildi hinna nýju ákvæða hennar.⁸⁷

Breytingar á erfðaskrá í þeirri merkingu er hér um ræðir getur þó aðeins falist í efnislegum breytingum á ákvæðum erfðaskrár eða viðbótum, ekki niðurfellingu ákvæðis eða arfleifðsluliðar því þá er um að ræða afturköllun að hluta, þ.e. afturköllun á þeim ákvæðum sem eru felld niður, en þá gilda sömu formreglur og um afturköllun.⁸⁸

Arfleifandi verður einnig að vera svo heill heilsu andlega er hann gerir breytingar eða viðbætur á erfðaskrá að hann uppfylli skilyrði 2. mgr. 34. gr. el., ella geta breytingarnar eða viðbæturnar verið véfengdar og ógiltar með dómi. Þrátt fyrir að breytingar eða viðbætur verði ógiltar þá verður erfðaskráin sjálf ekki ógild. Því erfðaskráin sjálf heldur gildi sínu í upphaflegri mynd en þær breytingar og viðbætur er arfleifandi taldist ekki hafa hæfi til að gera eru ógildar, það sama á við ef breytingar eða viðbætur eru haldnar formgalla, sbr. **H 1994:2182**.

H 1994:2182 A gerði erfðaskrá, sem hann gerði svo breytingar og viðbætur á, sem uppfylltu ekki formskilyrði erfðaskráa og voru því ógildar. Erfðaskráin sjálf var þó metin gild og skyldu skipti fara eftir ákvæðum hennar, en þær viðbætur og breytingar er ekki uppfylltu skilyrði laga komu ekki til álita.

⁸⁷ Páll Sigurðsson, *Erfðaréttur*, 2007: bls. 281-282

⁸⁸ Páll Sigurðsson, *Erfðaréttur*, 2007: bls. 282-283

B. Afturköllun erfðaskrár

Afturköllun byggist á löggerningi af hálfu arfleifanda sem ætlað er að fella niður erfðaréttindi sem er þó ekki ætlað að verða virk fyrr en við andlát arfleifanda.⁸⁹ Engar formreglur er að finna í lögum um slíkan gerning, en skv. 2. mgr. 48. gr. el. er nægilegt að arfleifandi láti ótvírætt í ljós að hann taki aftur erfðaskrá sína, til að hún teljist úr gildi fallin. Afturköllun getur því átt sér stað með ýmsu móti og er gild ef arfleifandi er talinn hafa látið vilja sinn til afturköllunar ótvírætt í ljós.

Þrátt fyrir að engar formreglur gildi um afturköllun erfðaskráa þá verður arfleifandi samt sem áður að vera fær um að gera slíkan gerning og gera sér grein fyrir gildi hans, en það tímamark sem miðað er við er hæfi arfleifanda er metið, er sá tími er hann afturkallar erfðaskrána.⁹⁰ Ef arfleifandi uppfyllir ekki skilyrði 2. mgr. 34. gr. el. á þeim tíma, þá heldur erfðaskráin gildi sínu, þar sem afturköllunin er þá ógild. Mögulegt er að skilyrða afturköllun, þannig að ef ekki reynir á skilyrði þá falli afturköllunin niður.⁹¹

Heimild arfleifanda til afturköllunar er þó ekki einungis talin ná til afturköllunar erfðaskrár í heild, heldur einnig til afturköllunar að hluta, þrátt fyrir að ekki sé getið á um það í lögum. Afturköllun að hluta felst í því að einstakir liðir eða ákvæði erfðaskrárinnar eru afturkölluð. Slík afturköllun fer oft fram með þeim hætti að ákvæði í erfðaskrá eru strikuð út eða yfirstrikuð og getur það talist næg sönnun fyrir því að arfleifandi hafi viljað afturkalla þau. Það getur þó þurft að færa sönnur fyrir því að útstrikarnir stafi frá arfleifanda sjálfum því er gott ef slíkum útstrikunum eða yfirstrikunum fylgja skriflegar skýringar.⁹² Til að tryggja gildi yfirstrikunar sem best getur arfleifandi kvatt til vitni að því er hann strikar yfir ákvæði erfðaskrárinnar en þannig er sönnun þess að hann hafi sjálfur strikað yfir ákvæðið til afturköllunar best tryggð.⁹³

Þar sem engin formskilyrði hafa verið lögfest hvað varðar afturköllun erfðaskráa þá hafa vaknað ýmsar vangaveltur um það hvers kyns afturkallanir yrðu taldar gildar og hverjar ógildar. Í raun getur afturköllun verið skrifleg, munnleg eða með öðrum hætti svo sem með látbragði eða gjörðum af hálfu arfleifanda. Örugast er þó að afturkalla erfðaskrá skriflega því það tryggir betur sönnunargildi afturköllunarinnar, því erfitt getur reynst að sýna fram á að erfðaskrá hafi verið afturkölluð ef hún hefur verið afturkölluð

⁸⁹ Páll Sigurðsson, *Erfðaréttur*, 2007: bls. 284

⁹⁰ Ármann Snævarr, *Erfðaréttur*, 1991: bls. 392

⁹¹ Páll Sigurðsson, *Erfðaréttur*, 2007: bls. 289

⁹² Páll Sigurðsson, *Erfðaréttur*, 2007: bls. 283 og 286-287

⁹³ Ármann Snævarr, *Erfðaréttur*, 1991: bls. 384

með öðrum hætti en afturköllun erfðaskrár er vart marktæk, nema vilji arfleifanda til afturköllunar sé ótvíræður og afdráttarlaus, sbr. **H 1994:2182**.

H 1994:2182 A gerði erfðaskrá, sem hann breytti og bætti við, hann gerði svo drög að nýrri erfðaskrá, en gætti ekki að formreglum svo að viðbæturnar, breytingarna og drögin að hinni nýju erfðaskrá voru ógild. Lögerfingjar A héldu því fram að hann hefði afturkallað skrána með þessum hætti, þar sem hann hefði látið í ljós vilja sinn til að falla frá hinni upphaflegu erfðaskrá og því bæri að meta erfðaskrána ógilda. Erfðaskráin var þó talin gild, þar sem ósannað var að A hefði afturkallað hana.

Af þessum dómi má þó sjá að erfðaskrá telst ekki afturkölluð nema skilyrði 2. mgr. 48. gr. el. sé uppfyllt, þ.e. að arfleifandi hafi látið það ótvírætt í ljós að hann vildi afturkalla erfðaskrá sína. Það eitt að arfleifandi hefur farið illa eða hirðuleysislega með erfðaskrá sína telst því ekki gild afturköllun hennar því það sýnir ekki ótvíræðan vilja arfleifanda, til að afturkalla erfðaskrána. Ef arfleifandi aftur á móti brennir erfðaskrá sína, rífur hana eða eyðileggur með öðrum hætti getur það gefið í skyn ótvíræðan vilja arfleifanda til að afturkalla hana. Ef afrit hennar er í vörslu lögbókanda þá dugir þetta þó ekki til því afrit lögbókanda af erfðaskrá hefur að jafnaði sama gildi og frumrit hennar. Erfðaskráin yrði því sennilega ekki talin hafa verið afturkölluð með lögmætum hætti þar sem arfleifandi hefði getað notað aðra og tryggari aðferð til að afturkalla erfðaskrá sína hefði hann verið staðráðinn í að afturkalla hana.⁹⁴ Arfleifandi getur einnig ritað afturköllunina á erfðaskrána sjálfa eða lýst því yfir í votta viðurvist að hann afturkalli erfðaskrána.⁹⁵

Erfðaskrár eru einnig oft afturkallaðar með gerð nýrrar erfðaskrár. Þessi aðferð við afturköllun fyrri erfðaskrár verður að teljast mjög örugg því afturköllunin heldur gildi sínu jafnvel þó hin nýja erfðaskráin sé ógild, sbr. **H 1960:420**. Þetta á þó einungis við ef ógildi erfðaskrárinnar stafar af formgalla en ekki vanhæfi arfleifanda til arfleifslu því þá telst afturköllunin einnig ógild.⁹⁶

H 1960:420 S gerði erfðaskrá, sem hún felldi svo niður með ákvæði í nýrri erfðaskrá. Sú erfðaskrá var þó ógild vegna formgalla, en afturköllunin var þó metin gild. Nokkur ákvæði hinnar fyrri erfðaskrár, voru þó metin gild, þar sem þau voru samhljóða ákvæðum í eldri erfðaskránni og var afturköllunin því ekki talin ná til þeirra ákvæða, heldur aðeins þeirra, er voru ósamrýmanleg hinni nýju erfðaskrá.

⁹⁴ Páll Sigurðsson, *Erfðaréttur*, 2007: bls. 284 og 286

⁹⁵ Ólafur Jóhannesson, *Lög og réttur*, 1975: bls. 141

⁹⁶ Páll Sigurðsson, *Erfðaréttur*, 2007: bls. 288

Ef ætlunin er að fella eldri erfðaskrá úr gildi með gerð nýrrar erfðaskrár er tryggara að geta þess í hinni nýju erfðaskrá að eldri erfðaskrá sé fallin úr gildi. Það er þó ekki skilyrði fyrir því að eldri erfðaskrá verði talin afturkölluð með gerð hinnar nýju erfðaskrár. Ef slíkt ákvæði er ekki í hinni nýju erfðaskrá, þá getur það þó orðið til þess að fyrri erfðaskráin verður ekki talin afturkölluð, nema að því leyti sem hún er ósamræmanleg hinni nýju erfðaskrá. Þá eru ósamrýmanleg ákvæði í eldri erfðaskrá talin hafa verið afturkölluð af arfleifanda með gerð hinnar nýju erfðaskrár, sbr. **H 1961:201**.

H 1961:201 A gerði þrjár erfðaskrár, þá fyrstu gerði hann árið 1945, þar ráðstafaði hann öllum eigum sínum. Aðra erfðaskrána gerði hann árið 1950 og þar ráðstafar hann aftur öllum eigum sínum, þó með öðrum hætti en í fyrri erfðaskránni. Síðustu erfðaskrána gerði hann svo árið 1956, en þar ráðstafað hann tilteknum eignum til 3 systkina. A gat hvergi á um það hvernig gildi fyrri erfðaskráa hans skyldi fara og því urðu deilur um það hvernig skiptin skyldu fara. Hæstiréttur staðfesti niðurstöðu skiptaréttar um að A hefði í raun fellt erfðaskrána frá 1945 úr gildi með gerð nýrrar erfðaskrár árið 1950 og að sú erfðaskrá skyldi talin gild, að því leyti sem henni var ekki breytt með erfðaskránni frá 1956, því A hafði einungis ráðstafað hluta eigna sinna með þeirri skrá og var hann því ekki talinn hafa afturkallað erfðaskrána frá 1950, með gerð nýrrar erfðaskrár, heldur var erfðaskráin frá 1956, metin sem viðauki og breytingar á erfðaskránni frá 1950.

Sönnunarbyrðin um það að erfðaskrá hafi verið afturkölluð hvílir á þeim sem vill byggja rétt á henni, þ.e. afturkölluninni. Hann þarf að leiða í ljós að arfleifandi hafi sjálfur með athöfn eða löggerningi afturkallað erfðaskrána og að það hafi verið ákvörðun og vilji arfleifanda að afturkalla hana.⁹⁷ Gildar ástæður gætu því legið til þess að gera svipaðar formkröfur um afturkallanir á erfðaskrá og um form erfðaskráa.⁹⁸ Þar sem að oft getur leikið nokkur vafi á því hvort erfðaskrá sé afturkölluð eður ei.

C. Hömlur á breytingu eða afturköllun erfðaskrár

Þó arfleifanda sé almennt heimilt að breyta eða afturkalla erfðaskrá sína að vild þá geta ákveðnar hömlur verið þar á eins og ef um sameiginlega eða gagnkvæma erfðaskrá er að ræða eða ef arfleifandi hefur skuldbundið sig til að breyta hvorki né afturkalla erfðaskrá.

⁹⁷ Páll Sigurðsson, *Erfðaréttur*, 2007: bls. 289-290

⁹⁸ Ólafur Jóhannesson, *Lög og réttur*, 1975: bls. 141

1. Sameiginlegar og gagnkvæmar erfðaskrár

Ef um sameiginlega eða gagnkvæma erfðaskrá er að ræða getur arfleifandi ekki breytt eða afturkallað erfðaskrána nema hinum aðilanum sé gert viðvart, nema það sé ómögulegt vegna sérstakra aðstæðna, sbr. 2. mgr. 48. gr. el. Ósamngjarnt væri ef annar aðila gæti einhliða breytt eða afturkallað erfðaskrána hvað hann varðar, án þess að hinn aðilinn vissi af því þar sem arfleiðsla annars aðila er að jafnaði forsenda fyrir ráðstöfun hins, þannig að ef annar aðilinn vill breyta erfðaskránni af sinni hálfu þá eru líkur á að hinn vilji einnig gera það.⁹⁹ Sameiginlegar eða gagnkvæmar erfðaskrár verða því ekki afturkallaðar einhliða, jafnvel þó svo að annar aðila sé látinn. Hinum eftirlifandi er einungis heimilt að afturkalla erfðaskrána af sinni hálfu, en ekki fyrir hönd hins látna, sbr. **H 1983:381**.

H 1983:381 A og B gerðu með sér sameiginlega og gagnkvæma erfðaskrá, þar sem þau arfleiddu hið langlífara að öllum eigum sínum, en kváðu svo á um að eftir lát beggja skyldu eignir þeirra deilast jafnt á milli lögerfingja beggja. A verður langlífari og gerir nýja erfðaskrá, sem hún fellir svo úr gildi með nýrri erfðaskrá, þar sem hún ráðstafar öllum eignum búsinns í bága við rétt lögerfingja B, erfðaskrá hennar var því dæmd ógild að hluta, þar sem hún hafði einungis heimild til að ráðstafa sínum helmingi eigna búsinns, vegna ákvæðis hinnar sameiginlegu og gagnkvæmu erfðaskrár.

2. Erfðasamningar

Arfleifandi getur, skv. 49. gr. el., skuldbundið sig gagnvart erfingja sínum eða öðrum aðila til að breyta hvorki né afturkalla erfðaskrá sína. Um slíkar yfirlýsingar gilda sömu formreglur og gilda um erfðaskrár, auk þess sem gæta þarf að arfleiðsluhæfi arfleifanda er hann gefur slíka yfirlýsingu. Ef arfleifandi er ófjárráða verður samþykki yfirfjárráðanda að koma til.¹⁰⁰

Ákvæði í erfðaskrá um að hún sé óafturtæk er þó almennt afturkallanlegt líkt og önnur ákvæði erfðaskráa nema arfleifandi hafi afhent bréferfingja endurrit af henni, því þá yrði að telja að á væri kominn erfðasamningur og gæti arfleifandi því hvorki afturkallað ákvæðið né erfðaskrána sjálfa.¹⁰¹

⁹⁹ Ólafur Jóhannesson, *Lög og réttur*, 1975: bls. 141

¹⁰⁰ Ólafur Jóhannesson, *Lög og réttur*, 1975: bls. 141

¹⁰¹ Ármann Snævarr, *Erfðaréttur*, 1991: bls. 393

IX. Ógilding erfðaskráa

Erfðaskrár koma ekki alltaf til framkvæmdar skv. efni sínu þar sem ýmsir annmarkar geta valdið ógildi hennar. Líkt og áður hefur verið nefnt þá gilda strangar formreglur um erfðaskrár og hæfi arfleifanda til þess að gera slíkan gerning og ef þessum reglum er ekki fylgt þá getur það valdið ógildingu erfðaskrár. Það sama gildir ef ákveðnir annmarkar eru á tilurð erfðaskrár eða efni hennar, sbr. það sem fjallað verður um hér á eftir.

Þess ber þó að getað þó svo að annmarki sé á erfðaskrá þá veldur það að jafnaði ekki tafarlausri ógildingu hennar heldur veldur það því að mögulegt verður að fá hana ógilta með dómi í kjölfar véfengingar af hálfu hagsmunaaðila, þ.e. erfingja.¹⁰²

A. Formgalli

Ef formskilyrði erfðaskrár eru ekki uppfyllt getur það valdið ógildingu hennar. Minniháttar frávik valda þó ekki endilega ógildingu nema við sérstakar aðstæður, sbr. umfjöllun í kaflanum um arfleiðsluvottorð um mikilvægi þeirra atriða er þar skulu koma fram. Stórvægileg frávik leiða hins vegar tvímælalaust til ógildingar erfðaskrár ef erfingjar krefjast ógildingar hennar vegna gallans.

Brýnustu formskilyrðin eru að erfðaskráin sé undirrituð af arfleifanda eða hann kennist við hana að viðstöddum tveimur vottum eða lögbókanda og að hún beri með sér vottorð þeirra um það, auk annarra atriða er lög mæla fyrir um. Séu þessi skilyrði ekki uppfyllt þá verður erfðaskráin véfengjanleg og getur þá verið ógilt með dómi, sbr. **H 1959:681**, **H 1960:420** og **H 1976:197**.¹⁰³

H 1959:681 Erfðaskrá A var dæmd ógild í kjölfar véfengingar lögerfingja, þar sem uppfyllti ekki formskilyrði erfðaskráa þar sem hún var óvottuð.

H 1960:420 Erfðaskrá S var dæmd ógild, þar sem meginefni hennar var ritað á tvö óundirrituð og óvottfest, laus, blöð, auk þess sem vottun á þriðja blaðinu er eigi í samræmi við lög.

H 1976:197 Sameiginleg og gagnkvæm erfðaskrá M og K var dæmd ógild, þar sem formskilyrði voru ekki uppfyllt, þar sem Annar arfleiðsluvotturinn var ekki viðstaddur, þegar þau skrifuðu undir erfðaskrána, og auk þess bróðir K.

¹⁰² Ármann Snævarr, *Erfðaréttur*, 1991: bls. 319 og 224

¹⁰³ Páll Sigurðsson, *Erfðaréttur*, 2007: bls. 260

B. Vanhæfi arfleifanda

Ef arfleifanda brestur hæfi, skv. 2. mgr. 34. gr. el., til að gera erfðaskrá þá veldur það því að hún verður rengjanleg og kemur því ekki til framkvæmdar ef erfingi véfengir hana. Ef erfðaskrá er löglega vottuð hvílir sönnunarbyrðin fyrir því að arfleifanda hafi brostið hæfi til að gera erfðaskrá, á þeim sem véfengir hana. Nái slík sönnun fram að ganga er erfðaskráin ógilt fyrir dómi, að öðrum kosti heldur hún gildi sínu þrátt fyrir véfengingu. Ef erfðaskráin er aftur á móti ekki rétt vottuð eða vottum hefur láðst að geta á um andlega heilsu arfleifanda í vottorði sínu þá liggur sönnunarbyrðina á þeim sem vill byggja rétt á erfðaskránni, sbr. 2. mgr. 45. gr. el. Við slíkar aðstæður verður bréferfinginn því að færa sönnur fyrir því að arfleifandi hafi í raun uppfyllt hæfniskröfur 2. mgr. 34. gr. el., er hann gerði erfðaskrá til að hún haldi gildi sínu, sbr. **H 542/2007**.

H 542/ 2007 A og B gerðu sameiginlega og gagnkvæma erfðaskrá, þar sem þær arfleiddu hvor aðra að öllum eigum sínum, en kváðu svo á um að eftir lát beggja skyldi C taka allan arf eftir þær. Erfðaskráin var vottuð af lögbókanda, en arfleiðsluvottorð hans uppfyllti ekki formkröfu laga. Lögerfingar véfengdu erfðaskrána, þar sem þeir töldu að B hefði verið vanhæf til að ráðstafa eigum sínum með þessum hætti. C bar því sönnunarbyrði fyrir því að B hefði verið andlega heil og þ.a.l. hæf til að gera erfðaskrána. Sú sönnun þótti hafa tekist og dæmdi Hæstiréttur erfðaskrána því gilda.

Ef bréferfingja tekst aftur á móti ekki að færa sönnur fyrir því að arfleifandi hafi verið svo heill heilsu andlega að hann hafi verið hæfur til að ráðstafa eignum sínum með skynsamlegum hætti, sbr. 2. mgr. 34. gr., þá veldur það því að jafnaði að erfðaskráin verður ógilt með dómi, sbr. **H 1996:1912**.

H 1996:1912 K gerði erfðaskrá þar sem hún arleiðir sonardóttur sína, L að risibúð sinni og tók fram að hún væri innan þriðjungsheimildar. Ekkert eiginlegt arfleiðsluvottorð fylgdi erfðaskránni, svo að þar sem P, sonur K, véfengdi erfðaskrána á grundvelli vanhæfis K, skv. 2. mgr. 34. gr. el., þá hvíldi sönnunarbyrðin fyrir því að K hefði verið svo andlega heil að hún uppfyllti hæfisskilyrði 34. gr. el., á L þar sem hún vildi byggja rétt á erfðaskránni. Erfðaskráin var svo ógilt fyrir Hæstarétti þar sem dómurinn taldi að L hefði ekki náð að sýna fram á að K hefði verið svo heil heilsu andlega að hún hefði verið hæf til að gera erfðaskrá skv. 2. mgr. 34. gr. el. Því var fallist á kröfu P.

C. Efniságalli erfðaskráa

Erfðaskrár geta einnig orðið ógildar ef efni þeirra er ekki í samræmi við vilja eða ætlun arfleifanda. Það á við ef einhver hefur haft óeðlileg áhrif á arfleifanda eða efni erfðaskrárinnar, s.s. ef hann var beittur nauðung, svikum eða misbeitingu við gerð erfðaskrárinnar því það varðar ógildi hennar, skv. 1. mgr. 37. gr. el. Erfðaskrárákvæði getur einnig orðið ógilt, skv. 2. mgr. 37. gr. el. ef leitt er í ljós að erfðaskrárákvæði er annars efnis en til var ætlast, s.s. vegna misritunar eða annarra mistaka eða ef erfðaskrárákvæði stafar af misskilningi arfleifanda eða ef leitt er í ljós að ákvæði erfðaskrár er annars efnis en til var ætlast eða ef forsendur fyrir ákvæði í erfðaskrá eru rangar eða brostnar.¹⁰⁴

1. Nauðung

Nauðung felst í því að neyða mann með ólögumætum hætti til að gera erfðaskrá. Nauðung getur verið tvenns konar: meiriháttar nauðung og minniháttar nauðung. Meiriháttar nauðung felst í líkamlegu ofbeldi eða hótun þar um en minniháttar nauðung felst í öðru en líkamlegu ofbeldi.¹⁰⁵

Nauðung veldur því almennt að erfðaskrá verður ógild, sbr. 1. mgr. 37. gr. el., en ógilding erfðaskrár er mismunandi sé farið eftir því hvort hún byggist á meiriháttar eða minniháttar nauðung. Meiriháttar nauðung veldur því að erfðaskráin verður ógild án rengingar, en minniháttar nauðung veldur því aðeins að erfðaskrá verður rengjanleg. Skilin á milli meiriháttar og minniháttar nauðungar geta þó oft á tíðum verið afar óljós.¹⁰⁶

Til að erfðaskrá verði ógilt á grundvelli nauðungar þá verður nauðungin að hafa verið raunveruleg fyrir arfleifanda og ráðið úrslitum um það að til gerningsins var stofnað. Ella hefði nauðungin lítil áhrif haft á gerð erfðaskrárinnar. Það skiptir þó ekki máli hver beitir nauðunginni, þ.e. hvort það er sá sem kemur til með að njóta góðs af gerningnum eða einhver annar.¹⁰⁷

Það verður þó að telja ólíklegt að nauðung skipti í reynd miklu máli við gerð erfðaskrár þar sem formreglur draga mjög úr því að slík aðferð sé gróðvænleg. Erfðaskrá er auk þess almennt afturtækur gerningur og arfleifandi getur því tekið aftur erfðaskrá

¹⁰⁴ Ólafur Jóhannesson, *Lög og réttur*, 1975: bls. 142

¹⁰⁵ Sigríður Logadóttir, *Lög á bók*, 2005: bls. 136

¹⁰⁶ Páll Sigurðsson, *Efðaréttur*, 2007: bls. 265

¹⁰⁷ Ármann Snævarr, *Efðaréttur*, 1991: bls. 322

sem gerð var af nauðung og þar af leiðandi kemur þessi annmarki almennt ekki til úrlausnar. Ef arfleifandi afturkallar ekki erfðaskrána þá gæti það verið túlkað þannig að hann myndi una því að skipti eftir hann færu samkvæmt ákvæðum erfðaskrárinnar. Slík ályktun yrði þó að fá trausta stoð í afstöðu arfleifanda sjálfs.¹⁰⁸ Nauðungin gæti hugsanlega verið yfirvofandi áfram eftir gerð erfðaskrárinnar og valdið því að arfleifandi þorði ekki að afturkalla hana

2. Svik

Svik felast í því að maður gefur, vísvitandi og með ólögætum hætti rangar upplýsingar eða leynir atriðum sem máli skipta í því skyni að fá annan aðila til að stofna til löggernings. Slík háttsemi er sviksamleg og getur valdið ógildingunni erfðaskrár, sbr. 1. mgr. 37. gr. el., hvort sem sá er nýtur góðs af erfðaskránni er grandvís eða grandlaus um svikin. Skilyrði fyrir því að svik leiði til ógildingar erfðaskrár er þó að hin sviksamlega háttsemi hafi haft bein áhrif á efni erfðaskrárinnar.¹⁰⁹

3. Misneyting

Misneyting er ótilhlýðileg eða óhæfileg háttsemi sem er fölginn í því að maður notfærir sér bágindi annars manns, einfeldni hans, fákunnáttu, léttúð eða það að hann er manni háður. Slík áhrif á erfðaskrárgerð annars manns varða ógildingunni erfðaskrárinnar, sbr. 1. mgr. 37. gr. el. Þegar um misneytingu er að ræða þá verður arfleifandi að vera háður áhrifavaldi annars manns og áhrifagjarn. Misneyting er oft nátengt arfleðsluhæfi arfleifanda, skv. 2. mr. 34. gr. el., því verið er að hagnýta bágindi aðila og því eru erfðaskrár sem verða til fyrir misneytingu oft véfengdar, aðallega vegna vanhæfis arfleifanda en til vara vegna misneytingar þar sem arfleifandi hafi orðið fyrir ótilhlýðilegum áhrifum við gerð erfðaskrárinnar., sbr. **H 1991:570**.¹¹⁰

H 1991:570 M gerði erfðaskrá til hagsbóta D. Erfðaskrá þessi var véfengd af erfingjum M, vegna vanhæfis M til að gera hana og þeirra áhrifa er D hafði haft á gerninginn. Hæstiréttur ógilti erfðaskrána, auk annarra gerninga er M hafði gert D til hagsbóta. Þar sem hann hafi ekki uppfyllt skilyrði 2. mgr. 34. gr. el., vegna elliglapa, sökum heilarýrnunar og vegna þeirra aðstæðna sem erfðaskráin var gerð við.

¹⁰⁸ Ármann Snævarr, *Efðaréttur*, 1991: bls. 322

¹⁰⁹ Páll Sigurðsson, *Efðaréttur*, 2007: bls. 266

¹¹⁰ Ármann Snævarr, *Efðaréttur*, 1991: bls. 323-324

4. Mistök eða villa

Ef leitt er í ljós að erfðaskrárákvæði er annars efnis en til var ætlast og það stafar af misritun eða öðrum mistökum þá skal framkvæma ákvæðið í samræmi við það sem raunverulega vakti fyrir arfleifanda, svo lengi sem mögulegt er að sýna fram á hver ætlun eða vilji arfleifanda var, sbr. 2. mgr. 37. gr. el. Þetta er í raun óbein ógildingarregla þar sem ákvæði erfðaskrárinnar er í raun ekki ógilt, nema ómögulegt sé að staðreyna það hver raunverulegur vilji arfleifanda var. Ef mögulegt er að upplýsa hvers efnis ákvæðinu var ætlað að vera þá á dómari að leiðrétta mistök arfleifanda og verður ákvæðið þá gilt í þeirri mynd er vilji arfleifanda benti til. Erfitt getur þó verið að sanna hvað raunverulega vakti fyrir arfleifanda þegar um er að ræða yfirlýsingarvillu, sem felst í misræmi á milli vilja arfleifanda og efnis erfðaskrár, eins og það blasir við öðrum mönnum. Því verður sá sem vill véfengja erfðaskrá á þessum grundvelli að sýna fram á að arfleifanda hafi orðið á mistök og einnig hvað hafi raunverulega vakað fyrir honum. Því til sönnunar mætti nota uppkast að erfðaskrá eða vætti vitna, sem arfleifandi kann að hafa rætt við um efni erfðaskrár eða önnur gögn sem geta borið vætti um vilja arfleifanda að baki ákvæðisins.¹¹¹

5. Forsendubrestur

Stafi erfðaskrárákvæði af misskilningi hjá arfleifanda, án þess að ákvæði 37. gr. el. eigi við þá telst það ógilt, skv. 38. gr. el., ef telja má að röng hugmynd arfleifanda hafi ráðið úrslitum um efni ákvæðisins. Að baki erfðaskrárum liggja ávallt ákveðnar hugmyndir, fyrirætlanir eða forsendur. Þessar hugmyndir, sem snúast um efni erfðaskrárinnar, eru yfirleitt það sem verður til þess að arfleifandi lætur verða af því að gera erfðaskrá. Hugmyndir arfleifanda geta þó reynst rangar eða einhver atvik valda því að forsendur arfleifanda fyrir ráðstöfuninni bregðast.¹¹²

a. Rangar forsendur

Erfðaskrárákvæði getur orðið ógilt ef röng hugmynd arfleifanda hefur ráðið úrslitum um efni þess. Rangar hugmyndir um raunveruleikann á þeim tíma er erfðaskráin var gerð

¹¹¹ Páll Sigurðsson, *Efðaréttur*, 2007: bls. 268

¹¹² Páll Sigurðsson, *Efðaréttur*, 2007: bls. 269

gera forsendur erfðaskrárinnar rangar. Rangar forsendur geta varðað hvort sem er misskilning eða villu um raunhæft atriði eða lagalegt efni, en 38. gr. el. á við um hvort tveggja. Forsendan verður að vera fyrir hendi og hægt að færa sönnur á hana. Hana má t.d. skynja af ummælum í erfðaskrá eða ráða hana af öðrum atvikum sem sönnuð þykja eins og ef arfleifandi kveður á um það í erfðaskrá sinni að B skuli erfa tiltekna eign eða fjárhæð þar sem hann hafi unnið af trúmennsku hjá arfleifanda árum saman en eftir lát arfleifanda kæmi upp að B hefði árum saman gerst sekur um fjárdrátt í starfi sínu. Af þessu má ætla að forsenda fyrir arftöku B sé röng og ákvæðið skuli af þeim sökum teljast ógilt.¹¹³ Ef hins vegar kemur í ljós að arfleifandi hefði engu að síður gert erfðaskrá sína með þessum hætti þó svo að hann vissi að forsendan fengi hvergi staðist þá verður hvorki erfðaskráin né tiltekið ákvæði hennar ógilt af þeim sökum.¹¹⁴

b. Brostnar forsendur

Brostnar forsendur eiga við ef arfleifandi hafði upphaflega réttan skilning á aðstæðum og byggði erfðaskrá sína á eðlilegum hugmyndum sem síðar brustu vegna breyttra aðstæðna.

Í erfðalögunum er ekki fjallað sérstaklega um brostnar forsendur sem ógildingarástæðu, en þrátt fyrir það er það skoðun fræðimanna að brostnar forsendur geti leitt til ógildingar erfðaskrár. Til að erfðaskrá eða ákvæði hennar verði ógilt á þessum grundvelli verður hin brostna forsenda að vera veruleg og jafnframt ákvörðunarástæða erfðaskrárinnar eða ákvæðis hennar, sbr. **H 1986:1626**.¹¹⁵

H 1986:1626 A og B gerðu sameiginlega erfðaskrá, um ráðstöfun arfs eftir lát beggja. Ákveðinn hluti lands í þeirra eigu, ásamt sumarbústaði og öllu innbúi átti að falla til Hjartaverndar og var vilji þeirra að Hjartavernd myndi nýta svæðið, sem hvíldar- og hressingarstað. Hinn hluti landsins átti að renna til Skógræktar ríkisins og var vilji þeirra að þar risi sumardvalarheimili fyrir drengi á aldrinum 6-14 ára, sem ætlað væri að hlú að gróðri landsins með trjárækt og ræktun landsins. Þegar til skipta kom neytti Grímsneshreppur forkaupsréttar síns og keypti jörðina. Hjartavernd og Skógrækt ríkisins fóru þá fram á bætur í stað jarðarinnar, en þar sem jörðin var í eigu Grímsneshrepps, þá taldi Hæstiréttur að forsendan fyrir arftöku þeirra væri brostin, þar sem þeim væri ómögulegt að uppfylla skilyrði erfðaskrárinnar.

¹¹³ Ármann Snævarr, *Erfðaréttur*, 1991: bls. 334

¹¹⁴ Páll Sigurðsson, *Erfðaréttur*, 2007: bls. 269-270

¹¹⁵ Páll Sigurðsson, *Erfðaréttur*, 2007: bls. 270-271

6. Aðrar ástæður fyrir ógildi eða markleysu erfðaskrár

Hér hefur ekki verið gerð tæmandi talning á því sem valdið getur að erfðaskrá eða ákvæði hennar dæmist ógilt. Því erfðaskrá getur einnig verið ógild ef hún byggist á málamyndagerningi, fòlsun eða öðru slíku sem veldur því að hún telst ekki gild að lögum. Erfðaskrár eða einstök ákvæði geta líka verið ógild ef þau er andstæð lögum og almennu velsæmi eða kveða á um spillingu eigna, líkt og fjallað var um í VII. kafla um takmarkanir erfðaskráa.

Þó erfðaskrá sé gild getur verið að ákvæði hennar komi ekki til framkvæmdar af raunhæfum ástæðum, svo sem ef bréferfingi hafnar arfi eða uppfyllir ekki þau skilyrði er arfleifandi setti honum fyrir arftöku. Einnig getur verið að ákvæði erfðaskrár sé óframkvæmanleg, ef svo ber undir skal þó reyna að framkvæma það í sem fyllstu samræmi við vilja arfleifanda, skv. viljakenningu erfðaréttarins.¹¹⁶

7. Véfenging erfðaskráa

Þegar talað er um að erfðaskrá verði ógild þá þýðir það ekki alltaf að erfðaskráin verði skilyrðislaust ógild því í flestum tilvikum þarf véfenging af hálfu erfingja að koma til, sbr. 1. mgr. 45. gr. el. Ef um marga erfingja er að ræða nægir að einn véfengi erfðaskrá og breytir þar litlu hvort hagsmunir þess erfingja eru miklir eða litlir. Þeir sem geta véfengt erfðaskrá eru bréferfingar og lögerfingar, enda hafa þeir einir hagsmuna að gæta og því hafa aðrir en þeir ekki rétt til að véfengja erfðaskrá.¹¹⁷

Erfingar geta þó ekki einungis véfengt erfðaskrá heldur geta þeir einnig samþykkt gildi hennar jafnvel þó svo að ákveðnir annmarkar séu á formi erfðaskrárinnar, hæfi eða vilja arfleifanda.¹¹⁸ Vilji erfingi véfengja erfðaskrá skal hann bera andmæli sín fram við sýslumann, skiptastjóra eða erfingja, sem skipta einkaskiptum, jafn fljótt og kostur er. Andmæli sem koma fram eftir skiptalok eru því ekki tekin til greina nema það sannist að erfingi hafi ekki haft tók á að bera þau upp við skiptin, eða refsiverðu athæfi hafi verið fyrir að fara við gerð erfðaskrár eða við skipti, sbr. 47. gr. el.

Ef erfðaskrá, sem er undirrituð og vottuð, er véfengd ber sá sem véfengir erfðaskrána sönnunarbyrðina fyrir því að til staðar séu þeir ágallar á erfðaskránni sem valda ættu ógildingunni hennar, sbr. 2. mgr. 45. gr. el.

¹¹⁶ Ármann Snævarr, *Erfðaréttur*, 1991: bls. 224-225 og 321

¹¹⁷ Páll Sigurðsson, *Erfðaréttur*, 2007: bls. 277

¹¹⁸ Ólafur Jóhannesson, *Lög og réttur*, 1975: bls. 142


X. Rannsókn á erfðaskrá

Við undirbúning þessarar ritgerðar sóttist höfundur eftir því að fá að skoða erfðaskrár sem eru í vörslu sýslumannsembættanna, til að kanna efni þeirra og sjá hverju fólk vildi helst ná fram með gerð erfðaskrár. Höfundur sendi því beiðni til nokkurra sýslumannsembætta þar sem óskað var eftir leyfi til að skoða þær erfðaskrár sem voru í þeirra vörslu. Sýslumaðurinn á Akureyri var sá eini sem veitti heimild sína og kann höfundur honum bestu þakkir fyrir auðsýnt traust og velvild. Af þessum sökum er rannsóknin kannski frekar þröngt skorðuð, þar sem hún er einungis byggð á efni erfðaskráa hjá einu embætti og þar af leiðandi var ekki hægt að gera samanburð á því hvort einhver munur væri á tíðni eða efni erfðaskráa eða öðru eftir búsetu fólks. Höfundur varð þrátt fyrir það margs vísari við þessa rannsókn, líkt og fram kemur hér á eftir.

Rannsóknin tók til erfðaskráa sem gerðar eru á 30 ára tímabili, þ.e. frá árinu 1978 og til og með árinu 2007, og eru í vörslu sýslumannsins á Akureyri, alls 404 erfðaskrár. Þess má þó geta að nokkrar þeirra hafa verið afturkallaðar og öðrum breytt en þær voru engu að síður hafðar með í rannsókninni. Þó svo þær séu í raun ekki lengur gildar að lögum þá gefur efni þeirra vísbendingu um það hverju arfleifandi vildi ná fram með gerð erfðaskrár.

A. Tíðni Erfðaskráa

Tíðni erfðaskráa var könnuð og þrátt fyrir að rannsóknin næði einungis til þeirra erfðaskráa sem gerðar voru á tímabilinu frá 1978 og til og með árinu 2007 þá var við könnun á tíðni erfðaskráa farið allt aftur til ársins 1950.



Tíðni erfðaskráa virðist hafa aukist þó nokkuð í gegnum tíðina, eins og sjá má á töflunni hér á undan. Þá aukningu má þó að mestu rekja til mikillar fjölgunar á sameiginlegum eða gagnkvæmum erfðaskráum því ekki hefur orðið veruleg breyting á tíðni einstaklingserfðaskráa. Þessa fjölgun á sameiginlegum eða gagnkvæmum erfðaskráum má rekja beint til breytinga á erfðalögunum. Þær voru mjög sjaldséðar fram til tímabilsins frá 1980-1989 en á því tímabili var erfðalögunum breytt tvívegis og í kjölfarið margfaldaðist fjöldi sameiginlegra eða gagnkvæmra erfðaskráa verulega og náði algeru hámarki.

Fyrri breytingin á erfðalögunum sneri að því að heimila öðru hjóna eða báðum að heimila langlífari maka setu í óskiptu búi með fjárráða eða ófjárráða niðjum beggja. Seinni breytingin gerði aðilum mögulegt að heimila langlífari maka setu í óskiptu búi með stjúpnidjum sínum, hvort sem þeir væru fjárráða eða ófjárráða. Í kjölfar þessara breytingu lögðu margir í gerð erfðaskrár sem hefðu eflaust ekki gert erfðaskrá nema vegna lagabreytinganna og þeirra auknu möguleika sem þær buðu upp á í erfðaskrárgerð. Stór hluti þeirra sameiginlegu og gagnkvæmu erfðaskráa, sem gerðar voru á þessu tímabili, kváðu einungis á um heimild langlífari maka til setu í óskiptu búi.

Fjöldi sameiginlegra eða gagnkvæmra erfðaskráa náði þó ekki sömu hæðum á tímabilunum á eftir en þeim hefur þó fjölgað verulega frá því sem var fyrir lagabreytingarnar.


Þrátt fyrir mikla fjölgun á sameiginlegum eða gagnkvæmum erfðaskráum þegar óverulegar breytingar hafa orðið á tíðni einstaklingserfðaskráa þá er tíðni þeirra mjög svipuð. Af þeim 404 erfðaskráum er voru rannsakaðar þá voru 203 erfðaskrár gerðar af einstaklingi en 201 gerð af fleiri en einum aðila, þ.e. sameiginleg eða gagnkvæm.

B. Atriði varðandi arfleifendur

Ýmis atriði voru könnuð og þar á meðal atriði er varða arfleifendurna sjálfa. Kannað var á hvaða aldri þeir sem gerðu erfðaskrár voru og hvort einhver munur væri á aldursdreifingu þeirra sem gerðu sameiginlegar eða gagnkvæmar erfðaskrár og þeirra sem stóðu einir að gerð erfðaskrár. Einnig var kannað hvort einhver munur væri á hlutfalli kynjanna við gerð erfðaskrár og hver staða arfleifanda væri, þ.e. hvort þeir sem gerðu erfðaskrá ættu almennt skylduerfingja, eða hvort algegnara væri að aðilar sem ekki ættu skylduerfingja stæðu að gerð erfðaskrár.

1. Aldur arfleifenda

Það hefur verið nefnt að algengt sé að fólk dragi það fram á efri ár að gera erfðaskrá. Því ákvað höfundur að gera smá samantekt á því á hvaða aldursbili þeir voru sem stóðu að gerð þeirra erfðaskráa er rannsóknin tók til og gera samanburð á aldri þeirra einstaklinga sem stóðu einir að gerð erfðaskrár og svo aldri þeirra sem stóðu að gerð sameiginlegra eða gagnkvæmra erfðaskráa.




Í ljós kom að nokkur munur er á aldri fólks við gerð erfðaskrár eftir því hvort um er að ræða erfðaskrá einstaklings eða sameiginlega eða gagnkvæma erfðaskrá. Þeir sem gera sameiginlega eða gagnkvæma erfðaskrá virðast flestir gera slíka skrá um miðbik ævinnar. Þeir sem gera erfðaskrá einir og sér virðast aftur á móti frekar bíða með gerð slíkrar skrár fram á síðari hluta ævinnar.

Þessu til frekari staðfestingar má geta að meðalaldur þeirra sem gerðu sameiginlega eða gagnkvæma erfðaskrá var u.þ.b. 58 ár, en meðalaldur hinna var aftur á móti hátt í 70 ár. Sá fyrirvari skal hafður á að þessi könnun á aldri arfleifenda, náði ekki til allra þeirra er gerðu erfðaskrá á rannsóknartímabilinu, því í mörgum eldri erfðaskráum var ómögulegt að komast að aldri arfleifenda þar sem þeir nefndu ekki fæðingardag eða kennitölu. Þetta á þó aðallega við um erfðaskrár sem gerðar voru á tímabilinu frá 1978-1988, en þá var fremur stuðst við nafnúmer einstaklinga en kennitölur.

Meðalaldur þeirra sem gera sameiginlegar eða gagnkvæmar erfðaskrár virðist einnig lækka með tímanum því meðalaldur þeirra var ca. 61 ár á tímabilinu frá 1980-1989 en var kominn niður í rúm 55 ár á tímabilinu frá 2000-2007. Slíkur munur er ekki greinanlegur á meðalaldri þeirra sem standa einir að gerð erfðaskrár.

2. Kyn arfleifenda

Af þeim sem 605 einstaklingum er stóðu að gerð hinna 404 erfðaskráa er rannsókn þessi tók til, þá voru 305 þeirra karlar og 300 þeirra konur. Þannig að hlutfall kynjanna við erfðaskrárgerð er mjög jafnt á rannsóknartímabilinu. Mikill munur er þó á hlutföllum kynjanna þegar einstök tímabil eru skoðuð. Þar er þó einungis litið til hlutfalls kynjanna við gerð einstaklingserfðaskráa. Því ekki er marktækur munur á hlutföllum kynjanna við gerð sameiginlegra eða gagnkvæmra erfðaskráa þar sem þær eru í langflestum tilvikum gerðar af hjónum.



Þegar hlutföll kynjanna við erfðaskrárgerð voru skoðuð út frá ákveðnum tímabilum kom í ljós að mun fleiri konur en karlar stóðu að gerð erfðaskráa á fyrsta tímabilinu, þ.e. frá 1978-1987. Kvenfólki er stendur að gerð erfðaskráa, hefur fækkað á síðustu árum en fjöldi karlmannna aftur á móti aukist til muna.

3. Staða arfleifenda

Flestir þeir sem gerðu sameiginlega eða gagnkvæma erfðaskrá áttu skylduerfingja, enda er langalgengast að hjón standi að baki slíkra erfðaskráa. Aðstandendur níu arfleifenda, sem gerðu sameiginlega eða gagnkvæma erfðaskrá er rannsóknin tók til, áttu enga skylduerfingja og óvitað var um stöðu fimm arfleifenda að auki.

Fjöldi þeirra sem ekki áttu skylduerfingja var töluvert lægri hjá þeim sem stóðu einir að gerð erfðaskrár, a.m.k. þriðjungur þeirra átti skylduerfingja, og telja verður að aðrir hafi ekki átt skylduerfingja. Í þriðjungi erfðaskráanna var þess sérstaklega getið að


arfleifandi ætti enga skylduerfingja, í öðrum þriðjungi var þess ekki getið hvort arfleifandi ætti skylduerfingja en það verður þó að teljast líklegra að svo hafi ekki verið miðað við hvernig ráðstöfun arfs var háttað í þeim tilfellum. Að jafnaði var ekki gætt að takmörkunum 35. gr. el. við ráðstöfun arfs og verður því að telja að í flestum tilfellum hafi það verið vegna þess að skylduerfingjum hafi ekki verið fyrir að fara.

C. Efni erfðaskráa

Við rannsókn á efni erfðaskráa kom í ljós mikill munur á efni þeirra erfðaskráa sem gerðar voru af einstaklingum og efni sameiginlegra eða gagnkvæmra erfðaskráa. Þessi munur á efni erfðaskráa felst þó eflaust aðallega í því hversu ólík staða arfleifendanna er. Líkt og áður hefur komið fram þá voru þeir sem stóðu einir að gerð erfðaskrár að jafnaði einstæðingar án skylduerfingja, en þeir sem stóðu sameiginlega að gerð erfðaskrár voru í langflestum tilfellum hjón og áttu þar af leiðandi skylduerfingja.

Meginefni hinna sameiginlegru og gagnkvæmu erfðaskráa voru því ákvæði til að bæta stöðu þess langlífari, sem var í langflestum tilfellum hjúskaparmaki. Meginefni þeirra 203 erfðaskráa er gerðar voru af einstaklingum var aftur á móti nánast jafnfjölbreytilegt og erfðaskrárnar voru margar, algengast var þó að einstaklingar ráðstöfuðu arfi eftir sig, til aðila sem ekki nutu lögerfðaréttar eftir þá, eða til ákveðins lögerfingja, umfram aðra eins og sjá má á neðangreindri töflu.

Þess má þó geta að mögulegt er að erfðaskrárákvæði sem varða bréfarf til sambýlismaka, systkinis, systkinabarna, barnabarna, fóstur- eða stjúpbarna séu fleiri en getið er í töflunni hér að neðan þar sem ekki var alltaf getið á um hver tengsl arfleifanda voru við bréferfingja. Auk þess getur tíðni annarra ákvæða einnig verið ögn lægri í raun þar sem sumir höfðu gert fleiri en eina erfðaskrá og getur því verið að ráðstöfun arfs til sama einstaklings sé talin oftár en einu sinni, þ.e. ef hann hefur ráðstafað eigum sínum með fleirum en einni erfðaskrá. Neðangreind tafla ætti þó að veita nokkra innsýn í það hvert efni erfðaskráa virðist að jafnaði vera, þó svo að ekki séu allar tölur 100% réttar.



Fjöldi þeirra erfðaskráa er rannsóknin tók til, var eins og áður hefur verið nefnt 404 erfðaskrár og voru 203 þeirra gerðar af einstaklingi, en 201 var sameiginleg eða gagnkvæm, þ.e. gerð af tveimur einstaklingum. Af þeim 201 erfðaskrá sem gerðar voru sameiginlega eða gagnkvæmt, innihéldu 164 þeirra heimild til langlífara til setu í óskiptu búi. Þess má svo geta að þar af voru alls 74 erfðaskrár, sem innihéldu eingöngu slíkt ákvæði og hafa því aðeins verið gerðar til að tryggja hinu langlífara þennan rétt. Aðeins 12 af þeim 203 sem stóðu einir að gerð erfðaskrár mæltu fyrir um þennan rétt langlífara. Það er þó eflaust ekki jafn lágt hlutfall og það virðist vera, þar sem að í þessum hópi voru afar fáir sem gátu mælt fyrir um þennan rétt, þar sem fæstir þeirra voru giftir, en telja má að megnið af þeim sem giftir voru hafi kveðið á um þennan rétt langlífara.

Þannig að sem giftir eru vilja gjarnan tryggja hag maka síns sem best, með því að bjóða honum upp á þann möguleika að fá að njóta allra eigna beggja með setu í óskiptu búi. Margir gengu þó jafnvel skrefinu lengra og eftirlétu hinu langlífara einnig bréfarf eftir sig, auk skylduarfs, en alls innihéldu 38 erfðaskrár ákvæði þar sem hjúskaparmaka var veittur bréfarfur, þar af voru 33 sameiginlegar eða gagnkvæmar. 30 erfðaskrár til viðbótar innihéldu svo varaákvæði um að langlífara skyldi hljóta bréfarf, ef það fengi ekki leyfi til setu í óskiptu búi. Þess má þó geta að þau ákvæði voru flest í erfðaskráum sem gerðar voru fyrir 1985, þ.e. fyrir breytingarnar á erfðalöggjöfni sem tryggðu betur möguleika langlífara til setu í óskiptu búi.

Nokkrir gerðu erfðaskrá til hagsbóta fyrir sambýlismaka, en þeir voru þó ekki ýkja margir, því aðeins 21 erfðaskrá innihélt ákvæði þar sem sambýlismaka var veittur bréfarfur, en í 8 af þeim stóð sambýlifsfolk sameiginlega að gerð erfðaskrárinnar.

Nokkuð algengara var að arfi væri ráðstafað til fóstur- eða stjúpbarna, en réttarstaða þeirra er í raun sú sama og réttarstaða sambýlismaka, þar eð þau njóta ekki lögerfðaréttar eftir arfleifanda, nema með þar tilgerðu ákvæði í erfðaskrá. Lítil munur var þó á tíðni slíkra ákvæða eftir því hvort um var að ræða sameiginlega eða gagnkvæma erfðaskrá, eða erfðaskrá einstaklings, en 15 af þeirri 31 erfðaskrá er innihéldu slíkt ákvæði var sameiginleg eða gagnkvæm. Þess má þó geta að 8 sameiginlegar og/eða gagnkvæmar erfðaskrár til viðbótar innihéldu ákvæði um að öll börn arfleifenda skyldu taka jafnan arf, sem er í raun að vissu leyti til hagsbóta fyrir stjúp börn.

Einnig voru nokkrir sem ráðstöfuðu arfi til barnabarns eða tiltekinna barnabarna, en 14 erfðaskrár innihéldu slíkt ákvæði, þar af voru 6 þeirra sameiginlegar eða gagnkvæmar. Í flestum tilvikum var kveðið á um að tiltekið barnabarn skyldi taka arf til jafns við börn arfleifanda/arfleifenda, en telja má að í þeim tilvikum hafi það mögulega að einhverju leyti alist upp hjá arfleifendum, eða verið þeim sérstaklega nákomid með öðrum hætti og arfleifandi/arfleifendur því viljað bæta hag þess umfram önnur barnabörn þeirra, með því að gera það að erfingja sínum samhliða eigin börnum þeirra.

Sumir veittu systkinum sínum arf eftir sig, en þess má geta að systkini arfleifanda eru lögerfingjar hans skv. II. erfð, ef arfleifandi á enga skylduerfingja og foreldrar hans eru látnir, sbr. 2. og 3. mgr. 3. gr. el. Þrátt fyrir það innihéldu alls 25 erfðaskrár ákvæði þar sem systkini arfleifanda var veittur allur arfur eða tiltekinn hluti arfs, en telja má að þá hafi arfleifandi viljað veita því systkini sínu, er stóð honum hvað næst arf eftir sig, í stað þess að það þyrfti að deila honum með öðrum lögerfingjum. 7 af hinum sameiginlegu eða gagnkvæmu erfðaskrá, sem rannsóknin tók til, voru gerðar af systkinum og var þá langlífara systkinið að jafnaði arfleitt að öllum eignum þess skammlífara, en eftir lát beggja var eignum beggja ráðstafað til ákveðinnar stofnunnar, tiltekins aðila, eða lögerfingja. 27 einstaklingar ráðstöfuðu arfi eftir sig til tilgreindra systkinabarna.

Stofnanir og sjóðir nutu einnig góðs af gerð erfðaskrár í 33 tilfellum, sumir ráðstöfuðu öllum arfi til stofnana eða sjóða, en aðrir einungis ákveðnum eignum, hlutfalli eigna, tilgreindri fjárhæð eða tilgreindum munum. Mun algengara var að einstaklingar ráðstöfuðu arfi eftir sig með þessum hætti, heldur en þeir sem stóðu sameiginlega að gerð erfðaskrár. Ástæðan er eflaust sá munur sem er á högum arfleifenda eftir því hvort þeir standa einir að gerð erfðaskrár eða sameiginlega með öðrum. Því aðeins 5 þeim 33 sem

veittu stofnunum eða sjóðum arf höfðu gert sameiginlega eða gagnkvæma erfðaskrá og þar af voru 3 þeirra gerðar af systkinum, 1 af barnlausum hjónum, sem arfleiddu spítala að eigum sínum eftir lát beggja og 1 af sambýlisfólki sem ráðstafaði bókum til stofnunar. Þannig að mjög sjaldgæft er að fólk sem á skylduerfingja ráðstafi arfi eftir sig til stofnana eða sjóða.

Margir nýttu sér heimild 2. mgr. 36. gr. el. og ráðstöfuðu ákveðnum eigum til tilgreindra aðila. Alls 54 ráðstöfuðu ákveðinni eða ákveðnum eignum til tilgreindra aðila, en af þeim stóðu 46 einir að gerð erfðaskrár og margir þeirra ráðstöfuðu jafnvel flestum eða öllum eignum sínum með þessum hætti, þar eð þeir þurftu ekki að gæta þess að ráðstöfunin rúmaðist innan þriðjungsheimildar 35. gr. el. þar sem þeir áttu enga skylduerfingja. Í þeim tilvikum innihélt erfðaskrá að jafnaði upptalningu á munum arfleifanda og því hver skyldi hljóta hvaða eign eða erfðaskránni fylgdi fylgiskjal með þeim upplýsingum. Þeir sem gerðu sameiginlega eða gagnkvæma erfðaskrá mæltu þó að jafnaði aðeins fyrir um að tiltekin eign félli til tiltekins erfingja, s.s. að dóttir skyldi erfa sumarhús, eða sonur skyldi erfa bókasafn en að öðru leyti skyldu skipti fara að lögum.

Nokkrir lögðu kvaðir á arf, en það var ekki mjög algengt í þeim erfðaskrár er rannsóknin náði til. Algengasta kvöðin var að arfur skyldi vera séreign erfingja í hjúskap hans, en alls 34 mæltu svo fyrir um. Aðeins 1 mælti aftur á móti fyrir um að arfur skyldi vera undanþeginn aðför. 8 einstaklingar settu erfingjum ákveðin skilyrði fyrir arftöku, þau voru þó flest á þá leið að erfingi skyldi vera fjárráða eða hafa náð tilteknum aldri eða hafa lokið háskólanámi til að hljóta arf. Í 13 tilfellum fylgdu arfi sérstök fyrirmæli um ráðstöfun hans, en það var yfirleitt varðandi ráðstöfun á arfi til stofnana, t.d. ef fasteign var ráðstafað til stofnunar eða félagasamtaka þá fylgdu fyrirmæli um það í hvaða skyni nota skyldi fasteignina og ef um fjármuni var að ræða, fylgdu jafnan fyrirmæli um það í hvaða skyni fénu skyldi varið. 3 settu þá annars konar kvöð á ráðstöfun arfs, þ.e. einn mælti fyrir um að hjúskaparmaki skyldi fá að njóta eigna arfleifanda í lifanda lífi, (en hann hafði afsalað sér arfi eftir arfleifanda), annar mælti fyrir um að sambýlismaki skyldi fá að búa í fasteign, sem verður að teljast tilraun til þess að veita sambýlismaka hálfgerð leyfi til setu í óskiptu búi, sá þriðji mælti aftur á móti fyrir um að fasteign hans skyldi seld innan eins og hálfis árs frá andláti hans, en hið langlífara skyldi þó fá að njóta eignarinnar þar til og skyldi þá greiða af henni þann tíma er hann nyti hennar.

Aðeins tvær erfðaskrár mæltu fyrir um spillingu eigna, annar nefndi að tiltekinn erfingi hefði í samtali við arfleifanda tekið að sér að eyðileggja ýmsa muni, annar mælti

fyrir um að hestar hans skyldu felldir og grafnir. Þessi fyriræli verða þó vart talin andstæð 39. gr. el., sbr. umfjöllun í VII. kafla.

Þó nokkrir nýttu sér heimild 1. tl. 1. mgr. 37. gr. laga nr. 20/1991 og skipuðu skiptastjóra, sem var að jafnaði sá lögfræðingur sem hafði aðstoðað þá við gerð erfðaskrárinnar. Þetta var þó algengara meðal þeirra er stóðu einir að gerð erfðaskrár. Einn arfleifandi setti svo fram sérstök fyriræli um búskipti, eða beiðni öllu heldur, en hann óskaði þess að erfingjar hans myndu skipta búi hans með einkaskiptum.

Frekar algengt var að arfleifendur gerðu einhvers konar ráðstafanir varðandi útför sína. Flestir kváðu reyndar einfaldlega um að erfingjar skyldu hljóta arf að undanþegnum útfarar- og skiptakostnaði, aðrir mæltu þó fyrir um að erfingjar skyldu sjá um útför eða jafnvel að útför skyldi greiðast af séreignum aðila. Margir gerðu þó einnig ráðstafanir varðandi leiðið, t.d. hvernig kross eða stein skyldi kaupa á leiðið og mæltu fyrir um sómasamlegan frágang þess, einn hafði þá lagt inn pöntun fyrir legsteini og mælti fyrir um að sá steinn skyldi keyptur og settur á leiði hans. Aðrir kváðu aftur á móti á um það að útför þeirra skyldi fara fram í kyrrþey, einnig fyrirfundust ákvæði um líkbrennslu eða grefrunarstað. Slík ákvæði voru þá nánast eingöngu í erfðaskrá einstaklinga, því af þeim 52 erfðaskrá þar sem einhver ummæli voru varðandi útför, þá voru aðeins tvær þeirra sameiginlegar eða gagnkvæmar. En þær voru báðar gerðar af systkinum og var staða þeirra því keimlík stöðu þeirra sem stóðu að jafnaði einir að erfðaskrárgerð. Enginn þeirra sem hafði orð á útför átti skylduerfingja, að undanskyldum mæðginum sem hvort um sig gerði erfðaskrá til hagsbóta hinu.

Þess má svo geta að 45 af þeim, sem stóðu að gerð þeirra erfðaskráa er rannsóknin tók til, höfðu áður gert erfðaskrá, svo að hluti þeirra erfðaskráa sem rannsóknin náði til hafði verið afturkallaður með nýrri erfðaskrá. Að minnsta kosti 15 þeirra erfðaskráa er rannsóknin tók til verið afturkallaðar. Einnig voru a.m.k. 14 erfðaskrár sem innihéldu aðeins breytingar eða viðauka við eldri erfðaskrá. Þó getur verið að fleiri erfðaskrár hafi verið afturkallaðar eða þeim breytt með einhverjum hætti, án þess að höfundur viti af því, þar sem ekki er alltaf getið þess hvort eldri erfðaskrá sé til staðar, eða hvort hún sé felld niður. Auk þess sem fólk getur hafa flust búferlum og gert nýja erfðaskrá í nýju umdæmi, þar sem það fellir fyrri erfðaskrá úr gildi. Þess má svo geta að töluvert algengara var að einstæðingar breyttu eða afturkölluðu fyrri erfðaskrár, því af þeim 15 erfðaskrá sem voru afturkallaðar að mati höfundar, þá voru 12 þeirra gerðar af einstaklingum og af þeim 14 erfðaskrá sem innihéldu breytingar eða viðauka við fyrri erfðaskrá, þá voru 10 þeirra gerðar af einstaklingum.

D. Niðurstaða

Það var margt í þessari rannsókn sem kom á óvart en annað var með svipuðum hætti og höfundur hafði búist við áður en hann hóf að rannsaka erfðaskrár. Það kom því ekki á óvart að erfðaskrár hefði fjölgað í gegnum tíðina og þá sérstaklega sameiginlegum og gagnkvæmum erfðaskrár. Það kom heldur ekki á óvart að flestir arfleifenda væru komnir yfir miðjan aldur er þeir gerðu erfðaskrá. Það kom þó verulega á óvart þegar hlutfall kynjanna við erfðaskrárgerð var skoðað hvað konur voru í miklum meirihluta þeirra sem gerðu erfðaskrá á fyrsta tímabili rannsóknarinnar, þ.e. frá 1978-1987, og að þeim fækkaði svo þegar nær dró nútímanum, en hlutfall karla jókst aftur á móti til muna. Þessu er alveg öfugt farið við það sem höfundur hafði reiknað með þar sem staða konunnar í þjóðfélaginu hefur styrkst mikið á undanförunum áratugum. Höfundur bjóst því við að fáar konur hefðu staðið að gerð erfðaskrár á fyrsta tímabilinu en þeim myndi síðan fara fjölgandi með tímanum.

Þegar litið var á efni erfðaskráa þá var mjög fróðlegt að sjá hvað fólk vildi með gerð erfðaskrár. Af efni þeirra erfðaskráa er rannsóknin tók til má sjá að mjög algengt er að fólk vilji tryggja hag langlífari hjúskaparmaka sem best. Þó svo að hagur hjúskaparmaka sé vel tryggður í lögunum þá vilja margir gera betur. Slík ákvæði var að finna í flestöllum þeim sameiginlegu eða gagnkvæmu erfðaskrár er rannsóknin tók til. Það má þó telja að 3. mgr. 8. gr. el. ýti að vissu leyti undir gerð erfðaskrár meðal hjóna þar sem stjúpnidjum er fyrir að fara. Með erfðaskrá geta þau veitt því langlífara betri möguleika á setu í óskiptu búi því ef heimildin styðst ekki við erfðaskrárákvæði hins skammlífari þá geta stjúpnidjar komið í veg fyrir að hið langlífara fái heimild til setu í óskiptu búi.

Fjöldi sambýlisfólks sem gerði erfðaskrá kom ekki verulega á óvart, því þó svo að erfðaréttur sambýlismaka verði að byggjast á erfðaskrárákvæði hins skammlífari þá er allt of algengt að sambýlisfólk átti sig ekki á réttarstöðu sinni og geri því ekkert til að bæta hana. Það virðast þó vera nokkrir sem gera sér grein fyrir stöðunni og reyna að bæta hana. Ætla má að ef sambýlisfólki væru veittir meiri möguleikar til að bæta réttarstöðu þess langlífara þá myndu fleiri gera erfðaskrá, sbr. auknir möguleikar hjóna til að tryggja betur stöðu langlífari maka.

Það kom heldur ekki á óvart hversu algengt það var að þeir sem ekki áttu skylduerfingja skyldu gera erfðaskrá til að hafa áhrif á arfsskipti eftir þá. Þeir geta ráðstafað öllum arfi eftir sig að vild og þurfa því ekki að huga að takmörkun 35. gr. el. á ráðstöfunarheimild þeirra sem eiga skylduerfingja. Þar að auki eru arfsskipti eftir þá skv.

lögum ekki endilega í þá átt sem þeir vildu, því ef arfsskipti fara að lögum þá deilist arfur eftir þá á milli lögerfingja sem eru kannski í litlum sem engum tengslum við arfleifanda. Því er þeim sem ekki eiga skylduerfingja oft umhugað um að ráðstafa arfi eftir eigin höfði til þeirra sem eru þeim eflaust hvað kærastir.

Það kom á óvart hversu margir gáfu fyrirmæli eða gerðu ákveðnar ráðstafanir varðandi útför þegar litið er til þess að nánast engin þeirra sem gaf slík fyrirmæli átti skylduerfingja og hefur þeim því verið umhugað um að tryggja að sómasamlega yrði staðið að útförinni og þá sérstaklega frágang á leiði þeirra. Þeir sem áttu skylduerfingja gerðu engar slíkar ráðstafanir, enda eflaust talið það nokkuð tryggt að sómasamlega yrði staðið að útför þeirra og frágangi á leiði.

Það hve mikið algengara það virtist að einstaklingserfðaskrár væru afturkallaðar eða þeim breytt heldur en sameiginlegum eða gagnkvæmum erfðaskráum má svo eflaust að nokkru leyti rekja til þess að örðugra er að afturkalla sameiginlegar eða gagnkvæmar erfðaskrár, líkt og fjallað var um í VIII. kafla. Ef arfleifanda snýst ekki hugur fyrr en eftir lát hins skammlífari, en þá getur hann ekki afturkallað erfðaskrána í heild heldur aðeins ráðstafað sínum hluta búsins, sbr. **H 1983:381**. Á hinn bóginn er meginefni sameiginlegra eða gagnkvæmra erfðaskráa að bæta stöðu hjúskaparmaka, en telja má að staða fólks breytist sjaldan svo að það vilji ekki tryggja rétt hjúskaparmaka sem best, nema kannski ef til skilnaðar kemur en þá eru að jafnaði brostnar forsendur fyrir þeim ákvæðum erfðaskráa, þar að auki er jafnan fyrirvaraákvæði í erfðaskránum að þær skuli falla úr gildi við skilnað. Vegna þessa er oft óþarft að afturkalla sameiginlegar eða gagnkvæmar erfðaskrár þegar aðstæður breytast með þessum hætti.

Það kom einnig skemmtilega á óvart hve margar erfðaskrárnar virtust vera vel samdar og vel ígrundaðar. Arfleifendur höfðu til dæmis hugsað fyrir ýmsu sem löggjafinn hafði ekki hugsað fyrir, svo sem ef kveðið var á um að erfingi þyrfti að uppfylla ákveðin skilyrði fyrir arftöku, þá skipaði arfleifandi að jafnaði fjárhaldsmann fyrir erfingjann er myndi varðveita féð þar til að arftöku kæmi. Margir settu einnig varaákvæði í erfðaskrá og kváðu á um hver skyldi hljóta arf ef bréferfingi myndi látast á undan arfleifanda.

Nokkrir reyndu einnig að komast hjá takmörkunum 35. gr. el. með því að fá skylduerfingja til að meðundirrita erfðaskrána til samþykkis, eða með því að binda arf þeirri kvöð að eftirlifandi sambýlismaki skyldi fá að njóta eigna hins skammlífari áfram eftir lát hans, en gaman væri að vita hvort slík ákvæði halda ef erfðaskrá verður véfengd.

XI. Mögulegar breytingar á erfðalöggjöfni

Íslensku erfðalögin eru komin til ára sinna en hafa þó staðist tímans tönn nokkuð vel. Það sést eflaust hvað best á því hve litlum breytingum þau hafa sætt frá setningu þeirra, en efni þeirra hefur í raun aðeins verið breytt tvisvar sinnum. Það hafa þó verið gerðar fleiri breytingar á erfðalögunum, en þær snúa helst að því að orðalagi sé breytt eða aðrar slíkar smávægilegar breytingar og fela því ekki í sér raunverulegar breytingar á efni erfðalaganna. Erfðalögin eru því enn í gildi í nánast upphaflegri mynd.

Fyrsta breytingin á erfðalögunum varð með lögum nr. 29/1985, en hún sneri að því að heimila öðru hjóna eða báðum að mæla svo fyrir í erfðaskrá að hið langlífara skyldi fá heimild til setu í óskiptu búi með fjárráða eða ófjárráða niðjum beggja. Þessi breyting hafði það í för með sér að sameiginlegir niðjar arfleifenda voru nauðbeygðir til að hlýta því að langlífari maki fengi heimild til setu í óskiptu búi.

Seinni breytingin var gerð með lögum nr. 48/1989, en sú breyting var mun viðameiri en sú fyrri. Með þessum breytingarlögum var erfðaréttur maka aukinn og nánari reglur settar um heimild til setu í óskiptu búi og sú heimild rýmkuð, nánari reglur voru einnig settar um fyrirframgreiddan arf, auk þess sem aðrar smávægilegar breytingar áttu sér stað

Þessar breytingar bættu verulega stöðu langlífari maka því það verður að teljast veruleg réttarbót að langlífari maki skuli geta fengið heimild til að sitja áfram að öllum hjúskapareignum sínum og hins skammlífari, þrátt fyrir fráfall hans. Það má þó gera betur og þó svo að erfðalögin hafi staðist tímans tönn þá hefur margt breyst frá því að erfðalögin og breytingarnar á þeim tóku gildi og því tímabært að gera frekari breytingar á þeim, svo þau verði í meiri takt við tíð og tíma.

Lögerfðareglurnar eru enn góðar og gildar og því óþarft að breyta þeim en auka mætti möguleika erfðaskráa og heimild manna til að ráðstafa eignum sínum eftir eigin höfði með gerð erfðaskrár, þó þeir eigi skylduerfingja. Þannig að arfsskipti fari almennt eftir lögerfðareglum, en arfleifandi geti þó ráðstafað eignum sínum með öðrum hætti með gerð erfðaskrár, ef honum hugnast svo. Einnig ætti að vera mögulegt að auka réttindi sambýlismaka betur með erfðaskrá, en nú er mögulegt. Einnig þyrfti að útfæra suma möguleika erfðaskráa betur í lögunum. En hér á eftir verður fjallað nánar um þessar tillögur að breytingum á erfðalöggjöfni o.fl.

A. Aukin ráðstöfunarheimild

Margir velta því eflaust fyrir sér hver sé ástæðan á bak við 35. gr. el. og hvort nauðsynlegt sé að takmarka frelsi manna til ráðstöfunar eigna sinna eftir þeirra dag með þessum hætti. Ætla má að ástæðuna fyrir þessari reglu megi rekja til forsjarhyggju löggjafans en hún hefur eflaust verið sett til að tryggja hag eftirlifandi maka og barna sem best við fráfall hins skammlífara.

Þetta ákvæði verður að teljast barn síns tíma því í dag eru börn arfleifanda í flestum tilfellum uppkomin við fráfall hans og því kannski óþarft að tryggja þeim stóran hluta arfs eftir arfleifanda. Auk þess sem samband foreldra og barna er ekki alltaf jafngott og lífshættir margra eru með þeim hætti að þeir eru foreldrunum mikil byrði og skapraun, árum eða áratugum saman.¹¹⁹ Því er kannski óeðlilegt að þeim sé tryggður erfðaréttur að lögum, án þess að arfleifandi geti haft nokkur áhrif á það, nema að því leyti sem hann getur skert arf erfingjans með því að ráðstafa þriðjungi eigna sinna með erfðaskrá.

Skylduerfðaréttur maka er þó eðlilegra ákvæði, því eðlilegt er að eftirlifandi maki eigi rétt á a.m.k. hluta þeirra eigna sem hann og sá skammlífari unnu í sameiningu að því að eignast. Þetta ákvæði er þó eflaust óþarft því ætla má að fæstir myndu gera maka sinn arflausan, nema öruggt væri að hann gæti vel staðið á eigin fótum án arfshlutar frá hinu skammlífara. Auk þess getur eftirlifandi maki mögulega fengið notið eigna arfleifanda í lifanda lífi með setu í óskiptu búi, nema arfleifandi taki fyrir það í erfðaskrá sinni eða 9. gr. el. eigi við.

Takmörkun 35. gr. el. á heimild manna til að ráðstafa eignum sínum að vild eftir andlátíð verður því að teljast dámikil takmörkun á frelsi manna og bera vott um forsjarhyggju af hálfu löggjafans. Óeðlilegt er að mönnum sé ekki fyllilega frjálst hvernig þeir ráðstafa eignum sínum eftir sinn dag, þar sem um er að ræða eigur sem menn hafa sjálfir unnið sér inn og þeim ætti því að vera frjálst að ráðstafa þeim að vild eftir andlátíð, líkt og þeim er í lifanda lífi.

Eflaust eru margir sem telja að takmörkun 35. gr. sé af hinu góða, því illa gæti farið ef arfleifandi fellur frá og skilur eftir sig maka með ung börn, sem væru fjárhagslega háð arfleifanda, en þá má nefna að þó svo að takmörkun 35. gr. yrði felld niður eða svigrúm manna til ráðstöfunar eigna sinna aukið þá er ekki þar með sagt að allir myndu hlaupa til og ráðstafa bréfarfi í bága við rétt maka og barna. Maki og börn myndu enn njóta

¹¹⁹ Ragnar Halldór Hall, *Er ástæða til að breyta skylduerfðareglunum*, 2006: bls. 391

lögerfðaréttar eftir arfleifanda og sá réttur myndi ekki skerðast, nema menn ráðstöfuðu eignum sínum með erfðaskrá til annarra en þeirra. En telja verður að fæstir myndu gera svo, nema börn væru uppkomin og fjárhagslegt öryggi fjölskyldunnar tryggt, þrátt fyrir fráfall aðila. Ef löggjafinn óttaðist hins vegar að svo myndi fara þá væri mögulegt að áætla maka og börnum skylduarf ef börn eru undir vissum aldri svo að ekki væri hægt að ráðstafa öllum arfi í bága við rétt þeirra. Óeðlilegt er að mönnum sé ekki frjálst að ráðstafa arfi eftir sig óháð börnum sínum, sem eru oftast en ekki komin á miðjan aldur (a.m.k. ef miðað er við meðalaldur manna) og eflaust búin að koma sér vel fyrir í lífinu er arfleifandi fellur frá.

Því má velta því upp hvort það væri í raun ekki eðlilegra í ljósi hækkaðs meðalaldurs að arfur eftir arfleifanda félli frekar til barnabarna hans, heldur en eigin barna. Þau hafa eflaust meiri fjárhagslega þörf á arfinum en uppkomin börn arfleifanda.¹²⁰ Einhverjir eru reyndar nú þegar farnir að ráðstafa arfi með þessum hætti en þá afsala börn arfleifanda sér arfi eftir arfleifanda, en geta þess að afsalið bindi ekki niðja þeirra og þar með fellur arfur eftir arfleifanda beint til barnabarna. Sumir hafa fengið börn sín til að meðundirrita erfðaskrána því til samþykkis að arfleifandi ráðstafi arfi í bága við skylduerfðarétt þeirra.¹²¹ Áætla má að margir geri þetta ekki bara vegna þess að arfurinn nýtist barnabörnum þeirra kannski betur heldur einnig til að forða þeim frá því að þurfa jafnvel að greiða erfðaskattinn tvisvar af arfinum, þ.e. ef foreldrar þeirra hefðu tekið arf eftir arfleifanda og greitt erfðafjárskatt af honum, arfurinn hefði svo enn verið til er þeir féllu frá og þar með fengi barnabarnið arfinn, en þyrfti þá aftur að greiða erfðafjárskatt af honum. Með þessum hætti hleypur fólk aðeins yfir einn lið.

Eðlilegast verður þó að telja að arfleifandi hefði algerlega frjálssar hendur með það hverjum hann veitir arf eftir sig. Því ætti að gefa arfleifendum lausan tauminn varðandi það hvernig þeir ráðstafa arfi eftir sig. Eðlilegt væri kannski að maki og börn hefðu forgangsrétt til ákveðinna muna í eigu arfleifanda og þá helst persónulegra muna eða erfðagripa, nema arfleifandi ráðstafi slíkum munum sjálfur með gerð erfðaskrár.

Þar sem margir virðast vera mótfallnir þeirri takmörkun sem 35. gr. el. felur í sér, sbr. það að í 61 af þeim 404 erfðaskráum er rannsókn höfundar tók til voru fyrirmæli um að ef heimild manna til að ráðstafa bréfarfi yrði aukin, þá skyldi það gilda um bréfarf skv. erfðaskránni. Þetta hlutfall virðist kannski ekki mjög hátt en þegar litið er til þess að tæplega helmingur erfðaskráanna var gerður af aðilum sem ekki þurftu að sæta takmörkun

¹²⁰ Ármann Snævarr, *fyrirlestrar úr erfðarétti*, 1979: bls. 41

¹²¹ Sbr. rannsókn höfundar á efni erfðaskráa

35. gr. el. þar sem þeir áttu enga skylduerfingja þá er hlutfallið töluvert hærra, u.þ.b. þriðjungur þeirra sem áttu skylduerfingja og gerðu erfðaskrá á rannsóknar-tímabilinu, vildu hafa frjálssari hendur varðandi ráðstöfun arfs síns. Auk þess voru nokkrir sem fengu skylduerfingja til að meðundirrita erfðaskrána sem vott um að þeir samþykktu að arfleifandi færi út fyrir takmarkanir 35. gr. el. Aðrir fengu skylduerfingja til að afsala sér arfi svo að þeir hefðu frjálssari hendur með ráðstöfun hans.

Ef fólk vill komast hjá takmörkunum 35. gr. el. getur það veitt ákveðnum aðila fyrirframgreiddan arf, að því marki sem þeir vilja að hann hljóti arf. Því ef erfingi fær meira í fyrirframgreiddan arf heldur en honum bar við arfsskipti þá verður honum ekki gert að standa skil á mismuninum til dánarbúsins nema hann hafi sérstaklega skuldbundið sig til þess, þar af leiðandi er mögulegt að notast við fyrirframgreiddan arf til hagsbótar erfingja umfram þriðjungsheimild 35. gr.

Ef arfleifandi á fyrirtæki sem hann vill að ákveðinn erfingi taki við eftir sinn dag þá getur hann komið því svo fyrir að sá aðili fái fyrirtækið í sinn hlut eftir andlát sitt með því að gera hann að stjórnarmanni í fyrirtækinu þrátt fyrir að það sé í raun umfram heimild 35. gr. el.¹²²

Ýmsar leiðir eru mögulegar ef menn vilja hafa frjálssari hendur með það hver tekur arf eftir þá, því oft má finna einhverjar krókaleiðir til að ná settu marki, ef einbeittur vilji arfleifanda er að ráðstafa arfi með öðrum hætti en lög gera ráð fyrir. Fólk ætti þó ekki að þurfa að fara einhverja krókaleið til að ráðstafa eignum sínum eftir eigin höfði eftir andlátið heldur ætti mönnum að vera frjálst að ráðstafa arfi eftir sig eftir eigin höfði. Þannig að ef arfleifandi vill gera maka sinn að einkaerfingja, eða ráðstafa auknum arfi til ákveðins barns síns eða annars aðila, þá ætti honum að vera það heimilt. Því hvaða rétt eiga erfingjar í raun á því að öðlast eignarrétt yfir eignum annarra við andlát þeirra og hvers vegna eiga börn arfleifanda að eiga skýlausan rétt á arfshluta, sama hvert samband þess er eða hefur verið við arfleifanda?

B. Betri réttur sambýlismaka

Sambýlisfólk nýtur ekki lögerfðaréttar eftir hvort annað og ekki er hægt að gera rétt þeirra fyllilega sambærilegan og rétt hjúskaparmaka ef fólk á börn, líkt og nefnt hefur verið. Það er orðið löngu tímabært að bæta úr því með breytingu á erfðalögunum þar sem

¹²² Ármann Snævarr, *Erfðaréttur*, 1991: bls. 273

Óvígð sambúð er talsvert algengt sambúðarform hér á landi. Ýmsar ástæður geta verið fyrir því að fólk velur óvígða sambúð fram yfir hjúskap, t.d. vill fólk oft vera í óvígðri sambúð í einhvern tíma áður en það gengur í hjúskap, en aðrir velja óvígða sambúð einfaldlega fram yfir hjúskap, hvort sem það er af trúarlegum ástæðum eða öðru.

Sambýlisfólk á margt sameiginlegt með fólki í hjúskap. Samband og heimilishald sambúðarfólks er að jafnaði með sama hætti og tíðkast hjá þeim sem eru í hjúskap og ætti þeim því að vera mögulegt að tryggja stöðu hins langlífari með svipuðum hætti og ef um hjúskaparmaka væri að ræða. Óeðlilegt verður að teljast að fólk sé í raun skikkað til að ganga í hjúskap til að tryggja hag þess langlífari. Sambýlisfólki ætti að vera mögulegt að veita maka sínum betri rétt með erfðaskrá, en mögulegt er í dag. Sambýlisfólki ætti t.d. að vera mögulegt að veita því langlífara heimild til setu í óskiptu búi, líkt og um hjúskaparmaka væri að ræða.

Aukinn réttur sambýlismaka ætti að vera bundinn við gerð erfðaskrár, en ekki bundinn í lög. Telja má að margir búi í óvígðri sambúð í stað þess að ganga í hjónaband þar sem þeir vilji búa við séreignarskipulag svo að ef til skilnaðar kæmi í lifanda lífi þá yrði helmingaskiptareglu hjúskaparlaganna ekki beitt heldur myndi hvor aðili í raun ganga út með þær eignir sem hann kom með í búið. Þetta þýðir þó ekki að fólk vilji ekki að sambýlismakinn geti notið eigna þess eftir andlát, því það er eflaust vilji margra. Líkt og er þegar fólk gerir kaupmála þegar það gengur í hjónaband en kveður þó á um að um séreignir skuli fara sem hjúskapareignir eftir andlát. Möguleikinn á að gera sambýlismaka jafnréttáan hjúskaparmaka ætti að vera valkvæður og því aðeins bundinn við erfðaskrá, en ekki leiddur í lög. Þó ætla megi að margir vilji tryggja langlífari hjúskaparmaka betri rétt eftir andlát sitt þá gildir það eflaust ekki um alla. Telja má að einhverjir vilji að arfur eftir þá falli fremur til lögerfingja þeirra en til sambýlismaka, t.d. ef sambúð hefur aðeins varað í skamman tíma eða ef ekki hefur verið fjárhagsleg samstaða þeirra á milli.

C. Annað

Ýmislegt annað þyrfti að lagfæra varðandi möguleika erfðaskráa í erfðalöggjöfni, t.d. er ekki getið á um marga möguleika erfðaskráa í erfðalögunum sjálfum, svo sem með kvaðir á arfi sem snúa að því að gera arf að séreign eða gera hann undanþeginn aðför. Sama á

við um möguleikann á að mæla fyrir um að búskipti skuli vera opinber, skipan skiptastjóra, tilnefning rétthafa váttryggingar og fyrirmæli um framkvæmd erfðaréttar.

Ýmsa möguleika erfðaskráa þyrfti að útfæra betur, t.d. kvaðaarf. Setja þyrfti á fót stofnun sem tæki að sér vörslu kvaðaarfs eða að arfleifendur yrðu að skipa fjárhaldsmann til að fara með vörslur kvaðaarfs. Einnig þyrfti að setja reglur um það hvað sé til ráða ef ekki er farið að fyrirmælum arfleifanda við ráðstöfun arfs, t.d. ef arfi er ráðstafað til Landspítalans til styrktar tækjakaupa á krabbameinsdeild en í ljós kemur að arfinum var ráðstafað til kaupa á listaverkum til að prýða veggj spítalans. Þá þyrftu að vera til reglur um viðurlög við slíku, þ.e. hvort skila bæri arfinum eða annað slíkt og ef svo væri hver skyldi þá hljóta þann arf.

Einnig þarf að endurskoða hvort eðlilegt sé að leggja það á vitundarvotta að meta andlega heilsu arfleifanda, eðlilegra væri eflaust að arfleifendur myndu láta læknavottorð fylgja með erfðaskránni. Það er þó kannski frekar stíft formskilyrði og gæti fælt einhverja frá erfðaskrágerð, en það verður að teljast góð trygging fyrir gildi erfðaskrár og minnkar verulega líkur á véfengingu og þar með ógildingu, ef arfleifandi er kominn á efri ár. Þá ætti að vera auðveldara að sanna arfleiðsluhæfi arfleifanda fyrir dómi, þar sem læknir hefði þá hitt arfleifanda á þeim tíma er erfðaskrá var gerð og gæti því vottað um heilsu hans á þeim tíma, í stað þess að þurfa að gefa sér hvernig heilsa arfleifanda hefur verið við erfðaskrá út frá heilsufarsskýrslum.

Einnig mætti útfæra 42. gr. el. betur og taka út ákvæðið um að arfleiðsluvottar skuli geta heimilisfanga sinna svo ekki verði um villst, og setja inn í staðinn að þeir skuli undirrita arfleiðsluvottorðið með þeim hætti að ekki verði um villst hverjir það séu sem votta arfleiðsluna, t.d. með því að setja kennitölu sína aftan við nafn sitt. Jafnframt ætti að setja skýrari reglur um það hvaða atriði arfleiðsluvottorðs eru ófrávíkjanleg formsskilyrði og hver ekki. Það myndi eflaust fækka véfengingarmálum að einhverju leyti því sumir virðast véfengja erfðaskrá vegna smávægilegra formgalla, svo sem ef heimilisföng votta vantar eða annað álíka smávægilegt formsatriði, sbr. umfjöllun og dómareifanir í IV. kafla.

Frekari reglur mætti einnig setja varðandi setu í óskiptu búi, þ.e. að heimildin falli ekki einungis niður við nýjan hjúskap þess langlífari, heldur einnig ef hið langlífara tekur upp sambúð því það hefur eflaust svipuð áhrif á ógreiddan arf erfingja í hinu óskipta búi og ef hið langlífara hyggst ganga í hjúskap en þá verður að skipta búinu skv. 2. mgr. 13. gr. el. Þar sem erfitt getur verið að fylgjast með því hvort aðili sé í sambúð eður ei þá ætti

að heimila erfingjum að fara fram á skipti sér til handa ef hið langlífara tekur upp sambúð eftir lát hins skammlífari.

Fleiri ákvæði mættu einnig vera um ógildi erfðaskráa, ekki er t.d. fjallað um fölsun sem ógildingarmöguleika í erfðalögunum. Einnig mætti setja skýrari reglur um afturköllun erfðaskráa, það sama gildir um brostnar forsendur og almenna túlkun erfðaskráa, einnig ætti að taka aftur upp ákvæði 3. mgr. 29. gr. eldri erfðalaga nr. 42/1949, en þar sagði að ef arfleifandi skildi eftir sig fleiri en eina erfðaskrá, sem væru ósamrýmanlegar, þá gengi sú yngsta fyrir. Þessi regla gildir þó enn, þrátt fyrir að hún sé ekki í erfðalögunum, en telja má að betra sé að hún sé lögfest í erfðalögunum.¹²³

¹²³ Páll Sigurðsson, *Erfðaréttur*, 2007: bls. 368-369

Lokaorð

Áður en höfundur lagði í gerð þessarar ritgerðar vissi hann sitthvað um erfðaskrár og möguleika þeirra en langaði þó að kynna sér það betur og fékk gullið tækifæri til þess er Sýslumaðurinn á Akureyri veitti honum aðgang að erfðaskrám í hans vörslu. Áhugavert var að skoða hverju fólk vildi ná fram með gerð erfðaskrár og hve mikill munur var á stöðu fólks eftir því hvort það gerði sameiginlega eða gagnkvæma erfðaskrá eða hina hefðbundnu erfðaskrá einstaklings. Efni erfðaskráa var einnig mjög áhugavert og gaman hve efni þeirra var fjölbreytt og þá sérstaklega hjá einstaklingunum. Mjög gaman var einnig að sjá hve margar erfðaskrárnar voru vel út færðar.

Hinar ströngu formreglur erfðaskráa eru einnig mjög vel útfærðar og sanngjarnar og ættu að mati höfundar ekki að draga úr erfðaskrárgerð, þar sem þær eiga fyllilega rétt á sér og mættu jafnvel vera strangari í vissum tilfellum þar sem þær gegna því góða hlutverki að tryggja gildi erfðaskrár.

Varðandi möguleika erfðaskráa, þá kom á óvart hversu margir möguleikarnir voru í raun og einnig að þeirra skuli ekki allra vera getið í erfðalögunum sjálfum. Því erfðalögin ættu að hafa að geyma alla þá lögbundnu möguleika sem erfðaskrár hafa upp á að bjóða, s.s. þá möguleika að gera arf að séreign eða gera hann undanþeginn aðför og einnig möguleikann á skipan skiptastjóra og fleiri möguleika sem fyrirfinnast í öðrum lögum en erfðalögunum.

Þó möguleikar erfðaskráa séu margir þá mættu þeir vera fleiri og fólk ætti að hafa rýmri heimild til að skipta arfi eftir eigin höfði. Einnig þyrfti að útfæra marga möguleikana betur, sem og reglur um ógildingarheimildir og fleira. Það má þó vera ljóst að tímabært er að breyta erfðalögunum og veita fólki meira svigrúm til að hafa áhrif á arfsskipti eftir sig þar sem um er að ræða eigin eigur og því óeðlilegt að þær séu eyrnamerkta tilteknum skylduerfingjum og arfleifanda því ekki heimilt að ráðstafa þeim að vild eftir andlátíð.

Heimildaskrá

Ármann Snævarr, *Erfðaréttur*. (Reykjavík: Námssjóður Lögmannafélags Íslands, 1991)

Ármann Snævarr, *Fyrirlestrar í íslenskum erfðarétti I, (Frumdrög, handrit)*. (Reykjavík: 1979)

Björn Þ. Guðmundsson, *Formálabókin þín*. (Bókaútgáfan Örn og Örlygur, 1975)

Björn Þ. Guðmundsson, *Lögbókin þín*. (Bókaútgáfan Örn og Örlygur hf., 1989)

Guðrún erlendsdóttir, *Óvígð sambúð, samanburður á reglum um hjúskap og óvígða sambúð*. (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1988)

Guðrún Erlendsdóttir, „Réttarreglur um stöðu langlífari maka eða sambýlismanns við búskipti,“ (1986) 36:4 *Tímarit Lögfræðinga* 223-238

Gunnar G. Schram, *Lögfræðihandbókin, 3. útgáfa*. (Reykjavík: Bókaútgáfan Örn og Örlygur, 1974)

Gunnar Eydal og Þorgerður Benediktsdóttir, *Hagnýt lögfræði*. (Bókaútgáfan Örn og Örlygur, 1984)

Ingibjörg Bjarnadóttir, „Réttaröryggi meira í vígðri sambúð en óvígðri“ (1988) 7:4 *Vera: tímarit um konur og kvenfrelsi* 16-17

Íslenskar dómaskrár 1995, á sviði persónuréttar, hjúskapar- og sambúðarréttar, barnaréttar og barnaverndarréttar og erfðaréttar. Ármann Snævarr tók saman. (Reykjavík: Iðunn, 1996)

Páll Sigurðsson, *Erfðaréttur, yfirlit um meginefni erfðareglna*, 3. útgáfa. (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2007).

Páll Sigurðsson, *Samningaréttur*. (Reykjavík: Bókaútgáfan CODEX, 2004)

Páll Sigurðsson, *Skæðadrífa, safn stuttra greina um lög og samfélag*. (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2007)

Ólafur Jóhannesson, *Lög og réttur*, 3. útgáfa. (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1975)

Ragnar Halldór Hall, „Er ástæða til að breyta skylduerfðareglum?“ í ritstjórn ritnefndar, undir stjórn Pétur Kr. Hafstein, formanns ritnefndar, *Guðrúnarbók*, (Reykjavík: Hið íslenska Bókmenntafélag, 2006) bls. 387-392

Sigríður Logadóttir, *Lög á bók*. (Reykjavík: Mál og menning, 2005)

Þórir Örn Árnason, *Samningar og skjöl*. (Framtíðarsýn ehf., 1995)

Dómaskrá

H 1935:230	<i>bls. 6</i>	H 1989:1372	<i>bls. 18, 19, 46</i>
H 1959:681	<i>bls. 12, 54</i>	H 1991:570	<i>bls. 57</i>
H 1960:420	<i>bls. 16-17, 51, 54</i>	H 1992:2293	<i>bls. 38, 44</i>
H 1961:201	<i>bls. 52</i>	H 1993:1836	<i>bls. 18-19</i>
H 1969:469	<i>bls. 8, 10, 17-18, 19</i>	H 1994:2182	<i>bls. 32-33, 49, 51</i>
H 1976:197	<i>bls. 9-10, 14, 54</i>	H 1992:1926	<i>bls. 41</i>
H 1979:531	<i>bls. 34-35, 40-41, 44-45.</i>	H 1994:991	<i>bls. 20</i>
H 1983:381	<i>bls. 40, 43, 53, 71</i>	H 1996:1912	<i>bls. 17, 18, 21, 48, 55</i>
H 1983:582.....	<i>bls. 41-42</i>	H 1999:30	<i>bls. 16, 18, 19</i>
H 1986:958	<i>bls. 38</i>	H 2002:2351	<i>bls. 20</i>
H 1986:1626	<i>bls. 39-40, 59</i>	H 2004:1453	<i>bls. 33</i>
H 1987:1400	<i>bls. 11-12</i>	H 542/2007	<i>bls. 18, 21, 55</i>
H 1989:239	<i>bls. 8</i>		

Lagaskrá

Lög nr. 8/1962. Erfðalög

2. gr.	<i>bls. 22</i>
3. gr.	<i>bls. 22</i>
2. mgr. 3. gr.	<i>bls. 67</i>
3. mgr. 3. gr.	<i>bls. 67</i>
4. gr.	<i>bls. 22</i>
5. gr.	<i>bls. 22</i>
7. gr.	<i>bls. 27, 28</i>
1. mgr. 8. gr.	<i>bls. 27, 28</i>
2. mgr. 8. gr.	<i>bls. 27</i>
3. mgr. 8. gr.	<i>bls. 70</i>
9. gr.	<i>bls. 27, 73</i>
1. mgr. 11. gr.	<i>bls. 27</i>
13. gr.	<i>bls. 27, 28, 77</i>
14. gr.	<i>bls. 27</i>
1. mgr. 15. gr.	<i>bls. 27</i>
23. gr.	<i>bls. 42</i>
34. gr.	<i>bls. 7, 55</i>
2. mgr. 34. gr.	<i>bls. 7, 17, 20-21, 49-50, 55, 57-58</i>
35. gr.	<i>bls. 4-5, 17, 21, 23-24, 30-33, 41, 44-45, 65, 68, 70-71, 73-75</i>
1. mgr. 36. gr.	<i>bls. 34, 39</i>
2. mgr. 36. gr.	<i>bls. 33, 37, 68</i>
37. gr.	<i>bls. 58</i>
1. mgr. 37. gr.	<i>bls. 56-57</i>
2. mgr. 37. gr.	<i>bls. 56, 58</i>
38. gr.	<i>bls. 58-59</i>
39. gr.	<i>bls. 45-47, 69</i>
40. gr.	<i>bls. 12</i>
1. mgr. 40. gr.	<i>bls. 10-11</i>
41. gr.	<i>bls. 12-14</i>
42. gr.	<i>bls. 17-19, 21, 77</i>
1. mgr. 42. gr.	<i>bls. 17, 19</i>
2. mgr. 42. gr.	<i>bls. 17, 21</i>
3. mgr. 42. gr.	<i>bls. 17, 19</i>
43. gr.	<i>bls. 12, 18</i>
1. mgr. 43. gr.	<i>bls. 21</i>
44. gr.	<i>bls. 4, 11-12</i>
1. mgr. 45. gr.	<i>bls. 60</i>
2. mgr. 45. gr.	<i>bls. 21, 55, 60</i>
2. mgr. 46. gr.	<i>bls. 13</i>
47. gr.	<i>bls. 60</i>
1. mgr. 48. gr.	<i>bls. 9, 49</i>
2. mgr. 48. gr.	<i>bls. 6, 9, 50-51, 53</i>
49. gr.	<i>bls. 53</i>
1. mgr. 50. gr.	<i>bls. 36</i>
2. mgr. 50. gr.	<i>bls. 36</i>
3. mgr. 50. gr.	<i>bls. 35-36</i>
51. gr.	<i>bls. 35</i>
52. gr.	<i>bls. 34</i>
55. gr.	<i>bls. 22</i>
1. mgr. 55. gr.	<i>bls. 4</i>
60. gr.	<i>bls. 7-8</i>

Lög nr. 73/1972. Höfundalög

2. mgr. 31. gr.	<i>bls. 43</i>
----------------------	----------------

Lög nr. 29/1985 um breytingar á erfðalögum nr. 8/1962.

.....	<i>bls. 26, 72</i>
-------	--------------------

Lög nr. 48/1989 um breytingar á erfðalögum nr. 8/1962.

.....	<i>bls. 26, 72</i>
-------	--------------------

Lög nr. 86/1989 um lögbókandagerðir

3. mgr. 1. gr.	<i>bls. 15</i>
---------------------	----------------

Lög nr. 90/1989 um aðför

1. mgr. 50. gr.	<i>bls. 37</i>
----------------------	----------------

Lög nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o.fl.

33. gr.	<i>bls. 25</i>
1. mgr. 33. gr.	<i>bls. 31</i>
3. mgr. 33. gr.	<i>bls. 31</i>
1. mgr. 35. gr.	<i>bls. 25</i>
2. mgr. 35. gr.	<i>bls. 26</i>
1. tl. 1. mgr. 37. gr.	<i>bls. 42, 69</i>

Lög nr. 21/1991 um gjaldprotaskipti

1. mgr. 73. gr.	<i>bls. 38</i>
----------------------	----------------

Lög nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

5. gr.	<i>bls. 15</i>
-------------	----------------

Lög nr. 31/1993. Hjúskaparlög

12. gr.	<i>bls. 28</i>
75. gr.	<i>bls. 37</i>
77. gr.	<i>bls. 37</i>

Lög nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga

2. mgr. 102. gr.	<i>bls. 42</i>
-----------------------	----------------